EMIL ÞÓR GUÐMUNDSSON

Áhugi á BMX-hjólum að aukast aftur

heilsa heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

FASTEIGNIR

Glæsilegt einbýlishús með útsýni til Esju

Sérblað um fasteignir

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

HÍBÝLI

Draumaráðningar og dönsk áhrif

Sérblað um híbýli og svefnherbergi

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

13. maí 2008 — 128. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Stjörnur í ofurhetjustíl



Hin árlega veisla Costume Institute í Metropolitan-safninu var vel sótt af leikurum og fyrirsætum.

FÓLK 28

Stefnir á samstarf við grasrótina

Sigríður Snæbjörnsdóttir er fyrsti kvenformaður Krabbameinsfélags Íslands.

TÍMAMÓT 20

Eurobandið sigraði

Regína Ósk og Friðrik Ómar höfðu sigur á Retro-barnum í London.

FÓLK 28

Markasúpa í 1. umferð

Það voru óvænt úrslit og nóg af mörkum í fyrstu umferð Landsbankadeildar karla.

ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG

Hægviðri Í dag verður yfirleitt hæg, breytileg átt. Víða bjart veður á vesturhelmingi landsins, annars þungbúnara og sums staðar lítils háttar súld af og til. Hiti 10-18 stig, hlýjast inn til landsins.

VEÐUR 4

Langt í land að vistvæn markmið náist

Markmið um að tíu prósent bíla í eigu ríkisins verði knúin vistvænu eldsneyti fyrir lok árs 2008 mun ekki nást. Aðeins 1,5 prósent flotans eru umhverfisvæn.

UMHVERFISMÁL Aðeins rúmt eitt prósent af bílum í eigu ríkisins og ríkisfyrirtækja er knúið vistvænum orkugjöfum, þrátt fyrir rúmlega árs gömul markmið um að tíundi hver bíll í eigu ríkisins verði vistvænn fyrir lok árs 2008.

Ríkið og fyrirtæki í eigu ríkisins eiga eða eru með á rekstrarleigu samtals um 1.500 bíla. Af þeim eru aðeins 22 annað hvort knúnir af vistvænum orkugjöfum eða eru svokallaðir tvinnbílar. Hlutfallið er um 1,5 prósent.

Í mars 2007 setti ríkisstjórnin þau markmið að í lok árs 2008 yrðu tíu prósent af bifreiðum í eigu ríkisins knúin vistvænum orkugjöfum, tuttugu prósent í lok árs 2010 og 35 prósent í lok árs 2012.

Pósturinn, fyrirtæki í eigu ríkisins, sker sig frá stofnunum og öðrum ríkisfyrirtækjum. Af 126 bílum Póstsins eru tíu vistvænir, eða um átta prósent.

Miðað við tölur um endurnýjun bílaflotans þurfa allir bílar sem ríkisstofnanir kaupa það sem eftir er árs að vera knúnir vistvænum orkugjöfum, eigi markmið ársins 2008 að nást. Augljóst er að það mun ekki gerast.

„Það er því miður allt of algengt að ríkisstjórnin leggi upp með háleit markmið, ekki síst í loftslagsmálum, en svo reynist lítil innistæða þegar til aðgerða kemur," segir Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

„Það þarf mikið að breytast ef stjórnvöldum á að takast að standa við boðaða stefnu sína um að draga saman losun sína um 25 til fjörutíu prósent fyrir 2020," segir hann, og lýsir eftir aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í þeim efnum.

„Hér benda allar línur í þveröfuga átt, þannig jókst til dæmis losun vegna samgangna um sautján prósent á milli áranna 2005 og 2006. Stjórnvöld þurfa að taka sér tak, það er komið nóg af hátíðarræðum, nú þarf aðgerðir," segir Bergur.

„Eitt er að setja sér markmið og annað er að ná þeim," segir Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa. Hann segir margt spila inn í við kaup ríkisins á bílum. Stærsta hindrunin sé þó sú að bílar knúnir vistvænu eldsneyti séu svo gott sem bundnir við höfuðborgarsvæðið þar sem aðeins sé hægt að fá eldsneyti á þá í Reykjavík.

„Þó svo að vilji manna kunni að standa til þess að kaupa þessa vöru er ekki þar með sagt að það sé praktískt enn sem komið er," segir Júlíus. - bj

Í RÚSTUM HÚSANNA Í DUJIANGYAN Íbúar leituðu að eignum sínum í rústum húsa í borginni Dujiangyan í von um að finna eitthvað heillegt. Þar í borg hrundi meðal annars skólabygging og grófust hundruð barna undir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Jarðskjálfti í Kína mældist 7,9 stig og varð líklega tugum þúsunda að bana:

Hersveitir sendar til hjálpar

KÍNA, AP Tuttugu þúsund hermenn, lögreglumenn og varaliðsmenn voru sendir til jarðskjálftasvæðanna í Cichuan í Kína í gær til að veita fólki aðstoð. Sumir þurftu að fara gangandi vegna þess að vegir voru ófærir.

Óttast er að tugir þúsunda hafi farist í jarðskjálftanum sem varð skömmu eftir hádegið að staðartíma, þegar skólar og skrifstofuturnar voru fullir af fólki. Tvær skólabyggingar og eitt sjúkrahús hrundu. Einnig hrundi efnaverksmiðja og sluppu þar áttatíu tonn af fljótandi ammóníaki út í umhverfið.

Upptök skjálftans, sem mældist 7,9 stig, voru í sveitarfélaginu Wenchan, sem er rúmlega níutíu kílómetra norður af héraðshöfuðborginni Chengdu. Jarðskjálftinn er sá mannskæðasti sem orðið hefur í Kína síðan 1976 þegar 240 þúsund manns fórust. - gb

TAKK FYRIR STÓRLEIKINN Talant Dujshebaev, þjálfari Ciudad Real, faðmar hetjuna sína í leikslok. NORDICPHOTOS/AFP

Nýkrýndur Evrópumeistari:

Ólafur týndi farsímanum

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson átti frábæran leik þegar Ciudad Real vann Meistaradeild Evrópu á sunnudaginn. Hann skoraði tólf mörk og varð markahæsti maður Meistaradeildarinnar í vetur.

Í öllum látunum eftir leik týndi Ólafur símanum og hann vildi koma því áleiðis til allra sem vildu reyna að ná í hann. „Ég gleymdi gemsanum mínum í vélinni og er því í tómu tjóni. Ég vil endilega koma því áleiðis til fólks að vera ekki að hringja í gemsann minn því það er ekki það að ég vilji ekki svara. Ég hef ekki náð í neinn og öll símanúmerin eru í þessum síma þannig að ég er bara einn að reyna að vera glaður," sagði Ólafur í léttum tón þegar Fréttablaðið náði loksins í kappann. - óój

Bít-hátíð á Eiðum á næsta ári:

Hollywood-stjörnum boðið

FÓLK Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson hefur í hyggju að taka upp heimildarmynd um íslenska bít-hátíð sem er fyrirhuguð á Eiðum í júní á næsta ári. Hugsanlegir gestir verða leikararnir Johnny Depp, Ethan Hawke og Mickey Rourke.

Rithöfundurinn Ólafur Gunnarsson hélt litla bít-hátíð á heimili sínu á dögunum sem heppnaðist með eindæmum vel og vonast hann til að hátíðin á Eiðum verði ennþá stærri og skemmtilegri.

- fb/ sjá síðu 38

SPURNING DAGSINS

Willum, hefðuð þið ekki þurft á varnarliðinu að halda?

„Jú, það er víst ekki á það að treysta lengur."

Willum Þór Þórsson er þjálfari karlaliðs Vals í knattspyrnu sem fór til Keflavíkur á laugardag og tapaði 5-3. Varnarliðið var í Keflavík til haustsins 2006.

Olía lak úr skipinu Medemborg við höfn í Reykjavík í gærmorgun:

Þrifu olíubrák fram á nótt

LÖGREGLUMÁL Olía lak úr skipinu Medemborg, sem er við festar við Vogabakka í Holtagörðum, fyrir hádegi í gær. Slökkvilið var kallað á staðinn til að hreinsa sjóinn og stöðva frekari útbreiðslu olíunnar.

Slökkviliðsmenn settu út flotgirðingu í kringum olíublettinn og voru þrír sérútbúnir bílar fengnir á staðinn til að sjúga olíuna upp. Átta slökkviliðsmenn voru enn við störf þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöldi og sagði vaktstjóri slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu að þrifnaðurinn stæði fram á nótt.

- sgj

BRÁKIN HREINSUÐ Slökkviliðsmenn hreinsuðu olíuna úr sjónum fram á nótt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pólverjar opna sendiráð:

Leita húsnæðis í Reykjavík

UTANRÍKISMÁL Pólska ríkið hyggst opna sendiráð hér á landi á næstunni. Þetta staðfestir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra. Hún segir utanríkisráðuneytið ekki hafa upplýsingar um hvenær af opnuninni verði.

Heimildir Fréttablaðsins herma að leit að hentugu húsnæði í Reykjavík sé hafin. Gangi leitin að óskum sé líklegt að sendiráðið verði opnað fyrir lok árs.

Sendiherra Póllands í Noregi hefur hingað til einnig verið sendiherra gagnvart Íslandi. Í byrjun árs voru um 8.500 Pólverjar búsettir hér á landi. **- bj**

REYKJANESBRAUT Sólarhringseftirlit á Reykjanesbraut kostar fjörutíu milljónir á ári.

Löggæsla á Reykjanesbraut:

Myndi kosta 40 milljónir á ári

ALÞINGI Sólarhringseftirlit lögreglu á Reykjanesbraut myndi kosta um 800 þúsund krónur á viku, eða um fjörutíu milljónir á ári.

Í svari dómsmálaráðherra við fyrirspurn Guðnýjar Hrundar Karlsdóttur, varaþingmanns Samfylkingarinnar, er miðað við að einn lögreglumaður vakti veginn á virkum dögum en tveir um helgar.

Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum mat kostnaðinn fyrir ráðuneytið.

Guðný bar fram fyrirspurn sína í kjölfar tíðra slysa á Reykjanesbraut. **- bþs**

LÖGEGLUFRÉTTIR

Með kókaín og amfetamín

Ökumaður sem tekinn var fyrir of hraðan akstur skammt hjá Blönduósi um klukkan fjögur í fyrradag reyndist vera með á annað hundrað grömm af kókaíni og amfetamíni í bílnum. Hann var einnig réttindalaus. Fíkniefnahundurinn Freyja sem nýlega er kominn úr þjálfun hjá ríkislögreglustjóra þefaði efnin uppi.

Á 150 upp Kambana

Ökumaður bifreiðar var stöðvaður á 150 kílómetra hraða á leið upp Kambana í gær. Hann má eiga von á mánaðarsviptingu ökuleyfis, 130 þúsund króna sekt og fjórum punktum í ökuferilsskrá.

Segir þykjustuleik um eftirlaunafrumvarp

Formaður Frjálslynda flokks segir það „þykjustuleik" hjá stjórnarflokkunum að ræða um frumvarp um breytingar á lögum um eftirlaun æðstu embættismanna rétt fyrir þinglok. Fjórða tilraunin sem gerð er til að breyta löggjöfinni.

STJÓRNMÁL „Það stendur ekkert til að ná þessu frumvarpi fram fyrir þinglok," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, varðandi frumvarp um breytingar á lögum um eftirlaun æðstu embættismanna. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingar, hefur sagt hefur sagt að slíkt frumvarp sé í bígerð. Vonast hún til að það verði afgreitt fyrir þinglok.

Tvö frumvörp hafa verið lögð fram um breytingar á þessum lögum. Valgerður Bjarnadóttir flutti slíkt frumvarp fyrr á þessu þingi og er það nú hjá allsherjarnefnd. Á síðasta þingi fluttu Margrét Frímannsdóttir og Jóhann Sigurðardóttir sams konar frumvarp.

Hugmyndir um breytingar í fyrirhuguðu frumvarpi hafa hvorki verið bornar undir þingflokka stjórnarflokkanna né formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar. „Ég minni á að Halldór Ásgrímsson reyndi að ná samstöðu um þetta mál á vordögum 2006," segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. „Þá strandaði það á andstöðu sjálfstæðismanna. Það væri fróðlegt að vita hvað hefur breyst þar á bæ ef þetta á að ganga eftir nú." Þá var leitað eftir áliti lögmanna og töldu þeir ekki mögulegt að breytingarnar næðu til þeirra sem þegar njóta eða hefðu áunnið sér réttindi samkvæmt lögunum frá 2003. Það myndi stangast á ákvæði stjórnarskrárnar um eignarrétt.

Guðjón Arnar segir að þetta mál sé iðuleg borið upp skömmu fyrir þinglok. „Þetta er einhvers konar þykjustuleikur," segir hann. „Svona vinnubrögð eru ekki boðleg. Við þingmenn ættum ekki að bera kviðboga fyrir því að ræða kjör okkar fyrir opnum tjöldum. Það er reyndar svo að kjör almennra þingmanna skertust lítillega við þessa lagasetningu."

Lúðvík Bergvinsson, formaður þingflokks Samfylkingarinnar, segist vongóður um að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi. „Þessi gallaða löggjöf hefur veitt forréttindi og þau forréttindi njóta tiltekinnar verndar," segir hann. „En það er miklu betra að afnema vond lög en halda áfram að byggja upp forréttindi sem njóti lögverndar." Aðspurður hvort ekki sé bagalegt að gölluð löggjöf hafi fengið að standa í fimm ár segir hann að Samfylkingin hafi heldur betur lagt sitt af mörkum til að breyta henni. **jse@frettabladid.is**

GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON Formaður Frjálslynda flokksins kallar það „þykjustuleik" að koma fram með frumvarp um breytingar á lögum um eftirlaun æðstu embættismanna nú því í raun standi ekki til að afgreiða það fyrir þinglok. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EFTIRLAUNALÖG EMBÆTTISMANNA

- Lögin voru samþykkt 2003. Aldursmörk voru færð niður svo að í vissum tilfellum gætu þingmenn og ráðherrar fengið eftirlaun 55 ára gamlir.
- Það hefur sætt gagnrýni að fyrrverandi þingmenn og ráðherrar sem starfa á öðrum vettvangi, jafnvel hjá ríkinu, geti einnig þegið eftirlaun.
- Skiptar meiningar eru um það hvort hægt sé með nýjum lögum að svipta þá réttindum sem þeir hafa áunnið sér samkvæmt þessum lögum.
- Þingmenn hafa bent á að kjör almennra þingmanna hafi ekki verið bætt með þessari lagabreytingu.

BÍÐA KURLARANS Trén voru kurluð á staðnum. Þau voru gróðursett árið 1959. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Trén við Heilsuverndarstöð:

Felldu fimmtíu ára gömul tré

UMHVERFISMÁL Tæplega fimmtíu ára gömul tré við Heilsuverndarstöðina við Barónsstíg voru höggvin um helgina. Þorsteinn Steingrímsson, eigandi hússins, segir um andlitslyftingu að ræða.

„Tré hafa sinn lífaldur eins og menn og þessi voru orðin gömul og lúin, enda lítið verið sinnt. Við erum að endurskipuleggja lóðina og munum klæða húsið í fegurri búning með aðstoð fagfólks."

Þórólfur Jónsson, garðyrkjustjóri Reykjavíkur, staðfestir að Þorsteinn hafi leitað til sín áður en trén voru höggvin. Þau hafi hvorki verið yfir átta metrar á hæð né eldri en sextíu ára og því ekkert til fyrirstöðu að höggva þau. - kóp

Utanríkisráðherra:

Varnarsamstarf við Breta eflt

UTANRÍKISMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra undirritaði samkomulag um samstarf Bretlands og Íslands ásamt Jim Murphy, ráðherra samskipta við Evrópu, í Bretlandi í gær.

Samið var um aukið upplýsingaflæði og árlega samráðsfundi um hagsmunamál á Norður-Atlantshafi. Einnig verður kannað hvort hefja eigi samstarf um menntun og þjálfun á sviði löggæslu, leitar og björgunar á sjó auk hryðjuverkavarna. **- sgj**

HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ
LYFJAVER APÓTEK
Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005
Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:
Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð
SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS
HUGSTOK FEB 08

Meistarakokkur hélt matreiðslunámskeið á meðferðargangi Litla-Hrauns:

Fangar elda fisk og rækta kryddjurtir

FANGELSISMÁL „Þeir sögðust fá að vilja læra eitthvað heilsusamlegt og gott," segir Úlfar Finnbjörnsson matreiðslumeistari, sem nýlega hélt matreiðslunámskeið fyrir fanga á meðferðargangi Litla-Hrauns.

Úlfar segist því hafa lagt upp með að kenna þeim helstu tökin í matreiðslu á fiski. Þá hafði Úlfar heyrt að fangana langaði til að læra að rækta kryddjurtir þannig að hann mætti með fræ og jurtir sem þegar voru farnar að vaxa og tóku fangarnir að sér að sjá um framhaldið.

Úlfar lætur sérlega vel af vistinni á meðferðarganginum og íbúum hans. „Það var svo mikil jákvæðni þarna og augljóst að góðar breytingar hafa orðið þarna inni með tilkomu Margrétar Frímannsdóttur og fleira nýs fólks," segir hann.

Páll Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, segir að í næstu viku verið föngum á öðrum gangi sem einnig sjá alfarið um eldamennskuna boðið upp á eins námskeið. „Eitt af meginatriðum betrunar fanga er að þeir læri grunnatriði í mannlegri færni. Því er mikilvægt að þeir eldi sjálfir, þrífi og sjái að miklu leyti um sig sjálfir. Með því eru meiri líkur á að þeir standi betur að vígi er afplánun lýkur," segir Páll.

Meðal þeirra rétta sem Úlfar segist hafa kennt föngum að útbúa eru hinir ýmsu útfærslur af matreiðslu þar sem hundasúra leikur stórt hlutverk. Súran sé vannýtt góðgæti úr íslenskri náttúru. **- kdk**

KENNIR FÖNGUM RÉTTU TÖKIN Úlfar Finnbjörnsson matreiðslumeistari kenndi föngum að elda einfalda og holla rétti á meðferðargangi Litla-Hrauns. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hringdu frítt í alla hjá Nova!

0 kr.
Nova í Nova
Símtöl, myndsímtöl, SMS og MMS milli viðskiptavina Nova kosta ekki krónu!

Hjá Nova fylgja 1.000 mínútur í símtöl/myndsímtöl og 500 SMS/MMS á mánuði í áskrift og frelsi. Skiptu yfir til Nova og taktu vini þína með þér!

NOKIA
6120

0 kr. útborgun

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Sony Ericsson
K660i

0 kr. útborgun

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

SAMSUNG
L760

0 kr. útborgun

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

Þú getur flutt símanúmerið þitt með þér til Nova!
Tilboðin gilda bæði í áskrift og frelsi.

2000 kr.
notkun á mánuði
í 12 mánuði
fylgir öllum síma-tilboðum hjá Nova!

NOVA

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Nova | Verslanir Lágmúla, Smáralind og Kringlunni | Þjónustuver 519 1919 www.nova.is

Greiðslumáti: Mánaðarleg 2.000 kr. afborgun í 12 mánuði greidd með kreditkorti. Greiðsludreifingargjald 150 kr./mán. Fullt verð - Þá þarf ekki kreditkort.

DAGUR & STEINI

GENGIÐ 09.05.2008

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	78,95	79,33
Sterlingspund	153,92	154,66
Evra	122,06	122,74
Dönsk króna	16,357	16,453
Norsk króna	15,53	15,622
Sænsk króna	13,123	13,199
Japanskt jen	0,767	0,7714
SDR	127,91	128,67

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
158,011

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Enn er óljóst hvort hjálpargögn til Búrma komast þangað sem þörfin er brýnust:

Ban harðorður í garð Búrma

BÚRMA, AP Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, fór hörðum orðum um herforingjastjórnina í Búrma í gær og sagði hana hafa brugðist allt of seint við til að hjálpa fórnarlömbum eftir fellibylinn Nargis, sem reið yfir 3. maí síðastliðinn.

Hann sagði Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna þurfa að taka afstöðu til þess hvort þvinga ætti stjórnina í Búrma til þess að þiggja meiri aðstoð handa fólkinu.

„Ég vil leggja áherslu á þetta af mannúðarástæðum eingöngu," sagði Ban. „Það má alls engan tíma missa lengur."

Hann sagði leiðtoga Búrma hvorki hafa svarað símhringingum né bréfum frá sér, þar sem hann fór fram á að þeir sýndu Sameinuðu þjóðunum og öðrum hjálparstofnunum meiri samvinnu.

Í gær hleypti Búrmastjórn í fyrsta sinn inn í landið bandarískri flugvél með hjápargögn. Bandarísk stjórnvöld sögðust þó í gær hafa miklar áhyggjur af því hvort sú aðstoð kæmist til skila til þeirra sem helst þyrftu á að halda.

Talið er að nærri tvær milljónir manna hafi orðið illa úti. Við mörgum þeirra blasir hungurdauði og mikil hætta stafar einnig af smitsjúkdómum. - gb

Á HAMFARASVÆÐUNUM Íbúi í suðvesturhluta Búrma vinnur að því að endurreisa húsið sitt, sem gjöreyðilagðist þegar fellibylurinn Nargis fór þar yfir.
NORDICPHOTOS/AFP

Verð á fólinsýru rangt:

Of hátt hámarksverð

NEYTENDUR Rangt hámarksverð var skráð í lyfjaverðskrá Lyfjagreiðslunefndar á fólínsýru. Lyfið er frá Actavis og var hámarksverð skráð 973 krónur í stað 630 króna. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna.

Þar kemur fram að um mannleg mistök hafi verið að ræða og þeir sem keypt hafi lyfið á tímabilinu 1. janúar til 30. apríl síðastliðinn geti fengið mismunin endurgreiddan fyrir lok þessa mánaðar, í viðkomandi verslun.

Þriggja mánaða skammtur kostaði 2.919 krónur en átti að kosta 1.890. - kóp

Bæjarstarfsmenn í Árborg:

Ekki sendir á Blátt áfram námskeið

SVEITARSTJÓRNIR **Meirihluti bæjarráðs Árborgar felldi tillögu minnihluta sjálfstæðismanna um að kosta tvo starfsmenn frá fjölskyldumiðstöð á leiðbeinendanámskeið hjá samtökunum Blátt áfram.**

ÞORVALDUR GUÐMUNDSSON

Um er að ræða námskeiðið „Verndari barna" sem sagt hefur verið frá í Fréttablaðinu og ætlað er að fræða um hvernig eigi að fyrirbyggja, þekkja og bregðast við kynferðislegri misnotkun gegn börnum eða fylgja eftir grun um slíkt ofbeldi.

Þorvaldur Guðmundsson, formaður bæjarráðs, sagði meirihlutann telja að stjórnendur í sveitarfélaginu ættu að ákveða hvaða námskeið starfsmenn væru sendir á. - gar

Bæjarstjórn Grundarfjarðar:

Ferjusiglingar verði óbreyttar

SAMGÖNGUR Bæjarstjórn Grundarfjarðar hefur skorað á Kristján L. Möller samgönguráðherra að endurskoða áform um minni fjárstuðning við ferjusiglingar við Breiðafjörð.

„Góðar samgöngur yfir Breiðafjörð eru mikilvægar fyrir atvinnulíf á Snæfellsnesi og starfsemi framhaldsdeildar Fjölbrautaskóla Snæfellinga á Patreksfirði. Meðan ekki eru nægilega góðar og öruggar samgöngur á landi er mikilvægt að stuðningur við ferjusiglingar verði ekki skertur," segir í ályktun bæjarstjórnar Grundarfjarðar. - gar

Skólar og sjúkrahús hrundu

Óttast er að tugir þúsunda hafi farist í jarðskjálftanum sem varð í Kína í gær. Tvær skólabyggingar og eitt sjúkrahús hrundu. Einnig hrundi efnaverksmiðja og slapp þar fljótandi ammóníak út í umhverfið.

KÍNA, AP Síðdegis í gær var tala látinna á jarðskjálftasvæðunum í Kína komin upp í nærri níu þúsund, en óttast var að tugir þúsunda hefðu farist. Jarðskjálftinn mældist 7,9 stig á Richter-kvarða og er með þeim stærstu sem orðið hafa í Kína.

Jarðskjálftinn varð um klukkan 14.30 að staðartíma, þegar skólar og skrifstofuturnar voru fullir af fólki. Upptökin voru í sveitarfélaginu Wenchan, sem er rúmlega níutíu kílómetra norður af héraðshöfuðborginni Chengdu.

Fólk flúði út úr húsum og hélt sig úti við langt fram á nótt af ótta við eftirskjálfta. Sjúklingar voru meira að segja fluttir út úr sjúkrahúsum og látnir bíða á gangstéttum. Byggingar í höfuðborginni Peking voru rýmdar og skjálftinn fannst alla leið til Víetnam.

Meðal annars eyðilagðist efnaverksmiðja í borginni Shifang. Hundruð manna urðu þar undir í rústum verksmiðjunnar og áttatíu tonn af fljótandi ammóníaki sluppu út í umhverfið.

Í borginni Dujiangyan hrundi sjúkrahús og í bænum Juyuan, sem er skammt frá Dujiangyan, hrundi framhaldsskólabygging og grófust þar um 900 nemendur undir.

Jarðskjálftinn er sá mannskæðasti sem orðið hefur í Kína síðan 1976 þegar 240 þúsund manns fórust. Sá skjálfti olli mestu tjóni í borginni Tangshan, skammt frá Peking.

Mesta skjálftasvæðið er á Sichuan-sléttunni norður af fjallahéruðum Tíbets. Þarna skammt frá var töluvert um átök um miðjan mars síðastliðinn þegar Tíbetar efndu til mótmæla.

Síðan þá hafa erlendir fjölmiðlar og erlendir ferðamenn varla mátt stíga fæti inn á svæðið, sem hefur orðið til þess að enn erfiðara er að fá fréttir af áhrifum jarðskjálftans.

Meginhluta dagsins í gær var rafmagnslaust víða á svæðinu og símasamband lá niðri. Flugvellinum í Chengdu var lokað í sjö klukkustundir og helsta járnbrautarleiðin til norðausturs var einnig lokuð.

Wen Jibao forsætisráðherra fór strax fáeinum klukkustundum eftir skjálftann til Sichuan-héraðs til að fylgjast með hjálparstarfi. Í sjónvarpi sagði hann að þetta yrði mjög erfitt verkefni.

gudsteinn@frettabladid.is

SJÚKRARÚMIN KOMIN ÚT Á GÖTU Í borginni Chengdu voru sjúklingar á sjúkrahúsi fluttir í snatri út á götu eftir að skjálftinn mikli reið yfir.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

FÓLK FLÚÐI ÚT Á GÖTUR OG BEIÐ ÞAR

„Umferðarteppur, ekkert vatn í krönum, rafmagnslaust, allir sitja úti á götu, sjúkrahús rýmd og sjúklingar sitja og bíða úti á götu." Svona lýsti ísraelskur nemandi, Ronen Medzini, ástandinu í Chengdu þar sem hann er við nám.

„Við getum ekki farið að sofa. Við erum hrædd við jarðskjálfta. Við erum hrædd við allan hristinginn," sagði 52 ára verkakona, Huang Ju, sem náði í aldraða móður sína á sjúkrahús í Jinjiang.

Hún sat fyrir utan sjúkrahúsið í hjólastól með teppi ofan á sér, en móðir hennar svaf við hliðina á henni í sjúkrarúmi, illa haldin.

Þegar jarðskjálftinn reið yfir flýtti fólk sér út á götur. Allt hristist í um það bil þrjár mínútur.

„Maður þurfti að halda sér í eitthvað til að detta ekki. Skjálftinn stóð svo lengi og var svo öflugur að maður velti því fyrir sér hve lengi byggingin gæti staðist þetta."

VEÐURSPÁ

Sigurður Þ. Ragnarsson Veðurfræðingur

RÓLEGHEIT FRAM UNDAN

Í dag og næstu daga er ekki annað að sjá en rólegt veður verði víða um land. Í dag verður víðast hægviri. Á morgun verður heldur ákveðnari vindur og þá af vestri. Á fimmtudag andar hann hægum norðan andvara. Þá kólnar aðeins á landinu, einkum norðan til.



Á MORGUN Yfirleitt hæg vestlæg átt.

FIMMTUDAGUR Hæg norðlæg eða breytileg átt.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	15°
Billund	16°
Ósló	21°
Stokkhólmur	15°
Gautaborg	17°
London	22°
París	25°
Frankfurt	25°
Friedrichshafen	26°
Berlín	20°
Alicante	23°
Mallorca	24°
Basel	26°
Eindhoven	24°
Las Palmas	23°
New York	21°
Orlando	29°
San Francisco	22°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

ÉG, LÝÐUR ODDSSON ER ORÐINN 40 ÁRA

ÖLLUM SEM VILJA SAMGLEÐJAST MÉR ER BENT Á AÐ NÚ ER HÆGT AÐ VELJA TÖLUNA 40 SEM LOTTÓTÖLU

Nú hafa tvær tölur bæst við Lottóið. Meiri spenna og möguleiki á hærri vinningum. Veldu happa-tölurnar þínar á bilinu 1-40. Fyrsti útdráttur er 17. maí. Lottó 5/40. Töluvert meira fjör!

Lottó

Taktu Lottó í áskrift! **lotto.is** **580 2500** **Sölustaðir**

KJÖRKASSINN

Ætlarðu á völlinn í sumar?

Já	30,8%
Nei	69,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Er nýfallinn dómur í Byrgismálinu sanngjarn?

Segðu skoðun þína á visir.is

Hópur fólks kærir Actavis vegna gallaðs hjartalyfs sem selt var í Bandaríkjunum:

Hópmálsókn vofir yfir Actavis

DÓMSMÁL Hópur Bandaríkjamanna sem neyttu hjartalyfsins Digitek, sem íslenska lyfjafyrirtækið Actavis framleiðir, lagði á föstudag fram kæru á hendur fyrirtækinu. Actavis kallaði lyfið inn 25. apríl vegna gruns um að sumar töflurnar væru tvöfalt þykkari og sterkari en þær ættu að vera.

Kæran beinist að lyfjafyrirtækinu Mylan og dótturfélagi þess UDL Laboratories, auk Actavis, að því er fram kemur á vef Wall Street Journal. Stefnendur krefjast bóta vegna meints skaða og eftirliti vegna hættu á veikindum í framtíðinni.

Ein tvöföld tafla fannst í innra eftirliti Actavis, að sögn Hjördísar Árnadóttur, upplýsingafulltrúa Actavis. Ákveðið hafi verið að innkalla allt upplagið af Digitek. „Við settum strax upp þjónustunúmer sem leiðbeinir fólki hvernig það eigi að skila töflunum og tekur niður upplýsingar," segir Hjördís.

ACTAVIS Hjartalyfið Digitek hefur verið innkallað í Bandaríkjunum.

Ofneysla á Digitek getur leitt til nýrnabilana, ógleði, lágs blóðþrýstings, hægs hjartsláttar og jafnvel dauða. Bandaríska matvæla- og lyfjaeftirlitið hefur fengið tilkynningar um veikindi og slys vegna neyslu lyfsins.

Actavis fékk ellefu tilkynningar frá sjúklingum um veikindi eða slys vegna lyfsins á síðasta ári, en telja ekki að þau tilvik tengist innkölluninni.

Lyfið er ekki selt á Íslandi.

- sgj

Formaður Landverndar:

Þurfum betri kynningu

UMHVERFISMÁL Björgólfur Thorsteinsson, formaður Landverndar, telur að skoða þurfi vandlega fyrirhugaðar framkvæmdir í Þúfuveri og hugsanleg áhrif þeirra á Þjórsárver ef til hamfaraflóðs komi. Lágmarka þurfi skemmdir á svæðinu. Auður landsmanna felist ekki bara í mannvirkjum heldur líka í náttúrunni sjálfri, ekki síst í Þjórsárverum. Það þurfi að hafa í huga.

„Mér finnst þurfa betri kynningu á því hvað stendur til þarna, ekki bara hjá sveitarstjórnum heldur líka gagnvart öllum landsmönnum," segir hann. - ghs

Geir svari fyrir ólögmæta einkavæðingu

Geir Haarde þarf að svara fyrir einkavæðingu Íslenskra aðalverktaka, að mati þingmanns VG. Hæstiréttur úrskurðaði á fimmtudag að einkavæðing á hlut ríkisins í ÍAV hefði verið ólögmæt. Hæsta tilboði í hlutinn var ekki tekið.

STJÓRNMÁL „Það er háalvarlegt að einkavæðingin hafi verið dæmd ólögmæt," segir Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna. Hæstiréttur úrskurðaði á fimmtudag að einkavæðing á 39,86 prósenta hlut ríkisins í Íslenskum aðalverktökum hf. (ÍAV) árið 2003 hefði verið ólögmæt.

Jón hefur óskað eftir utandagskrárumræðu á Alþingi vegna málsins og krefur Geir Haarde forsætisráðherra um svör. Geir var fjármálaráðherra þegar gengið var frá sölunni, en með honum í ráðherranefnd um einkavæðingu voru Davíð Oddsson, Halldór Ásgrímsson og Valgerður Sverrisdóttir.

JÓN BJARNASON

Jón segir fjórmenningana bera ábyrgð á sölunni. „Þetta er vettvangur æðstu manna ríkisstjórnarinnar sem framkvæmir þennan gjörning á ólögmætan hátt," segir Jón. „Þau afhentu eignirnar vinum sínum. Þarna var greinilega verið að hygla ákveðnum kaupendum."

JB Byggingafélag ehf. (JBB) og Trésmiðja Snorra Hjaltasonar ehf. (TSH) kærðu framkvæmd sölunnar, en þau buðu sameiginlega í hlutinn. Þrjú önnur fyrirtæki buðu einnig, Jarðboranir hf., Joco ehf. og EAV ehf. og var tilboði þess síðastnefnda tekið. Forsvarsmenn EAV voru stjórnendur og starfsmenn ÍAV. Stefnendur vildu meina að EAV hefði haft ósanngjarnt forskot vegna þessa.

ÍSLENSKIR AÐALVERKTAKAR Hæstiréttur hefur úrskurðað sölu á hlut ríkisins í ÍAV árið 2003 ólögmætan.

JBB og TSH kröfðust skaðabóta vegna kostnaðar við þátttöku í útboðinu og tapaðs kostnaðar af því að tilboði þeirra var ekki tekið. Hæstiréttur hafnaði þeirri kröfu á þeim forsendum að enginn möguleiki hefði verið á að tilboði þeirra yrði tekið.

Tveir dómskvaddir matsmenn, sem kallaðir voru til eftir að málinu var áfrýjað, komust að þeirri niðurstöðu að tilboð Jarðborana hefði verið hæst. Jarðboranir gætu því mögulega átt skaðabótakröfu á ríkið. „Lögmenn okkar eru að skoða þetta mál," segir Bent Einarsson, forstjóri Jarðborana.

Ekki náðist í Geir Haarde og Valgerði Sverrisdóttur við vinnslu fréttarinnar.

steindor@frettabladid.is

ÁRSFUNDUR 2008

Ársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins verður haldinn miðvikudaginn 14. maí nk., kl. 16.00, á Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.

Dagskrá

1. Fundarsetning
2. Skýrsla stjórnar
   Starfsendurhæfing:
   - Guðjón Baldursson, trúnaðarlæknir fjallar um starf trúnaðarlæknis og helstu endurhæfingarúrræði
   - Kynning á samkomulagi Sameinaða lífeyrissjóðsins og sjúkrasjóða
3. Erindi Hannesar G. Sigurðssonar, aðstoðarframkvæmdastjóra SA, um nýjan endurhæfingarsjóð, markmið og næstu skref
   Kaffihlé
4. Almenn ársfundarstörf
5. Önnur mál löglega upp borin

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og rétthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Reykjavík, 5. maí 2008.
Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Ársskýrslu og dagskrá ársfundarins má nálgast á skrifstofu sjóðsins og á **www.lifeyrir.is**

Borgartún 30, 105 Reykjavík
S. 510 5000
mottaka@lifeyrir.is
lifeyrir.is

Lífeyrir Sameinaði lífeyrissjóðurinn

Stjórnarmyndunarviðræður í Serbíu gætu orðið erfiðar:

Sósíalistar komnir í lykilstöðu

SERBÍA, AP Sósíalistaflokkurinn í Serbíu virðist nú kominn í þá stöðu að geta ráðið því hvernig stjórn verður mynduð í landinu. Hvorki Róttæki flokkurinn né Evrópusinnar geta myndað starfhæfa stjórn án þess að leita eftir stuðningi flokksins, sem Slobodan Milosevic stofnaði fyrir tæpum tveimur áratugum.

Boris Tadic forseti, sem er leiðtogi Evrópusinna, fagnaði sigri eftir að flokkur hans bætti við sig fylgi í kosningunum. Flokkurinn fékk 102 þingsæti en vantar þó töluvert upp á að geta myndað ríkisstjórn upp á eigin spýtur.

Á þinginu sitja 250 þingmenn, þannig að meirihlutastjórn þarf 126 þingsæti að lágmarki.

Róttæki flokkurinn hlaut 77 þingsæti og gæti myndað stjórn með flokki Vojislavs Kostunica, fráfarandi forsætisráðherra, sem hlaut þrjátíu þingsæti, gangi Sósíalistar, sem eru með tuttugu þingsæti, til liðs við þessa tvo flokka.

Margir félagar í Sósíalistaflokknum eru þó tregir í samstarf með Róttæka flokknum. Ivica Dacic, leiðtogi Sósíalista, sagðist þó fyrst ætla að ræða við Róttæka flokkinn og Kostunica, en að því búnu væri hann til viðræðu við Evrópusinna. Evrópusinnar og Sósíalistar þyrftu þó að fá fleiri flokka til liðs við sig.

BORIS TADIC FAGNAR SIGRI Leiðtogi Evrópusinna þarf að keppa við Róttæka flokkinn um hylli sósíalista.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

- gb

ENNEMM / SÍA / NM33405

Mjólkursamsalan þakkar góða þátttöku

Síðastliðið haust hélt Mjólkursamsalan teiknisamkeppni í tengslum við Alþjóðalega skólamjólkurdaginn.

Afraksturinn var frábær - fjöldi mynda barst frá 4. bekkingum í grunnskólum landsins í keppnina um verðlaunasætin tíu. Hér á síðunni má einmitt sjá vinningsmyndirnar.

Við þökkum öllum þátttakendum kærlega fyrir!

Mjólkursamsalan

Vinningshafarnir eru:
Andrea Thorsteinson
Anna Jónína Guðmundsdóttir
Arngrímur Guðmundsson
Álfey Sól Haraldsdóttir
Bjarney Björt Björnsdóttir
Camilla Rós Þrastardóttir
Eyjalín Harpa Eyjólfsdóttir
Hróbjartur Höskuldsson
Kjartan Tryggvason
Þuríður Nótt Björgvinsdóttir

www.ms.is

MP
FJÁRFESTINGARBANKI
Hver stýrir þínu eignasafni?
sérþekking persónuleg árangur
EIGNASTÝRING MP
óháður aðili - virk stýring
Kynntu þér málið og hafðu samband - við tökum vel á móti þér
www.mp.is Sími 540 3200

Samfara mikilli fjölgun bifhjóla á Íslandi hefur bifhjólaslysum fjölgað mjög mikið:

Nær helmingi fleiri bifhjólaslys

UMFERÐARMÁL Bifhjólaslysum fjölgaði um 45 prósent fyrstu fjóra mánuði ársins miðað við sama tíma í fyrra. Er það umtalsvert meiri fjölgun miðað við árin þar á undan þar sem tjónum og slysum á bifhjólum fjölgaði um 34 prósent árið 2006 frá árinu á undan og um 28 prósent í fyrra.

Þetta kemur fram í greinargerð sem Sjóvá Forvarnahúsið hefur tekið saman, en fjölgun slysanna helst í hendur við stóraukna bifhjólaeign á Íslandi. Þar segir að stór hluti óhappa á bifhjólum sé ýmist vegna reynsluleysis eða hraðaksturs.

Flest slys og tjón verða í maí en í greinargerðinni segir að ástæður þess sé helst að finna í þjálfunar- og reynsluleysi ökumanna bifhjólanna, ástandi gatna og því að aðrir ökumenn séu óvanir bifhjólum á götunum.

Samkvæmt samantekt á algengustu óhöppum á bifhjólum á árunum 2005 til 2008 eiga ökumenn bifhjólanna sjálfir sök í um 75 prósentum tilfella. Eru algengustu ástæður slysa á bifhjólum fall eða útafakstur, samtals 78 prósent slysanna.

BIFHJÓLUM HEFUR FJÖLGAÐ Á ÍSLANDI Flest bifhljólaslys verða á vorin þegar ökumenn eru óvanir og götur illa farnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Í greinargerðinni eru ökumenn bifhjóla sérstaklega varaðir við slíkum hættum, sérstaklega á þessum tíma árs þegar yfirborð vega er ekki sem best. **- ovd**



LÆKKANIR Í BORGUM Á þessari mynd sést hversu mikið fasteignaverð hefur fallið í mörgum af stærstu borgum Bandaríkjanna. Í Las Vegas, þar sem margar af glæsilegustu byggingum Bandaríkjanna er að finna, hefur fasteignaverð fallið mikið. Tölurnar miðast við stöðuna eins og hún var um síðustu mánaðamót. HEIMILD/VÍSITALA HÚSNÆÐISVERÐS BLOOMBERG

Fasteignaverð fellur í Bandaríkjunum

Fasteignaverð hefur lækkað hratt í mörgum stærstu borgum Bandaríkjanna að undanförnu. Fsteignaverð í San Francisco hefur lækkað um rúmlega fimm prósent á mánuði. Hvergi er meiri lækkun en í Las Vegas, tæplega 24 prósent.

EFNAHAGSMÁL Fasteignaverð í Bandaríkjunum hefur lækkað mikið undanfarið ár. Mesta árslækkunin í borgum er í Las Vegas. Þar hefur fasteignaverð lækkað um tæp 24 prósent á einu ári. Sé aðeins horft mánuð aftur í tímanna hefur verðið lækkað um tæplega fimm prósent.

Verðið í Kalifórníuríki hefur einnig lækkað mikið. Hvergi hefur verð þó fallið meira síðasta mánuð en í San Francisco, um rúmlega fimm prósent.

Á undanförnum árum hefur fasteignaverð hækkað mikið víða í Bandaríkjunum. Niðursveiflan nú skýrist fyrst og fremst af vandamálum sem bandarískt efnahagslíf gengur nú í gegnum, sem hafa haft áhrif á alþjóðlega fjármálamarkaði.

Verðlækkanirnar má rekja til hruns á húsnæðislánamarkaði, erfiðu aðgengi að lánsfé og minnkandi kaupmætti.

Lánastofnanir höfðu lánað óhóflega til fólks sem ekki reyndist geta staðið við skuldbindingar sínar þegar á reyndi. Það hafði keðjuverkandi áhrif á fjármálamarkaði, í ljósi þess hversu umfangsmikil lánastarfsemin var sem byggði á veikum stoðum.

Við þetta hefur skapast víðtækur lausafjárvandi sem dregið hefur úr eftirspurn víðs vegar um Bandaríkin, á meðan framboð á húsnæði hefur verið mikið. Hliðaráhrif niðursveiflunnar er minnkandi kaupmáttur fólks sem, líkt og lausafjárþurrðin, dregur úr eftirspurn á húsnæðismarkaði.

magnush@frettabladid.is

Orkuveita Reykjavíkur tæmdi lónið við Árbæjarstíflu í gær:

Dauður lax flaut í mórauðri á

UMHVERFISMÁL Nokkuð af dauðum laxi flaut niður Elliðaárnar í byrjun síðustu viku þegar tæmt var úr nyrðri hluta lónsins við Árbæjarstíflu.

„Áin var eins og beljandi aurflaumur þegar ég kom að henni og á stuttum tíma sá ég nokkra dauða laxa fljóta niður ána og undir göngubrúna ofan við rafstöðina. Ég hef aldrei séð neitt þessu líkt áður," segir Jón Ólafur Karlsson, sem var á gönguferð um Elliðaárdalinn og varð vitni að mesta atganginum.

Starfsmaður Orkuveitunnar sem var á staðnum sagðist sjálfur enga dauða laxa hafa séð. Alltaf væri hleypt úr lóninu á vorin til að greiða fiski leið til sjávar. Verkið taki um fjóra klukkutíma og komi talsvert botngrugg með í lokin. Síðan skoli áin sig. Í byrjun síðustu viku hafi verið hleypt á nyrðri kvíslina en áður hafi verið hleypt úr lóninu niður syðri kvísl árinnar.

Þegar Fréttablaðið bar að garði sáust í fljótu bragði þrír dauðir laxar við árfarveginn. „Ég mundi hallast að því að flestir þessir fiskar hafi verið dauðir áður og safnast fyrir í lóninu þar til hleypt var úr því. Það hafa margir spurst fyrir um þetta hjá okkur en þetta er alls ekkert óeðlilegt," segir Jón Þ. Einarsson veiðivörður. **- gar**

HOPLAX Þessi lax drapst þegar hleypt var úr Árbæjarlóninu í gær.

SJÁVARFOSS Borgarstjóri Reykjavíkur opnar venjulega laxveiðisumarið í Elliðánum í þessum fossi í júní. Fossinn var illúðlegur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Aðalfundur
FAAS
Félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma
Aðalfundur FAAS verður haldinn fimmtudaginn 15. maí n.k. klukkan 20:00 í húsnæði Vistor, Hörgatúni 2, Garðabæ. Húsið opnar kl. 19:30.
Dagskrá:
1. Fundarsetning: María Th. Jónsdóttir, formaður.
2. Venjuleg aðalfundarstörf.
3. Pálmi Jónsson yfirlæknir öldrunarsviðs á Landakoti rabbar við fundargesti.
4. „Öldubrjótur" Hrönn Ljótsdóttir félagsráðgjafi og Lovísa Jónsdóttir fræðslustjóri kynna íslensku-, samfélags- og verkefnaskóla á Hrafnistu.
5. Önnur mál.
Veitingar og húsnæði í boði Pfizer.
Allir velkomnir.
www.alzheimer.is

Umhverfisvottaðar vörur
- fyrir sumarbústaðinn, veiðihúsið og ...
ECOLAB Satiné Clean, gólfsápa
Brial Clean, alhliða hreinsiefni
Kristalin Clean, baðherbergishreinsir
Into WC Clean
Lotus eldhúsrúllur
Lotus Maraþon Plus
Lotur T-þurrkur
Lotus V-þurrkur
Lotus WC pappír
Lotus WC Júmbó
Á tilboði í maí 2008
Umhverfisvottuð hreinsiefni og pappírsvörur
20% afsláttur
Servíettur NexxStyle 39x39cm 80stk, ýmsir litir
Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

VIÐSKIPTADEILD
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK ER Í HÓPI

VIÐSKIPTAHÁSKÓLA Í V-EVRÓPU

Viðskiptaráð Íslands óskar Háskólanum í Reykjavík til hamingju með þann frábæra árangur að viðskiptadeild skólans skuli á 10 árum vera komin í hóp 50 bestu viðskiptaháskóla Vestur-Evrópu og um leið í hóp bestu viðskiptadeilda heims á háskólastigi.

Í nýrri alþjóðlegri úttekt óháðrar stofnunar (EDUNIVERSAL) var viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík valin í hóp 1000 bestu viðskiptadeilda í heiminum af um 4000 deildum.

Viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík varð í 46. sæti í Vestur-Evrópu og 117. sæti í heiminum.

Viðskiptaráð er stolt af því að hafa allt frá stofnun Háskólans í Reykjavík verið einn af dyggustu bakhjörlum skólans og vonar að þessi glæsilegi árangur viðskiptadeildar verði hvatning til enn frekari dáða, íslensku atvinnulífi og samfélagi til heilla.

VIÐSKIPTARÁÐ
ÍSLANDS

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0954

Stjórnmálafræðingur segir stefnu Sjálfstæðisflokks í orkumálum óskýra:

Segir stefnuna ekki vel mótaða

STJÓRNMÁL „Það bendir margt til þess að Sjálfstæðisflokkurinn hafi ekki mótað stefnu sína í orkumálum nægilega vel," segir Einar Mar Þórðarson, stjórnmálafræðingur við Háskóla Íslands.

Útrásarfyrirtæki Landsvirkjunar, Landsvirkjun Power, hyggst stofna félag til að byggja virkjanir í Tyrklandi ásamt þarlendu jarðhitaorkufyrirtæki, ORME. Stefnt er að því að reka, eiga og/eða selja virkjanirnar.

RARIK hefur einnig stofnað útrásararm innan sinna vébanda, sem hefur yfirsýn yfir verkefni fyrirtækisins erlendis.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa margir hverjir sett sig upp á móti því að Orkuveita Reykjavíkur standi í orkuverkefnum erlendis, í gegnum útrásararminn Reykjavík Energy Invest. Einkum er það þátttaka fyrirtækisins í áhættusæknum verkefnum sem borgarfulltrúarnir vilja ekki að sé á verkefnalista Orkuveitunnar, sem er að öllu leyti í opinberri eigu.

EINAR MAR ÞÓRÐARSON Segir Sjálfstæðisflokkinn þurfa finna flöt á stefnu sinni í orkumálum sem allir flokksmenn geti sætt sig við. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Einar segir einkennilegt að Sjálfstæðisflokkurinn hafi forystu um orkuútrásina á einum stað en setji sig svo upp á móti henni á öðrum vettvangi.

„Það er óeining um þessi mál innan flokksins, það er augljóst. Þetta er óheppilegt fyrir flokkinn og hann þarf að finna flöt á orkumálunum sem allir geta sætt sig við," segir Einar Mar. **- mh**

Hagsmunagæsla í Brussel:

Skylduskrá yfir „lobbýista"

BRUSSEL, AP Evrópuþingið hefur samþykkt að aðilum sem stunda skipulagða málafylgju, svonefndan lobbýisma, gagnvart stofnunum Evrópusambandsins beri að skrást á samræmdan lista yfir slíka aðila.

Þingið vill að einn samræmdur listi verði búinn til fyrir allar stofnanir ESB.

Gagnrýnendur „lobbýisma" segja að á að giska 15.000 slíkir sérhagsmunagæsluaðilar starfi í Brussel og reyni að hafa áhrif á löggjafarferli sambandsins. **- aa**

ALÞINGI

Verða bændur kallaðir til?

Jón Bjarnason VG hefur lagt fram fyrirspurn til forsætisráðherra um hvort ráðherrann hyggist leita eftir aðild bænda að samráðsvettvangi um efnahagsmál.

BARNASPÍTALI HRINGSINS 84 fjölskyldur of feitra barna tóku þátt í rannsókn sem fram fór á Barnaspítala Hringsins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Nauðsynlegt að bregðast við offitu barna

Um tuttugu prósent níu ára barna eru of þung og fimm prósent þeirra eru of feit. Sálfræðingur sem gerði rannsókn á of þungum börnum segir slæmt að hér sé engin meðferð fyrir þau í boði.

HEILSA „Um tuttugu prósent skólabarna eru of þung eða of feit. Það þarf að fara í einhverjar aðgerðir fyrir þá sem eru orðnir of feitir," segir Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir, sviðstjóri skólasviðs heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Þrúður Gunnarsdóttir, doktorsnemi í sálfræði, sem rannsakað hefur neysluvenjur barna og fullorðinna, segir afar slæmt að hér á landi standi of þungum börnum og fjölskyldum þeirra engin þjónusta til boða. Hún hefur nýlokið rannsókn á árangri af meðferð fyrir of feit börn á aldrinum sjö til tólf ára.

Niðurstöður leiddu í ljós að árangurinn var sérlega góður. „Það er svo gaman að sjá þessa krakka núna. Þau eru svo ánægð, tala um minni stríðni og meiri gleði í skólanum. Auk þess líður foreldrunum mikið betur," segir Þrúður.

Þátttakendur rannsóknarinnar voru 84 fjölskyldur og stóð meðferðin yfir í 12 vikur. Börn og foreldrar mættu á Barnaspítala Hringsins tvisvar í viku, einu sinni í stutta einstaklingstíma og einu sinni í hóptíma. Af þeim fjölskyldum sem hófu meðferð luku 73 prósent þeirra meðferð með mjög góðum árangri. Þrúður segir að sá árangur geti dregið úr fjölda neikvæðra þátta. Til dæmis séu minni líkur á heilsutengdum vanda á fullorðinsárum, burtséð frá holdafari. Einnig dragi úr líkum á líkamlegum, félagslegum og sálrænum vanda og meiri líkur séu á því að of feitt barn sem léttist nái að viðhalda þyngdartapinu til lengri tíma.

MEÐFERÐ FYRIR FEIT BÖRN SKORTIR Meðal þess árangurs sem Þrúður segir nást við að veita feitum börnum meðferð er að mjög dragi úr heilsutengdum vanda þeirra á fullorðinsárum, þá dragi úr líkum á líkamlegum, félagslegum og sálrænum vanda auk þess sem minni líkur séu á því að þau eigi við offitu að stríða á fullorðinsárum.

Þrúður telur að hátt brottfall úr meðferð megi að einhverju leyti skýra með því að stór hluti barna og foreldra sem tóku þátt í meðferðinni áttu við aðra erfiðleika að stríða. Hún segir þó ekki gott að segja til um hvort þeir erfiðleikar séu orsök eða afleiðing holdafars barnanna.

Nýlega greindi Tryggvi Egilsson öldrunarlæknir frá því við Fréttablaðið að kvíðvænlegir tímar væru framundan í heilbrigðiskerfinu. Vaxandi offita og afleiðingar þess muni reynast samfélaginu þungur baggi í framtíðinni.

Þrúður segir að mun auðveldara sé að breyta óæskilegum neysluvenjum barna til hins betra en gerist meðal fullorðins fólks og því til mikils að vinna fyrir börnin sem og samfélagið allt.

karen@frettabladid.is

MEISTARANÁM
Í VIÐSKIPTADEILD KYNNINGARFUNDUR

Meistaranám við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík er fjölbreytt og krefjandi nám sem getur opnað þér dyr að margvíslegum starfstækifærum.

MSc í alþjóðaviðskiptum
Námið byggir upp fræðilegan grunn og hagnýta þekkingu á alþjóðaviðskiptum. Byggt er á reynslu margra leiðandi háskóla í heiminum. Kennsla fer fram á ensku. Allir nemendur dvelja erlendis í eina önn við háskólanám eða verkefnavinnu hjá alþjóðavæddum fyrirtækjum.

MSc í fjármálum
Námið er sérsniðið að þörfum fjármálafyrirtækja og framsækinna alþjóðlegra fyrirtækja. Hægt er að sérhæfa sig í fjárfestingarstjórnun eða fjármálum fyrirtækja.

MSc í reikningshaldi og endurskoðun
Námið er ætlað þeim sem vilja verða löggiltir endurskoðendur, eða hafa áhuga á að starfa sem sérfræðingar eða stjórnendur á sviði reikningshalds í fyrirtækjum. Útskrifaðir nemendur eru eftirsóttir til ýmissa stjórnunarstarfa í atvinnulífinu, einkum hjá stórfyrirtækjum í alþjóðlegri starfsemi.

Kynningarfundur verður haldinn þann 14. maí kl. 12:00-13:00
í Háskólanum í Reykjavík, Ofanleiti 2, stofu 235 2. hæð.

FRAMTÍÐIN ER HR
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Samgönguráðuneytið:

Unnið að skilvirkara verklagi

ALÞINGI Í samgönguráðuneytinu er nú unnið að því að samþætta betur stefnumótun og áætlanagerð og gera verklag vandaðra og skilvirkara. Hefur ráðgjafarfyrirtækið Capacent liðsinnt ráðuneytisfólki við verkefnið.

Þetta kemur fram í svari samgönguráðherra við fyrirspurn Bjarna Harðarsonar Framsóknarflokki um hvernig tekið hafi verið á brotalömum í ráðuneytinu vegna Grímseyjarferjumálsins.

Jafnframt getur ráðherra þess að stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar á Vegagerðinni sé að vænta.

- bþs

Grunnskóli Hjallastefnunnar á Vallarheiði hættir rekstri eftir eins árs starf:

Hverfisskóli hentar betur

MENNTAMÁL Grunnskóli á vegum Hjallastefnunnar verður ekki rekinn áfram á Vallarheiði, gamla varnarsvæðinu á Keflavíkurflugvelli, á komandi skólaári. Reykjanesbær mun á haustdögum setja á stofn hverfisskóla sem verður útibú frá Njarðvíkurskóla.

Eiríkur Hermannsson, fræðslustjóri Reykjanesbæjar, segir ákvörðunina hafa verið tekna í samráði við stjórnendur Hjallastefnunnar. „Þau tóku að sér að reka skóla fyrir okkur við sérstakar aðstæður í fyrra. Litið var á skólann sem hverfisskóla en þetta fyrirkomulag hentar kannski ekki slíkum skóla. Hjallastefnan vill reka sína skóla með því fyrirkomulagi að hægt sé að velja á milli Hjallastefnunnar og hverfisskóla.“ Eiríkur segir að mikil fjölgun sé fyrirsjáanleg á Vallarheiði og því eðlilegt að rekinn sé hverfisskóli þar eins og annars staðar í Reykjanesbæ.

VALLARHEIÐI Fólksfjölgun á gamla varnarsvæðinu hefur verið mun meiri en áætlað var og því talið betra að reka hefðbundinn hverfisskóla.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Matthías Matthíasson, skólastjóri Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjanesbæ, segir Hjallastefnuna hafa áhuga á því að reka grunnskóla í Reykjanesbæ. „Við höfum bent á það að við höfum ekki viljað reka hverfisskóla heldur að fólk geti valið skólann okkar en sé ekki bundið búsetu sinnar vegna. Þess vegna fórum við þessa leið.“ Matthías segir alltaf hafa staðið til að reka skólann á Vallarheiði í eitt ár og endurmeta starfsemina í kjölfarið.

- shá

Evrópusamtökin:

Björgvin G. Evrópumaður ársins

EVRÓPUMÁL Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra var útnefndur „Evrópumaður ársins“ á fundi Evrópusamtakanna sem haldinn var í tilefni af Evrópudeginum 9. maí.

Í þakkarræðu sinni tók Björgvin undir hugmyndir framsóknarmanna um tvöfalda þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarsamningaviðræður við Evrópusambandið. Hann sagðist sjálfur vera hlynntari því að sækja um beint og leggja svo samninginn fyrir þjóðina. Hins vegar væri þetta góð leið sem allir ættu að geta sameinast um.

- aa

Frumvarp í smíðum:

Sparnaður með skattaafslætti

ALÞINGI Í smíðum er í fjármálaráðuneytinu frumvarp um húsnæðissparnaðarkerfi með skattafrádrætti fyrir 35 ára og yngri. Er því ætlað að hvetja til sparnaðar hjá fólki sem hyggur á fyrstu kaup eigin húsnæðis.

ÁRNI MATHIESEN

Árni Mathiesen fjármálaráðherra sagðist vonast til að geta lagt frumvarpið fram til kynningar nú á vordögum.

Ríkisstjórnin ákvað að koma slíku sparnaðarkerfi með skattafrádrætti á fót í tengslum við gerð kjarasamninga í febrúar.

- bþs

Kjaraviðræður við ríkið:

Kjaraviðræður komnar í bið

KJARAMÁL Biðstaða virðist vera í samningaviðræðum við hið opinbera þó að aðilar hittist reglulega á samningafundum hjá ríkissáttasemjara. Inga Rún Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Huggarðs, segir að síðasta vika hafi verið tíðindalítil, viðræðurnar séu „stál í stál“.

Samninganefnd ríkisins hviki ekki frá sínu tilboði en samninganefnd Huggarðs og Ljósmæðrafélagsins standi við sitt.

Forysta BSRB hittir fulltrúa ríkisins á fundi á fimmtudaginn.

- ghs

LAUGAVEGURINN

Áhugasamir útlendingar

Jafnmargir Íslendingar og útlendingar hafa skráð sig til þátttöku í Laugavegshlaupinu sem haldið verður 12. júlí í sumar. Þeir erlendu hópar sem hafa skráð sig til þátttöku eru allir litlir, að sögn Svövu Oddnýjar Ásgeirsdóttur verkefnastjóra.

Skemmtilegt nám í örri þróun á traustum grunni

Nám sem býður upp á spennandi starfsmöguleika á fjölbreyttum sviðum.

- Byggingarverkfræði
- Efnaverkfræði
- Fjármálaverkfræði
- Hugbúnaðarverkfræði
- Iðnaðarverkfræði
- Rafmagnsverkfræði
- Reikniverkfræði
- Tölvunarfræði
- Tölvuverkfræði
- Umhverfisverkfræði
- Vélaverkfræði

Rafræn skráning á www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 43990 04/08

Fyrsta sjósundslandslið Íslands hefur æfingar:

Synda fimmtíu kílómetra

ÍÞRÓTTIR Fyrsta sjósundslandsliðið æfir stíft þessa dagana fyrir sund yfir Ermarsund sem ráðgert er í sumar. Þetta er eina landsliðið sem samanstendur af bæði körlum og konum.

Benedikt Hjartarson landsliðsmaður segir vaskan hóp þarna á ferð. „Við erum til dæmis með þann eina sem synt hefur milli lands og Eyja, annan þeirra sem synt hafa yfir Þingvallavatn og síðan fólk sem hefur synt um í Jökulsárlóni svo það kallar ekki allt ömmu sína.“

Það er líka eins gott því þess bíður að synda yfir Ermarsund í boðsundi. Benedikt ætlar hins vegar að synda alla leið en hann varð að hætta síðasta sumar þegar tæpir þrír kílómetrar eru eftir. Þess má geta að til að ná á milli stranda geta menn þurft að synda fimmtíu kílómetra.

SJÓSUNDSLANDSLIÐIÐ Tvær konur eru í sjósundslandsliðinu en tíu karlar.

- jse

TANKAR OLÍUFÉLAGANNA Réttaróvissu um hvort viðskiptavinir olíufélaganna geti fengið skaðabætur vegna samráðs olíufélaganna frá 1993 til og með meirihluta árs 2001 hefur verið eytt með hæstaréttardómi. Samkvæmt honum geta allir þeir sem eiga gögn um viðskipti sín gert kröfu um bætur vegna samráðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sveitarfélög verja hagsmuni íbúa

Mörg sveitarfélög íhuga að fara í skaðabótamál vegna samráðs olíufélaganna. Skylda sveitarfélaga að verja hagsmuni íbúa, segir bæjarstjóri Seltjarnarness. Bæjarstjórnir og fyrirtæki með málið til skoðunar.

DÓMSMÁL „Við fórum yfir þetta mál á sínum tíma, þegar það kom upp, og við höfðum að sjálfsögðu hug á því að verja hagsmuni íbúa Seltjarnarness. Ég lít svo á að það sé skylda sveitarfélaga að verja hagsmuni skattgreiðenda í þessu máli,“ segir Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness, en nokkur sveitarfélög íhuga að fara í skaðabótamál vegna samráðs olíufélaganna Skeljungs, Olís og Kers, áður Olíufélagsins.

Dómur sem féll í Hæstarétti 30. apríl í máli Sigurðar Hreinssonar gegn Keri, þar sem Sigurði voru dæmdar fimmtán þúsund krónur í bætur vegna samráðsins, er að mörgum talinn gefa fordæmi um að allir sem eiga gögn um viðskipti sín við olíufélögin á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001, hafi forsendur til þess að fara í mál og krefjast skaðabóta.

Sigrún Björk Jakobsdóttir, bæjarstjóri á Akureyri, segir bæjarstjórnina vera að skoða málið með það í huga að verja hagsmuni íbúa sveitarfélagsins. „Það var farið vel yfir þetta á sínum tíma og þá var fyrir hendi réttaróvissa sem nú hefur verið leyst úr með dómi. Við munum fara vandlega yfir það hvort forsendur séu fyrir málsókn,“ segir Sigrún Björk.

Eitt þeirra fyrirtækja sem nú er að skoða réttarstöðu sína í ljósi dóms Hæstaréttar er Icelandair. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ekki enn verið tekin ákvörðun um hvort af málsókn fyrirtækisins verður en meðal þess sem kemur til greina er að semja um frekari afsláttarkjör á kaupum á eldsneyti í stað málsóknar.

SIGRÚN BJÖRK JAKOBSDÓTTIR

JÓNMUNDUR GUÐMARSSON

Í samtali við Fréttablaðið útilokaði Gunnar Birgisson, bæjarstjóri Kópavogs, ekki málsókn vegna samráðsins og sagði málið vera í skoðun.

Lögfræðistofa Reykjavíkur vinnur að undirbúningi mála á þriðja hundrað einstaklinga og lítilla fyrirtækja vegna samráðs olíufélaganna. Hugsanlegt er að olíufélögin semji um lyktir málsins en ekkert er þó ljóst um það enn.

Mál íslenska ríkisins gegn olíufélögunum vegna samráðs þeirra fyrir útboð á vegum Landhelgisgæslunnar og lögreglunnar hefur ekki verið dómtekið enn. Málið hefur verið í undirbúningi frá því árið 2004, þegar olíufélögin voru sektuð um 1,5 milljarða af samkeppnisyfirvöldum. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður fer með málið fyrir hönd ríkisins. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hefur gagnaöflun fyrir kröfugerð í málinu tekið lengri tíma en reiknað var með í fyrstu, og hefur það öðru fremur tafið undirbúninginn.

magnush@frettabladid.is

Evrópsk ungmenni:

Nota áfengi vegna kynlífs

RANNSÓKN Mörg evrópsk ungmenni neyta áfengis í óhóflegu magni til að auka líkur á kynlífi, samkvæmt niðurstöðum rannsóknar á venjum fólks á aldrinum sextán til 35 ára í níu löndum.

Í frétt BBC segir að þriðjungur karlkyns þátttakenda og 23 prósent kvenkyns þátttakenda hafi sagst drekka óhóflega til að auka líkur á kynlífi.

Einnig kemur fram að meiri líkur væru á að ungt fólk stundaði óvarið kynlíf ef áfengi eða eiturlyf hefðu verið höfð um hönd.

- kg

DYRHÓLAEY Eyjan er vinsæll áfangastaður ferðamanna vegna rómaðrar náttúrufegurðar og mikils fuglalífs.

MYND/KAI-UWE KÜCHLER

Eyjunni lokað fyrir umferð:

Dyrhólaey lokað til 25. júní

NÁTTÚRA Dyrhólaey hefur verið lokað fyrir allri umferð og er það gert samkvæmt ákvörðun Umhverfisstofnunar. Tók lokunin gildi 1. maí síðastliðinn og verður eyjan lokuð til og með 25. júní.

„Þetta er að ósk nytjaréktarhafa vegna æðarvarps í eynni," segir Hjalti J. Guðmundsson, sviðsstjóri náttúruauðlindasviðs Umhverfisstofnunar. Hann segir heimildarákvæði fyrir lokun í auglýsingu um friðlandið sem hafi ígildi reglugerðar. Lokunin er árviss og hefur verið viðhöfð í nokkur ár. **- ovd**

ORKUMÁL

Fagna yfirlýsingu ráðherra

Landeigendur við neðanverða Þjórsá fagna yfirlýsingu Þórunnar Sveinbjarnardóttur umhverfisráðherra um andstöðu hennar við að eignarnámi verði beitt vegna Urriðafossvirkjunar. Skora þeir á ríkisstjórnina að stöðva undirbúning Landsvirkjunar þar sem þeir muni ekki semja við fyrirtækið.

AKRANES

Átak gegn hraðkstri

Lögreglan á Akranesi og bæjaryfirvöld hafa tekið höndum saman um að koma í veg fyrir hraðakstur innanbæjar og skora á bæjarbúa að sýna samstöðu með framtakinu. Bæjarsjóður mun borga kostnað við laser-tæki sem notað verður til hraðamælinga, alls 427 þúsund krónur.

HEILSU- OG UPPELDISSKÓLI

Heilsu- og uppeldisskóli Keilis býður fjölbreytt nám á sviði heilsu-, heilbrigðis-, íþrótta- og uppeldisfræða. Með samstarfi við háskóla og sveitarfélög ásamt frábærri aðstöðu á Keilissvæðinu fyrir einstaklinga og fjölskyldur býðst nemendum einstakt tækifæri til menntunar.

AFREKSBRAUT

Afreksbraut í íþróttum er framhaldsskólanám unnið í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Efnilegu íþróttafólki býðst fyrsta flokks nám til lokaprófs á framhaldsskólastigi sem sniðið er að þörfum nemenda. Þeim gefst kostur á daglegum æfingum í íþrótt sinni við bestu skilyrði undir leiðsögn úrvalsþjálfara.
Í boði er golf, knattspyrna, sund og körfuknattleikur.

Erum að taka við umsóknum núna.

ÍAK EINKAÞJÁLFARANÁM

ÍAK einkaþjálfaranám er samvinnuverkefni Heilsu- og uppeldisskóla Keilis og Sportmenntunar. Markmiðið er að mennta framúrskarandi einkaþjálfara með yfirgripsmikla þekkingu á heilbrigði einstaklinga og hæfni til að búa til einstaklingsmiðaðar þjálfunaráætlanir á sviði styrktar- og þolþjálfunar. Rík áhersla er lögð á verklega kennslu.

Erum að taka við umsóknum núna.

LEIKSKÓLALIÐI

Leikskólaliðanám er fyrir starfsfólk á leikskólum sem vill auka við menntun sína og fyrir ungt fólk á framhaldsskólastigi sem hefur áhuga á að vinna í leikskóla.

Í framhaldi af leikskólaliðanáminu er mögulegt að hefja nám á háskólabrú og að henni lokinni viðurkennt háskólanám.



Nám við heilsu- og uppeldisskóla Keilis:

Einkaþjálfun, hjúkrun, íþróttir, leikskólaliðar og sjúkraliðar.

ÍÞRÓTTAFRÆÐI

Markmið kennslunnar er að undirbúa verðandi íþróttafræðinga sem best undir ráðgjöf, kennslu, þjálfun og stjórnun á fjölmörgum sviðum íþrótta, líkams- og heilsuræktar. Námið er til BS gráðu og fer fram í læsilegu húsnæði Íþróttaakademíunnar í Reykjanesbæ í samstarfi við Háskólann í Reykjavík.

SJÚKRALIÐAR

Háskólabrú fyrir sjúkraliða er undirbúningur fyrir nám á háskólastigi. Í boði er metnaðarfullt nám sem veitir réttindi til háskólanáms. Nánari upplýsingar og umsóknir er að finna á www.keilir.net.

Erum að taka við umsóknum núna.

HJÚKRUNARFRÆÐI

Nú stendur yfir undirbúningur að námi í hjúkrunarfræði í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Námið er til B.S. gráðu og verður vottað af viðurkenndum innlendum háskóla. Umsóknarfrestur verður auglýstur síðar.

Keilir
Atlantic Center
of Excellence

KEFLAVÍKURFLUGVELLI - SÍMI: 578 40 00 - WWW.KEILIR.NET

FRÉTTASKÝRING: Framboð Íslands til öryggisráðs SÞ

ANDSTÆÐINGAR NÝTTU EFA DAVÍÐS

Bakslag kom í framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í utanríkisráðherratíð Davíðs Oddssonar, segir Valgerður Sverrisdóttir, varaformaður Framsóknarflokksins. Andstæðingar Íslands nýttu sér þann efa sem fram kom í orðum Davíðs um framboðið á Alþingi.

VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Davíð var utanríkisráðherra frá september 2004 til september 2005. Valgerður tók við embættinu í júní 2006.

Valgerður segir augljóst að afstaða Davíðs til framboðs Ísland hafi valdið miklum vonbrigðum á hinum Norðurlöndunum. Í kjölfar þess að Davíð hafi lýst efasemdum um réttmæti þess að vera í framboði hafi orðrómur farið í gang um að Ísland væri hætt við framboðið.

„Ég er þeirrar skoðunar að þetta hafi skaðað okkur, og að jafnvel séum við ekki búin að bíta úr nálinni með þetta enn," segir Valgerður. Hún segir fulltrúa Austurríkis og Tyrklands hafa notað sér þetta ástand til að vinna framboðum sínum stuðning.

Valgerður segir það sína skoðun að framboð Íslands eigi fullan rétt á sér. Hún hafi eins og aðrir utanríkisráðherrar aðrir en Davíð Oddsson unnið að framgangi framboðsins með fundum við fulltrúa ýmissa aðildarríkja SÞ.

SKÖPUN
KRAFTUR
FJÖLBREYTNI

Ársfundur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands verður haldinn fimmtudaginn 15. maí kl. 8.00 til 10.30 á Hilton Reykjavík Nordica Hótel

Fundarstjóri: Svafa Grönfeldt

Dagskrá:

08.00 Léttur morgunverður

08.30 Fundarsetning

Ávarp Össur Skarphéðinsson

Á tímamótum í nýsköpun
Þorsteinn Ingi Sigfússon

Fréttir úr framtíðinni
Sigmundur Ernir Rúnarsson

Nýsköpun í veiðarfærum
Halla Jónsdóttir

Umhverfisvæn steinsteypa
Ólafur Wallevik

Frumkvöðlasetur: Stórfyrirtæki framtíðarinnar
Sigríður Ingvarsdóttir

Upplýsingagátt rannsókna og nýsköpunar
Rósa Signý Gísladóttir

Áskoranir í orkutækni
Ingólfur Þorbjörnsson

Jarðbundnar rannsóknir: efnisvinnsla í mannvirkjagerð
Pétur Pétursson

Nýsköpunarmiðstöð Íslands færir út kvíarnar
Berglind Hallgrímsdóttir

Fab Lab/Stafræn smiðja
Neil Gershenfeld, prófessor og framkvæmdastjóri Center for Bits and Atoms við MIT (Massachusetts Institute of Technology)

10.30 Ársfundi lokið

Málstofa

Stafrænar smiðjur – Fellum niður girðingar í nýsköpun

10.45 Málstofa opnuð
Þorsteinn Ingi Sigfússon

Fab lab
Neil Gershenfeld, prófessor og framkvæmdastjóri Center for Bits and Atoms við MIT (Massachusetts Institute of Technology)

Pallborðsumræður

12.00 Málstofu lokið

Skráning á ársfund og málstofu er á nmi@nmi.is eða í síma 522 9000.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands

ÖRYGGISRÁÐIÐ Hjálmar W. Hannesson, fastafulltrúi Íslands hjá SÞ, flutti ræðu á opnum fundi öryggisráðsins í lok apríl. Ísland sækist eftir sæti í ráðinu árin 2009 til 2010. MYND/SÞ/ESKINDER DEBEBE

Getum ekki skorast undan

Ísland er í framboði til sætis í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna vegna áranna 2009 til 2010. Fréttablaðið ræddi við stjórnmálamenn um kostnaðinn, tilganginn og lokasprettinn í kosningabaráttunni milli Íslands, Austurríkis og Tyrklands.

Það hefði skaðað orðspor landsins hefði Ísland hætt við framboð til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna eftir að formlega var tilkynnt um framboðið, segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra.

„Við tókum þetta verkefni að okkur fyrir hönd Norðurlandanna allra. Það voru aðrir tilbúnir til að fara í þetta verkefni á sínum tíma, en það vorum við sem tókum þetta að okkur," segir Ingibjörg Sólrún.

„Hér er ekki bara okkar heiður í veði, heldur heiður Norðurlandanna allra. Ef við hefðum hlaupið frá verkinu hefði orðstír okkar borið verulegan skaða af, og þannig getum við ekki hagað okkur."

Ákveðið var fyrir tæpum tíu árum að Ísland byði sig fram. Ingibjörg segist sannfærð um að það hafi verið rétt ákvörðun á sínum tíma.

„Auðvitað má segja að þegar við ákváðum að fara fram hefði átt að fara fram meiri umræða. Það hefði verið heppilegra að búa til sæmilega samstöðu um þetta þá, en það var ekki gert."

Ábyrgðarleysi að taka ekki þátt

Úrslitin ráðast hinn 16. október, þegar kosið verður milli Íslands, Tyrklands og Austurríkis um tvö laus sæti í ráðinu.

Ingibjörg treystir sér ekki til að spá fyrir um úrslitin. „Það er ómögulegt að segja. Við eigum möguleika, en þetta gæti alveg eins farið á hinn veginn," segir hún.

„Við sem fullvalda og sjálfstæð þjóð, þátttakandi í samfélagi þjóðanna, getum ekki skorast undan því að axla þá ábyrgð sem því fylgir að vera í Sameinuðu þjóðunum," segir Ingibjörg. Einhvern tímann komi að því að ríki þurfi að axla ábyrgð, og Ísland hafi enga þá sérstöðu sem ætti að undanskilja landið því að taka þátt. Slíkt væri ábyrgðarleysi.

INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR

Smærri ríki verða að láta rödd sína heyrast innan SÞ, og geta vel haft áhrif í umræðunni, segir Ingibjörg. Fái Ísland sæti í ráðinu bindur hún vonir við að áherslur Íslands um konur, frið og öryggi komist á dagskrá, og að SÞ setji upp aðgerðaráætlun um hvernig eigi að hrinda því í framkvæmd.

Óbeinn kostnaður bætist við

Utanríkisráðuneytið reiknar með að kostnaður vegna framboðs Íslands verði um 350 milljónir króna, talið frá árinu 2001. Inni í þeirri tölu er svo til eingöngu kostnaður við að efla skrifstofu Íslands hjá SÞ í New York. Ekki er talinn til kostnaður vegna ferða ráðamanna, funda, ráðstefna eða annarra svipaðra útgjaldaliða.

Kostnaður við framboð Íslands er ekki of þröngt skilgreindur að mati Ingibjargar. Ýmsir vilji telja allt sem bæst hafi við hjá utanríkisþjónustunni til kostnaðar við framboðið, en það sé ekki rétt. Óháð framboðinu hefði þurft að færa út kvíarnar í utanríkisþjónustunni.

Ingibjörg viðurkennir þó að vissulega bætist við uppgefinn kostnað ýmis óbeinn kostnaður. Ómögulegt sé að fullyrða að lagt hefði verið í allan kostnað við ferðir, fundi og fleira hefði framboðið ekki komið til. Slíkur óbeinn kostnaður sé þó ekki í líkindum við það sem haldið hafi verið fram.

Fjölmargir heimildarmenn Fréttablaðsins hafa sagt framboðið hafa skaðast í utanríkisráðherratíð Davíðs Oddssonar. Hann ákvað að ekki skyldi unnið að framboðsmálum í það rúma ár sem hann var ráðherra.

Ingibjörg segir það liðna tíð að ráðherrar eða aðrir geti talað eins og þeir vilji hér á landi án þess að ummælin spyrjist út utan Íslands.

„Það var ýmislegt sagt á þessu tímabili sem barst eins og eldur í sinu út í heim. Það skapaði mikinn óróleika hjá hinum Norðurlandaþjóðunum, og setti aukinn kraft í Austurríkismenn og Tyrki, þar sem þeir töldu okkur úr leik. Þetta skaðaði okkur, held ég," segir Ingibjörg.

Hvaða áhrif þetta hefur kemur í ljós þegar kosið verður, en Ingibjörg segir ljóst að loforð um stuðning hafi tapast á þessum tíma. Austurríki og Tyrkland hafi fengið yfirlýsingar um stuðning frá ríkjum sem ella hefðu gjarnan viljað styrkja Ísland. Það verði ekki aftur tekið.

Trúverðugleikinn skiptir öllu

Talsvert hefur mætt á Ingibjörgu Sólrúnu vegna framboðsins, þó það hafi verið ákveðið löngu fyrir hennar dag í utanríkisráðuneytinu. Hún segir framboðið eitt af þeim málum sem auðvelt sé að hnýta í til að fella pólitískar keilur. Sumum finnist allt fé sem renni til utanríkismála óþarfa fjáraustur.

„Það er afar mikilvægt að við sem þjóð séum trúverðug, og ímynd landsins sé góð út á við. Við sjáum það bara nú þegar óróleiki er á fjármálamörkuðunum. Þetta snýst allt um trúverðugleika, ímynd og ásýnd. Það verðum við að passa upp á," segir Ingibjörg.

FRÉTTASKÝRING
BRJÁNN JÓNASSON
brjann@frettabladid.is

ÞURFUM EKKI FLEIRI JÁ-MENN BANDARÍKJANNA Í ÖRYGGISRÁÐIÐ

Íslendingar eiga að hafa metnað og sjálfstraust til að gera sig gildandi innan Sameinuðu þjóðanna, meðal annars með framboði til öryggisráðs SÞ. Þetta segir Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna. Hann segir ljóst um að kostnaður við framboðið sé stórlega vanmetinn.

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur segist ekki hafa verið á móti framboði Íslands á sínum tíma, en játar að á hann hafi farið að renna tvær grímur þegar í ljós hafi komið hvernig framboðsmálin hafi þróast. Dýr vinna við að afla framboðinu stuðnings sé smáríkjum erfiður.

„Efasemdar minar voru þó frá byrjun, og eru enn, ekki bundnar fyrst og fremst við kostnaðinn," segir Steingrímur. Þær beinist frekar að því að íslensk stjórnvöld hafi ekki burði til að standa í lappirnar, og reka sjálfstæða og virðingarverða utanríkisstefnu svo fullur sómi verði af afstöðunni fái Ísland sæti í öryggisráðinu.

„Við höfum ekkert með fleiri já-þjóðir Bandaríkjanna að gera í öryggisráðinu," segir Steingrímur. Hann segir að Ísland hefði frá upphafi átt að setja sér það markmið að fara inn í öryggisráðið sem fulltrúi friðar og afvopnunar, sem fulltrúi lýðræðislegrar samvinnu ríkja, og ekki síst sem málsvari smáríkja.

„Ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi að við eyðum í þetta kannski einum milljarði króna, ef við förum þarna inn sem gagnrýnislausir taglhnýtingar vestrænna hernaðarsjónarmiða," segir Steingrímur.

Hann kallar þó ekki eftir því að hætt verði við framboðið, slíkt gæti til að mynda haft áhrif á samstarf Norðurlandanna, enda framboð Íslands samnorrænt. Hann kallar á breytingu á utanríkisstefnu stjórnvalda, að undangengnu þverpólitísku samráði.

Hann segir dapurlegt að kosningar innan SÞ séu farnar að snúast um atkvæðakaup hjá íslenskum stjórnvöldum. Augljóst sé að slíkt sé í gangi. Skyndilega gjósi upp áhugi á málum sem hingað til hafi ekki verið sinnt, lagst í ferðalög til staða sem hingað til hafi lítinn áhuga vakið til að afla stuðnings, og þar fram eftir götunum.

Stjórnvöld áætla að kostnaður við framboðið muni nema um 350 milljónum króna. Það er mikið vanmat, segir Steingrímur. Kostnaður sem með réttu ætti að falla á framboðið sé færður á aðra kostnaðarliði, til dæmis þróunarmál. Fjármunir sem eigi að renna í þróunarsamvinnu eða þróunaraðstoð séu notaðir til að greiða fyrir hluti sem í reynd séu lítið annað en kostnaður við kosningabaráttuna.

ISUZU D-MAX

ISUZU

PALLBÍLL
Á FRÁBÆRU VERÐI

ISUZU D-MAX SJÁLFSKIPTUR

aðeins: **2.990.000 kr.**

3,0 l díselvél 163 hestöfl, 3ja tonna dráttargeta,
aksturstölva, loftkæling, skriðstillir, rafmagn í speglum,
ljóskastarar í framstuðara, hljómflutningstæki

ENNEMM / SÍA / NM32367

GÓÐ ÞJÓNUSTA HRESSIR, BÆTIR OG KÆTIR!

Við brosum til þess að láta þig vita að þú ert á réttum stað. Þú ert á réttum stað því hjá okkur færðu rétta bílinn og þjónustu sem gæti bjargað deginum. Komdu til okkar og spurðu um allt sem þig lystir og við munum leggja okkur fram um að svara þér eins vel og við getum.

Afbragðsþjónusta hefst með brosi á vör! – Starfsfólk Ingvars Helgasonar

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgötu 52, 421 8808

IH
INGVAR HELGASON

skoðun

greinar@frettabladid.is

Eldri kynslóðir minnast tímamótanna, fardaga, nýrra hugmynda og sumarlangra átaka.

1968

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Vorið 1968 var kalt víða um land en það var bjart vor í hjörtum víða um lönd. Bylgja andófs reis um allan heim þetta sumar og náði hingað norður líka. Þessa vors hefur verið minnst æ síðan: óskilgreind kynslóð við það kennd sem nú situr valdastóla heimsins. Um þessar mundir reyna menn að greina þær ástæður sem lágu til grundvallar þessum hræringatímum: Í stríðshrjáðri Evrópu hafði mannskepnan brugðið við fórnum stríðsins með barneignum. Herskylda var horfin og valdahlutföllum var haldið í álfunni með amerísku hernámsliði. Átök um yfirráð gamalla nýlenda voru víða hörð og bandaríska heimsveldið og það sovéska héldu fast um sín áhrifasvæði. Neyslusamfélagið var orðið til og nýr þjóðfélagshópur, unga kynslóðin, fann til sín, skóp sína eigin menningarkima sem teygðu úr sér.

Hin fornu gildi borgarabyltinganna urðu aftur bráðlifandi; frelsi, jafnrétti og bræðralag. Nýir sprotar á fornum meiðum. Réttindahreyfingar urðu til með nýjum andlitum, kvennahreyfingin reis upp, barátta samkynhneigðra var að kvikna og ritfrelsið sótti fram í löndum þar sem enn var ritskoðun; jafnvel í gömlum löndum eins og Bretlandi hristu menn af sér hlekki ritskoðunar. Skömmtunarár sem varað höfðu allt frá stríðstímanum voru loks að baki. Og samfara þessum kröfum óx mannréttindahreyfingum vestanhafs fiskur um hrygg.

Krafa dagsins var meira lýðræði, viðurkenning á rétti andófsins, krafa um hraðari endurnýjun náms í öldnum háskólum. Og þessum óskatímum fylgdi heimting á sjálfstæðara lífi í tilfinningum og samlífi. Í gær ítrekaði kaþólska kirkjan umburðarbréf páfa fjörutíu ára gamalt sem lagðist gegn getnaðarvörnum. Þar á bæ eru menn enn við sama heygarðshornið og hafa ekkert lært.

Þótt umrótið kæmi frá vinstri og teygði sig í átt að miðju hafði hreyfingin frá '68 áhrif lengt til hægri: nýfrjálshyggjan spratt sumpart af þessum hræringum og birtist hér á landi í kunnri kröfu ungra hægrimanna: Báknið burt.

Víst má rekja margar hugmyndir '68 lengra aftur: Port Huron-yfirlýsing bandarísku stúdentasamtakanna SDS frá 1962 er merkilegur vitnisburður um margar þær hugsjónir sem voru á ferðinni næsta áratuginn og raunar er margt í því plaggi sem vísar enn á mörg þau álitefni sem efst eru á baugi í umræðu okkar daga.

Við erum þannig öll með einum eða öðrum hætti af '68-kynslóðinni, jafnvel þeir sem hæst tala af fyrirlitningu um þessa hugsjónaríku daga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. VIÐSKIPTARITSTJÓRAR: Björgvin Guðmundsson og Björn Ingi Hrafnsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Krabbameinsfélagið boðar til fyrirlestrar með Mary Schnack:

10 heimskulegir hlutir sem fólk segir við þá sem greinast með krabbamein!

Glettinn og skemmtilegur fyrirlestur til þess að hjálpa þeim sem hafa nýlega greinst með krabbamein!

Fyrirlesturinn verður haldinn í Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, **miðvikudaginn 14. maí kl. 12:00**.
Skráning á netfanginu 8004040@krabb.is eða í síma 540-1900
Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir, aðgangur ókeypis
Nánari upplýsingar á www.krabb.is

AVAXTA-BÍLLINN
Býður upp á léttan hádegisverð

Ráðgjafarþjónusta Krabbameinsfélagsins

FRÁ DEGI TIL DAGS

Læknastríð

Ráðning Jakobs Frímanns Magnússonar sem miðborgarstjóra hefur verið mikið í umræðunni.

Jakob reiddi hátt til höggs í þætti Sigmundar Ernis Mannamál á Stöð 2 á sunnudag. Þeir félagar ræddu um þá gagnrýni sem ráðningin hefur hlotið.

Þar setti Jakob málið í nýtt samhengi; nefnilega að það sé stríð á milli lækna. „Havaríið er af pólitískum toga. Það er afar bitur læknir sem var borgarstjóri í 100 daga sem getur ekki unað þeim lækni sem nú situr í borgarstjórastóli að vera þar."

Þá er það ljóst. Deilur um ráðningu Jakobs Frímanns eru af læknisfræðilegum toga.

F-listinn?

Frjálslyndir eru tvíbentir í afstöðu sinni til borgarstjóra. Sigurjón Þórðarson, fyrrverandi þingmaður, hyllti hann nýverið sem næsta leiðtoga flokksins á meðan Jón Magnússon, núverandi þingmaður, hefur tekið nokkuð annan pól í hæðina.

Í nýjustu færslunni á bloggsíðu sinni fer hann mikinn um tittnefnda ráðningu. Þar segir hann Jakob F. og Ólaf F. hafa verið saman í Val í gamla daga svo augljóst sé að ráðningin hafi verið óeðlileg.

Samúð Jóns er með Ómari Ragnarssyni, sem ræður ekki við spillingaröflin innan Íslandshreyfingarinnar að mati Jóns. Þeir Jakob F. og Ólafur F. fá því litla náð fyrir augum þingmanns F-listans, þrátt fyrir F-in tvö.

Einkaþotubolti

Margir hafa gagnrýnt einkaþotuflug ráðamanna þjóðarinnar og hefur Steingrímur J. Sigfússon farið þar framarlega í flokki.

Einhverjir hafa rifjað upp keppnisferð knattspyrnuliðs Alþingis til Færeyja fyrir margt löngu. Ekki eru það afrek íslensku þingmannanna á knattspyrnuvellinum sem eru mönnum ofarlega í huga, heldur ferðamátinn.

Þingmennirnir flugu nefnilega til Færeyja með einkaþotu. Nánari upplýsingar um ferðatilhögun veitir formaður fótboltafélagsins; Steingrímur J. Sigfússon.

kolbeinn@frettabladid.is
steindor@frettabladid.is

Kynslóðaleikur

Þegar ég sá myndina af Ríkharði Jónssyni knattspyrnuhetju frá Akranesi á öxlum samherja sinna á baksíðu Morgunblaðsins á föstudaginn lifnaði í huganum sumarkvöld á gamla Melavellinum í Reykjavík. Ég var ellefu eða tólf ára og stóð þarna yfirspennt með vinum mínum innan um frakkaklædda karla, stráka og stelpur og hvatti óspart þessa töframenn vallarins í gulu treyjunum. Ríkharður var auðvitað aðalmaðurinn en Þórður bróðir hans og Þórður Þórðarson voru líka góðir. Við Reykvíkingar áttum okkar garpa á vellinum, en Akurnesingarnir, sem komu eins og stormsveipur utan af landi, voru stjörnur í okkar augum. Mig rámar í sérstaka stemningu á landsleikjum, rok og rigningu, og háværan meting um hvort KR eða Akranesliðið væri betra, en knattspyrnuástríðan varð ekki langlíf hjá mér. Entist tvö sumur, að mig minnir, og risti ekki djúpt. En hughrifin gleymast ekki.

Það var ekkert kynslóðabil á Melavellinum, ekki frekar en hjá knattspyrnuunnendum í dag. Mynd Morgunblaðsins af Ríkharði var vegna þátttöku hans í sérstökum kynslóðaleik í knattspyrnu á Akranesi. Leik sem meira en 100 knattspyrnumenn af báðum kynjum og á öllum aldri tóku þátt í. Mjög góð hugmynd og tímabær.

Gott orð, kynslóðaleikur! Hvernig væri nú að opna kynslóðahólfin hér á landi upp á gátt? Fjarlægja rimla hugans, svo ég fái að láni titilinn á frábærri bók Einars Más Guðmundssonar. Bindast kynslóðaböndum upp á nýtt, líkt og menn bindast vináttuböndum og hjúskaparböndum.

Æskudramb

Árið 2000 tók ég viðtal við mann sem var einn af helstu áhrifamönnum Flugleiða á erlendri grund í áratugi. Þessi maður hafði meðal annars yfirumsjón með sölu- og markaðsmálum fyrirtækisins í Evrópu um árabil. Hann

JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

Í DAG | Kennitölutengingar

heitir Davíð Vilhelmsson og hefur búið í Þýskalandi frá árinu 1964. Sýn hans á Ísland nútímans og viðhorf útlendinga var forvitnileg eins og fram kemur í eftirfarandi kafla úr viðtalinu:

„Ísland hefur þróast svo hratt að það er galdri líkast og byggst upp á öllum sviðum. Þó er eins og allt fari úr böndum með ákveðnu millibili. Fólk sem heimsækir Ísland er gjarnan hrifið af sumu en á erfitt með að átta sig á öðru. Finnst efnishyggja áberandi og undrast allt þetta tal um tísku, sófasett og eldhúsinnréttingar. Æskudramb er áberandi á Íslandi, kannski vegna þess að æskan hefur fyrirmyndir í íslensku menntafólki í ábyrgðarstöðum þar sem víðast annars staðar væri krafist starfsreynslu meðfram menntuninni. Á vinnustöðum erlendis er farið að blanda meðvitað saman fólki á öllum aldri. Virt og öflugt bandarískt fyrirtæki sem ég þekki til í Frankfurt hefur til dæmis fastar reglur um þetta. Ætla mætti að sölu- og markaðsmál væru í höndum fólks á aldrinum 25-35 ára. Svo er ekki. Vísvitandi er blandað saman deildarstjórum á öllum aldri og verkefnum skipt niður á hópa. Hópurinn milli 35 og 50 ára er sterkastur. Unga fólkið er opnara og oftast nær meira skapandi, þótt það sé ekki endilega einhlítt. En með því starfar fólk sem hefur áratuga reynslu af markaðs- og sölumálum. Telur stjórn fyrirtækisins slíka blöndun skila bestum árangri."

Þó að liðin séu átta ár síðan þetta spjall fór fram og bæði atvinnulíf og gildismat hérlendis hafi skipt um gír, er þetta býsna kunnuglegt.

Kennitölutenging

Davíð Vilhelmsson var skólabróðir Styrmis Gunnarssonar, Jóns Baldvins og Ragnars Arnalds í Menntaskólanum í Reykjavík. Staksteinahöfundur vék að því nýverið að framsetning og röksemdarfærsla ráðherranna fyrrverandi í Silfri Egils, þar sem þeir voru á öndverðum meiði í viðhorfum til Evrópusambandsins, hefði skýrt betur fyrir almenningi hvar ágreiningurinn liggur en greinaskrif og úttektir ýmissa sérfræðinga og spekúlanta. Spurning hvort þeir ættu ekki erindi inn í umræðu og ákvarðanatöku dagsins. Hvort tími öldunganna væri kannski kominn.

Vaskur maður á fimmtugsaldri, sem sjálfur er í góðri stöðu, sagði við mig nýverið að flestir þeirra sem væru í lykilstöðum í fjármálaheiminum og atvinnulífinu hér á landi væru á sama aldri. Nánast eins og þeir hefðu verið í sama bekk. Sumir kannski útskrifast árið á undan, aðrir árið á eftir, en allir á sama reki. Ekki hvarflaði að þeim að þeir gætu sótt eitthvað til eldri fagmanna. Enda væri það fólk eiginlega úr leik.

Söngvarinn vinsæli og geðfelldi sem stýrir kynningu á Evróvisionlögunum í sjónvarpinu sagði við félaga sína þrjá eftir söng tveggja miðaldra karla að honum þætti þeir eiginlega of gamlir fyrir Evróvision. Þegar öll þrjú gáfu þessu lagi og flytjendum þess atkvæði sitt, horfði hann á þau með vantrú og glettnisbrosi: Vá – þið ætlið að vera svona góð! – rétt eins og þau hefðu gefið Vetrarhjálpinni mánaðarlaunin sín.

Allt er þetta í hálfkæringi og á léttum nótum – en er ekki einhver ónáttúra í því að kennitölutengja þekkingu manna og hæfileika? Annað hvort hefur fólk eitthvað fram að færa eða ekki, hvort sem það er 15 ára, 35 eða 85 ára.

Dagur sanngjarnra viðskipta

UMRÆÐAN

Ásdís Ósk Einarsdóttir skrifar um Fair Trade

ÁSDÍS ÓSK EINARSDÓTTIR

Í gær, 12. maí var alþjóðlegi Fair Trade-dagurinn haldinn hátíðlegur víðs vegar um heim. Af því tilefni langar okkur að minnast örstutt á þessa óhefðbundnu viðskiptahætti.

Fair Trade (sanngjörn viðskipti) hreyfingin hefur verið í örum vexti síðan á 7. áratugnum. Siðferðislegur grundvöllur Fair Trade helgast af hugmyndum um réttlæti og skilgreiningu á því hvað telst til sanngjarnra viðskiptahátta. Þeir kostir sem Fair Trade hefur að bjóða framleiðendunum felast í því að áhersla er lögð á bein samskipti milli kaupenda og fram-leiðenda, vernd gegn verðhruni, hærra verð fyrir framleiðsluvöruna en gengur og gerist, fyrirframgreiðslur sem hluta af langtíma samningum og þar að auki fá framleiðendurnir aðgang að hagnýtum upplýsingum um gengi markaðarins. Í skiptum fyrir þetta skuldbinda framleiðendurnir sig til að tryggja örugga og viðunandi vinnuaðstöðu fyrir starfsfólk sitt sem og ýmis félagsleg réttindi. Auk þess er framleiðendum ætlað að haga framleiðslu sinni á sem vistvænastan hátt.

Fair Trade-varningur hefur lengi verið seldur í sérverslunum, stórmörkuðum og í gegnum póstverslanir erlendis. Hér á landi má nú fá Fair Trade-matvörur í vissum stórmörkuðum og víðar. Fyrsta Fair Trade sérverslunin á Íslandi opnaði í fyrra með gjafa- og nytjavörur af ýmsu tagi. Einnig er hægt að fá Fair Trade-barnafatnað og drekka Fair Trade-kaffi á kaffihúsum á völdum stöðum í bænum, svo eitthvað sé nefnt. Þá má geta þess að áhugamannahópur um stofnun Fair Trade-samtaka á Íslandi hittist á nú vordögum til skrafs og ráðagerða og því ljóst að áhugi á þessu málefni er stöðugt að aukast.

Þegar öllu er á botninn hvolft þá er það undir norðlægum neytendum komið hvort að þeir viðskiptahættir sem Fair Trade stendur fyrir muni hafa víðtækari áhrif en þeir gera í augnablikinu. Nú þegar eru merki þess að neytendur geti, og hafi, haft áhrif á markaðinn. Okkar er valið og valdið; við neytendur erum jú markaðurinn.

Höfundur er annar eigandi Fair Trade-búðarinnar á Laugavegi.

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

Tölvunám í sumar!
Menntun sem gefur þér forskot

1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Tölvuþekking fyrir konur

Þetta einstaka námskeið er ætlað þeim konum sem vilja ná færni í notkun tölva við margvísleg verkefni hvort sem er í vinnu eða heima. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim konum sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennslu á námskeiðinu.

Kennslugreinar:
- Tölvunotkun og stýrikerfið Windows
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur. *44.900*

Lengd: 60 stnd/40 klst. **Verð**: ~~47.900~~

Morgunnám hefst 19. maí, 4 dagar í viku

Photoshop

Komdu í nám um ljósmyndavinnslu og grafík með Photoshop sem er vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir margmiðlun, vefi, ljósmyndun og prentun.

Lengd: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 29.900

Nám hefst 26. maí (13:00-16:00)

VUE, Prometric og ECDL

Taktu alþjóðlegt þekkingapróf hjá okkur og fáðu viðurkenningu sem leiðir til aukinna möguleika til starfs og náms á Íslandi og erlendis.

Í nánu samstarfi við alþjóðlegar prófmiðstöðvar VUE, Prometric og ECDL, og undir eftirliti þeirra, eru hvergi fleiri alþjóðleg próf í boði hér á landi fyrir fagfólk og almenning:

MCP, MCSA, CIA, GMAT, CISCO, CompTIA ofl.

Hafðu samband sem fyrst og kynntu þér þína möguleika til að skara fram úr með því að taka viðurkennt alþjóðlegt þekkingarpróf hjá alþjóðlega viðurkenndri prófmiðstöð.

(**www.tv.is/prof/**)

Sumarskóli 9-14 ára

Bjóðum tvö frábærlega skemmtileg námskeið, í sumar, fyrir hressa krakka.

Nám í bland við útivist.

Stafræn ljósmyndun fyrir 9-14 ára

Farið í myndaleiðangra og ljósmyndir teknar, myndirnar fluttar í tölvu og unnið úr þeim og þær síðan prentaðar eða settar á vefinn. ***Vikunámskeið.***

Myndabandavinnsla fyrir 9-14 ára

Alls konar skemmtilegar vídeómyndir teknar á stafræna myndavél eða vídóevél og þær fluttar í tölvu til klippingar, úrvinnslu og birtingar á vefnum. ***Vikunámskeið.***

Lengd: 22 stundir/15 klst. hvort námskeið. Kennt kl.9-12 eða 13-16.

Verð: Eitt námskeið: 18.900,- Tvö námskeið: 29.900,- (*Afsláttur gildir líka ef vinir eða systkini koma saman á námskeið*).

Fyrstu námskeiðin hefjast 9. júní. Námskeið í júní og ágúst. ***BÓKAÐU STRAX!***

Flash margmiðlun fyrir 12-16 ára

Lærðu að búa til lifandi myndir, vefsíður með hreyfimyndum, teiknimyndir og leiki með Flash CS3. ***Vikunámskeið.***

Lengd: 22 st/15 klst. Kennt kl.13-16:30.

Verð: 18.900,- *Námskeið í júní og ágúst*

Excel I

Ítarlegt nám fyrir þá sem vilja hafa hámarksnot af tölvunni við meðhöndlun talna, áætlanagerð, alls konar útreikninga og úrvinnslu talna. Þú bætir miklu við þekkingu þína á Excel.

Lengd: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 24.500

Næstu námskeið: 19. maí og 9.júní (morgun)

Stafræn ljósmyndun

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

Lengd: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

Kvöldnám hefst 13. maí (19:30-22:30) og Síðdegisnám hefst 14. maí (16:15-19:15)

Tölvufærni I • byrjendur

Við bjóðum frábært nýtt námskeið fyrir þá sem eru að stíga fyrstu skrefin inn í heillandi heim tölvunnar.

Námskeiðið er byggt á 22ja ára reynslu okkar af því hvað það er sem þarf til að ýta úr vör og námskeiðið kenna reyndustu kennararnir okkar.

Meðal þess sem verður tekið fyrir á námskeiðinu er þetta:
- Gagnlegur fróðleikur um tölvur, tölvudiska, prentara og annan tölvubúnað.
- Gerð, prentun og vistun margs konar skjala. Skoðun ljós- og vídeómynda.
- Stýrikerfi tölvunnar, Windows, og hjálparforrit sem fylgja því.
- Töfraheimur Internetsins, fréttir, tölvupóstur, innkaup, spjall og fleira.

Með námskeiðinu fylgja þrjár íslenskar kennslubækur og minniskubbur til að geyma verkefnin á og færa þau í eigin tölvu.

Lengd: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 24.500,-

Hikaðu ekki - bókaðu þig strax á námskeið! Ekki missa af þessu frábæra námi.

Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

- **Byrjendanámskeið**
  Tölvufærni I - byrjendur • *22 stundir/verð 24.500*
  Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
  Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 12.900*
  Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*
- **Stafræn ljósmyndun**
  Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
  Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
  Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*
- **Access**
  Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/26.900*
  Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
- **Word**
  Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
  Word II: Framhald • *18 stundir/verð 26.900*
  Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
  Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
  Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*
- **Excel**
  Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
  Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
  Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*
- **FileMaker**
  FileMaker I: Byrjendanám • *9 stundir/verð 16.900*
  FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • *13 stundir/verð 24.900*
  FileMaker III: Forritun gagnagrunna • *27 stund/69.900*
- **PowerPoint**
  PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
  PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
  PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*
- **Outlook**
  Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
  Outlook I: Tölvupóstur fyrir byrjendur • *4 st./verð 6.900*
  Outlook II: Framhaldsnámskeið • *9 st./verð 12.900*
  Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*
- **Publisher**
  Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*
- **Vefsíðugerð og Flash**
  DreamWeaver vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
  DreamWeaver og Photoshop • *54 stundir/verð 52.900*
- **Photoshop**
  Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *27 stundir/verð 29.900*

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

ÁSGEIR ÁSGEIRSSON, ANNAR FORSETI ÍSLANDS, FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1894.

„Mark þurfa allir að setja sér og velja leiðina í samræmi við það.“

Ásgeir sat í embætti forseta Íslands á árunum 1952-1968, eða í fjögur kjörtímabil. Áður hafði hann gegnt þingmennsku, verið forseti Sameinaðs þings, verið fjármála- og forsætisráðherra og bankastjóri Útvegsbanka Íslands.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 13. MAÍ ÁRIÐ 1981

Morðtilræði framið gegn páfa

Þennan dag árið 1981 reyndi Tyrkinn Mehmet Ali Agca að myrða Jóhannes Pál páfa II á Péturstorginu í Vatikaninu. Agca skaut páfa, sem særðist illa.

Hann sat á torginu, beið eftir páfa og hóf skothríð þegar hann nálgaðist. Páfi særðist en nunnur og aðrir nærstaddir gripu Agca áður en hann náði að ljúka verkinu. Agca var handtekinn og sakfelldur fyrir glæp sinn í júlí árið 1981. Hann var fluttur til heimalands síns eftir að hafa afplánað tuttugu ára dóm á Ítalíu.

Agca, sem hafði áður verið í slagtogi við tyrknesku fasistahreyfinguna Gráu úlfana, sagðist hafa skipulagt morðið á páfa ásamt landa sínum og tveimur Belgum. Fjölmiðlar birtu þó fréttir þess efnis að Agca hefði gert þetta fyrir Gráu úlfana, sem fengu þrjár milljónir marka fyrir.

Páfi bað fólk um að „fyrirgefa bróður mínum, sem ég hef svo sannarlega gert“. Árið 1983 hittust þeir og prýddu forsíðu tímaritsins Time. Páfi var líka í ágætu sambandi við fjölskyldu Agca og hitti móður hans árið 1987.

Agca var fluttur til Tyrklands eftir að hann hafði afplánað dóm sinn. Þar var hann fangelsaður á ný fyrir morð á vinstrisinnuðum ritstjóra sem var framið meira en tuttugu árum áður.

MERKISATBURÐIR

1776 Konungur gefur út tilskipun um póstferðir á Íslandi. Slíkar ferðir hófust þó ekki fyrr en 1782.

1830 Ekvador fær sjálfstæði.

1848 Þjóðsöngur Finna, Maamme, frumfluttur. Lagið er eftir Fredrik Pacius en textinn eftir Johan Ludvig Runeberg.

1966 Íslenska ríkið kaupir Skaftafell í Öræfum undir þjóðgarð og var hann opnaður tveimur árum síðar. Jörðin er einn hundraðasti af flatarmáli Íslands.

2000 Sprenging verður í flugeldaverksmiðju í borginni Enschede í Hollandi með þeim afleiðingum að 22 láta lífið og 950 særast.

†

Ástkær dóttir okkar,

Fjóla Björk Sigurðardóttir

lést á gjörgæsludeild Landspítalans Fossvogi 3. maí sl. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 13. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Daufblindrafélag Íslands, reikningur 0515-26-405703, kt. 570394-2159 eða Blindrafélagið Hamrahlíð 17.

Guðrún Böðvarsdóttir
Böðvar Sigurðsson
Lára Jóna Sigurðardóttir
og fjölskyldur.

Sigurður Hannesson
Helena Guðmundsdóttir
Jón Baldvin Haraldsson

†

Þökkum innilega öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, stjúpföður, afa og langafa,

Þórhalls Guðmundssonar.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki deildar H-2 á Hrafnistu fyrir kærleiksríka umönnun og ástúð.
Guð blessi ykkur öll.

Steinunn Egilsdóttir
Berglind Þórhallsdóttir
Hafsteinn G. Þórhallsson
Hafþór R. Þórhallsson
Eygló S. Stefánsdóttir

Ragnar J. Guðjónsson
Margrét Guðmundsdóttir
Þórhallur Sveinsson

The job offers only shift-work and it would be great if applicants could start working soon.
For further information please contact Hólmfríður Ósk Guðbjörnsdóttir holly@worldclass.is

ÚRSLIT LIGGJA FYRIR Guðríður Halldórsdóttir, vöruþróunarsviði MS, Guðný Steinsdóttir, markaðsstjóri MS, og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra þegar úrslit lágu fyrir í teiknisamkeppni Alþjóðlega skólamjólkurdagsins.

Úrslit í samkeppni skólamjólkurdagins

Nú liggja fyrir úrslit í teiknisamkeppni Alþjóðalega skólamjólkurdagsins sem Mjólkursamsalan stóð fyrir.

Mikill fjöldi teikninga barst í keppnina en þátttakendur voru nemendur í fjórða bekk, grunnskóla landsins og fengu tíu nemendur fengu viðurkenningu fyrir teikningar sínar. Alþjóðlegi skólamjólkurdagurinn er haldinn hátíðlegur síðasta miðvikudag í september ár hvert að undirlagi Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, FAO. Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá Mjólkursamsölunni sem vil vekja athygli á mikilvægu hlutverki mjólkur í daglegu mataræði barna en mjólkurdrykkja hefur aukist í skólum og má það meðal annars rekja til mjólkurkælivéla sem eru í um helmingi íslenskra grunnskóla. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra var formaður dómnefndar tilkynnti hvaða tíu teiknarar hlutu verðlaun. Hver verðlaunahafanna fékk 25 þúsund krónur, sem renna í bekkjarsjóð vinningshafana. Vinningshafar eru: Bjarney Björt Björnsdóttir, Fellaskóla á Fljótdalshéraði; Þuríður Nótt Björgvinsdóttir, Fellaskóla á Fljótdalshéraði; Álfey Sól Haraldsdóttir, Hvaleyrarskóla; Eyjalín Harpa Eyjólfsdóttir, Grunnskóla Hornafjarðar; Andrea Thorsteinsson, Flúðaskóla; Camilla Rós Þrastardóttir, Grunnskóla Stykkishólms; Hróbjartur Höskuldsson, Hvassaleitisskóla; Kjartan Tryggvason, Hvassaleitisskóla; Arngrímur Guðmundsson, Hlíðaskóla, og Anna Jónína Guðmundsdóttir, Grunnskóla Önundarfjarðar. Vinningsteikningarnar verða notaðar á veggspjöld og annað kynningarefni vegna Skólamjólkurdagsins 2008. Sjá www.skolamjolk.is og www.ms.is.



Kynningarfundur um MPH Ex í Háskólanum í Reykjavík, 14. maí kl.12:00 í stofu 231, 2. hæð

MPH Ex

Háskólinn í Reykjavík kynnir nýtt og spennandi meistaranám í forystufræðum og nýsköpun á heilbrigðissviði, Master of Public Health Executive, í samvinnu við þrjá erlenda háskóla:

- **Columbia-háskólinn í New York**
- **McGill-háskólinn í Montreal**
- **Mayo Clinic í Rochester**

Öll kennsla í MPH Executive fer fram á Íslandi. Kennt er í lotum tvær helgar í mánuði og er námið sniðið að þörfum þeirra sem stunda atvinnu með námi. Meðal kennara eru virtir prófessorar frá samstarfsskólum HR.

MPH Ex nám er fyrir

- framsækna stjórnendur í heilbrigðismálum
- frumkvöðla sem vilja öðlast þekkingu til að koma hugmyndum sínum í verk
- metnaðarfulla einstaklinga sem ætla sér hlutverk í þeim breytingum sem framundan eru í heilbrigðismálum Íslendinga

Umsóknarfrestur er til 30. maí
Kynntu þér námið á www.hr.is

FRAMTÍÐIN ER HR

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

INGVAR HELGASON
NOTAÐIR BÍLAR

RÉTTU BÍLARNIR!

Nissan **Patrol** 3.0 Elegance
Ekinn 34 þús. Nýskr. 10/05
2005 Sjálfskiptur — Verð: 5.190.000 kr.

Nissan **Qashqai** SE 2.0 4WD
Ekinn 3 þús. Nýskr. 01/08
2008 Sjálfskiptur — Verð: 3.470.000 kr.

Hyundai **Terracan**
Ekinn 36 þús. Nýskr. 05/05
Verð áður: 3.560.000 kr.
2005 Sjálfskiptur — Nú: 2.190.000 kr.

Nissan **Murano** 3.5 V6
Ekinn 23 þús. Nýskr. 06/06
2006 Sjálfskiptur — Verð: 5.320.000 kr.

Mercedes **Benz** ML320
Ekinn 200 þús. Nýskr. 09/98
Verð áður: 1.190.000 kr.
1998 Sjálfskiptur — Nú: 680.000 kr.

Nissan **Terrano** 3.0 Elegance
Ekinn 104 þús. Nýskr. 12/04
2004 Sjálfskiptur — Verð: 2.850.000 kr.

Nissan **X-Trail** 2.0 Elegance
Ekinn 32 þús. Nýskr. 02/06
2006 Sjálfskiptur — Verð: 2.980.000 kr.

Nissan **Pathfinder** 2.5 LE 35“
Ekinn 23 þús. Nýskr. 06/06
Verð áður: 5.990.000 kr.
2006 Sjálfskiptur — Nú: 4.990.000 kr.

Toyota **Rav4**
Ekinn 40 þús. Nýskr. 09/04
2004 Sjálfskiptur — Verð: 2.560.000 kr.

Isuzu **Trooper**
Ekinn 170 þús. Nýskr. 08/02
Verð áður: 1.580.000 kr.
2002 Sjálfskiptur — Nú: 990.000 kr.

Að sjálfsögðu bjóðum við hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á. Með fyrirvara um prentvillur.

GÓÐ ÞJÓNUSTA

Þar sem bílakaup eru stór fjárfesting er afar mikilvægt að hjálpa fólki að velja bíl sem hentar. Við hjá Notuðum bílum leggjum ríka áherslu á að veita áreiðanlega ráðgjöf, enda fjölgar stöðugt í hópi ánægðra viðskiptavina okkar. Við leysum fagmannlega úr öllum málum og sýnum viðskiptavinum ávallt virðingu. Það er góð þjónusta!

INGVAR HELGASON
Sævarhöfða 2, Reykjavík | Sími 525 8000 | www.ih.is

IH
INGVAR HELGASON

ENNEMM / SÍA / NM33622

Flutningur á lækningastofu

Frá og með 1. maí flyst lækningastofa mín úr Lækningu Lágmúla 5, í Læknahúsið Domus Medica, Egilsgötu 3 , 101 Reykjavík.

Tímapantanir daglega milli kl 9-18 s:5631060
Dr. Karl Logason sérgrein æðaskurðlækningar og almennar skurðlækningar

STUÐ MILLI STRÍÐA Ferðast um framandi heima

ÞÓRUNN ELÍSABET BOGADÓTTIR ER AÐ FARA TIL ÚTLANDA

Það eru endalaust margir hlutir sem mig langar að gera og framkvæma í lífinu. Af því að tíminn virðist hlaupa svo frá manni og alltaf er jafn mikið að gera hef ég tekið upp á því að búa til alls konar lista til að skipuleggja mig. Listarnir eru mismerkilegir, til dæmis á ég skrifaðan lista yfir bíómyndir sem ég á eftir að sjá, bækur sem ég á eftir að lesa og tónlist sem ég á eftir að hlusta á. Það er svo mikið úrval af öllu þessu að ég kemst ekki yfir það að horfa, lesa og hlusta á allt jafnóðum.

Annar og öllu merkilegri listi sem ég hef í fórum mínum er listi yfir staði sem mig langar að ferðast til og upplifa, helst sem fyrst en allavega áður en ég dey. Það eru reyndar fáir staðir í heiminum sem myndu ekki komast einhvers staðar á þennan lista minn, en ætli það sé ekki frekar óraunhæft að ætla að ég nái nokkurn tímann að skoða allan heiminn. Þess vegna verður þetta að vera í einhvers konar röð.

Ég gerði mér samt grein fyrir því um daginn að það er ekki nóg að vera með svona lista. Ef eitthvað á að gerast verður maður að hætta að fara í endalausar helgarferðir til Köben eða London og fara að ferðast til staða sem maður hefur aldrei komið á áður. Í vikunni verður því hafist handa við að bæta úr þessu. Í þetta skiptið verða það Sameinuðu arabísku furstadæmin sem verða könnuð, nánar tiltekið Abu Dhabi og Dubai. Þar ætla ég bæði að fara í eyðimörk og skoða moskur og hallir. Svo ætla ég að skoða manngerðar eyjur, meðal annars eina í laginu eins og pálmatré, og sjö stjörnu hótelið sem stendur á einni af manngerðu eyjunum. Ef vel liggur á mér fer ég kannski á úlfaldabak. Svo get ég víst farið á skíði þrátt fyrir fjörutíu stiga hita og sól ef mig lystir. Héðan í frá verður stefnan sett á að ferðast á nýjan stað á hverju ári, eða allavega annað hvert ár. Og þau ár sem peningarnir, tíminn eða aðstæðurnar leyfa ekki ferðalög til framandi heima hef ég þó internetið og ferðabækurnar mínar til að betrumbæta listann.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Handan við hornið

Eftir Tony Lopes

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



THULE® SWEDEN

Upplifðu Ísland með Thule ferðavörum

Ferðabox verð frá 24.900,-

Allar upplýsingar um THULE® ferðaboxin
er að finna á vef Stillingar www.stilling.is

Stilling

www.stilling.is // stilling@stilling.is

Skeifan 11, 108 Reykjavik | Bíldshöfði 12, 110 Reykjavík | Smiðjuvegur 68, 200 Kópavogur | Dalshraun 13, 220 Hafnarfjörður
Draupnisgata 1, 600 Akureyri | Eyrarvegur 29, 800 Selfoss. | Sími: 520-8000

Kl. 12

Sérfræðileiðsagnir Þjóðminjasafnsins halda áfram í dag kl. 12. Að þessu sinni mun Gunnar Karlsson sagnfræðingur vera með leiðsögn um grunnsýninguna sem hann kallar: Að lesa Íslandssögu úr grunnsýningu Þjóðminjasafnsins. Býðst gestum safnsins þar með að fá nýja innsýn í safnkostinn og fræðast í leiðinni um sögu lands og þjóðar.

menning

menning@frettabladid.is

Frumlegur hugsuður mælir

Norræna húsið heldur áfram með dagskrá sína Byggingarlist í brennidepli í kvöld kl. 20. Þá flytur þar framsögu danski arkitektinn Bjarke Ingels sem hefur vakið athygli undanfarin ár fyrir óhefðbundna nálgun sína á viðfangsefnið. Ingels rekur eigin teiknistofu undir nafninu Big sem endurspeglar þann húmor, leikgleði og glettnu sjálfsímynd sem einkennir hönnun hans. Hann hefur hugtök og merkingar í flimtingum og segir meðal annars að vinna hans beinist ekki að litlu smáatriðunum heldur að heildarmyndinni og er óragur við að ögra viðtekinni hugmyndafræði 20. aldarinnar um fagurfræði. Sjálfur setur hann spurningarmerki við flesta hluti og notar eiturskarpa greiningarhæfileika sína til að leysa verkefni út frá því sem honum finnst vera kjarni þeirra.

Honum hafa meðal annars hlotnast hin virtu verðlaun Gullna Ljónsins á Feneyjatvíæringnum árið 2004 fyrir afar frumlega hugmynd að tónlistarhúsi í Stavanger og tilnefningu til Mies van der Rohe-verðlaunanna árið 2005 fyrir hús undir siglingarklúbb og frístundir ungs fólks við höfnina, þar sem kostnaðarsamur liður við að losna við mengun á lóðinni var leystur á snjallan hátt.

Bjarke hefur ekki einvörðungu fengist við að hanna og byggja hús, heldur beitir hann frumkvöðlagleði sinni til að skapa margvísleg verk á borð við stuttmyndir um nýja hugsun í hafnarmannvirkjum á alþjóðavísu, og heila borg úr dönskum Lego kubbum. Fyrir stuttu síðan vann hann samkeppni um heildarskipulag Øresundsparken í Kaupmannahöfn og um þessar mundir er hann einnig að finna í úrslitalotu í boðskeppni um höfuðstöðvar Landsbanka Íslands í miðbæ Reykjavíkur. - vþ

FALLEG BYGGING Hönnun Norræna hússins er ekkert slor.

MÁLVERKAUPPBOÐ

Guðmunda Andrésdóttir

Kristján Davíðsson

Erum að taka við verkum á næsta uppboð.
Fyrir viðskiptavini leitum við sérstaklega að Reykjavíkurmyndum eftir **Louisu Matt.**, módelmyndum eftir **Blöndal** og abstrakt verkum eftir **Svavar Guðnason**, **Þorvald Skúlason**, **Karl Kvaran** og **Kristján Davíðsson**.
Þá höfum við kaupendur að góðum verkum eftir **Mugg** og **Kjarval**

Vinsamlegast hafið samband sem fyrst við Pétur Þór í síma 511 7010 og 847 1600.

ÖRUGG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA LÆGRI SÖLULAUN.

Galleri BORG

Listmuna- og uppboðshús Reykjavíkur

Skipholti 35, 105 Reykjavík, Sími 511 70 10, fax 511 70 40, petur@galleriborg.is

OPIÐ KL 13-18
LOKAÐ SUNNUDAGA
OG MÁNUDAGA

LEIKLSIT Trúðurinn, ein grunneining í leikhúsi heimsins, fær sitt pláss á Litla sviðinu næstu vikur.

Dauðasyndir sjö og meira til

Trúðleikurinn á að vera fastur passi í stöðugri þjálfun allra leikara. Hann hefur ekki verið það. Mest vegna þess að rétta þjálfara hefur vantað, þá hefur þurft að sækja til útlanda þótt ýmsir íslenskir leikstjórar hafi rík efni til að leggja trúðleiknum lið. Sá þáttur í fari þeirra er ekki nýttur. Trúðleikurinn eykur sveigjuna í færni leikarans. Vitaskuld verða menn að hafa áhuga á þeirri fjölbreyttu tækni sem trúðleikur útheimtir en sú færni smitar yfir í allt sem leikari tekst á við eftir það.

Einstaka leikarar hafa lagt sig sérstaklega eftir trúðleik og sýning LR í Borgarleikhúsinu sem kennd er orðinn til fyrir áhuga þeirra Bergs Þórs Ingólfssonar og Halldóru Geirarðsdóttur sem bæði komu sér upp trúðsgervi fyrir fjölda ára. Ulfar og Barbara eru þeirra annað sjálf, hamur sem þau skjótast í, og rétt eins og í ævintýrinu gefur sá hamur þeim frelsi. Gjóla Hörpu Arnardóttur og Za-Ra Höllu Margrétar eru nýrri hamir. Raunar sást vel í trúðleiknum á fimmtudagskvöldið að sumir voru komnir lengra en aðrir í þessu fágaða formi hreins leiks.

Efni sýningarinnar er samkvæmt titlinum dauðasyndirnar sjö. Hvort sem það var upphaflega hugmyndin sem leiddi hópinn undir stýri Rafaels Bianciotto á vit Dante skal ósagt látið: Gleðileikurinn guðdómlegi gefur vissulega tækifæri að fara um svið dauðasyndanna en þessi tvö viðfangsefni takast á í verkinu, raunar svo harkalega að bæði líða fyrir: að rekja ferð Dante við leiðsögn Virgils til neðsta vítis og tilbaka á hæstu hæðir Paradísar, og hitt að gera dauðasyndunum sjálfum verðug skil. Það er einfaldlega færst of mikið í fang. Þriðja efnið bætist svo við: kynning trúðsins á sjálfum sér og skýring á reglum leiksins sem er ærið rúmfrekt í framgangi sýningarinnar. Þrjú stór efni í einni sýningu þýða að hvert þessara efna líður fyrir plássleysið í ríflega tveggja tíma leik sem hefst raunar löngu fyrir auglýstan sýningartíma því fjórmenningarnir taka á móti leikhúsgestum í tíma, leiða þá til sætis og hefja leikinn löngu fyrir átta.

Þetta var skemmtilegt kvöld um margt og athyglisvert. Ég fór spenntastur að sjá Hörpu, missti af henni fyrir norðan og hét mér þá að ekki skyldi ég héðan í frá missa af neinu sem Harpa Arnardóttir gerir. Hún er fágætur listamaður og gerir allt vel, hefur alltaf sína sérstöku sýn á viðfangsefni, leiðir það alltaf í óþekkta vegu, ein af þessum stóru leikkonum sem fólk hefur ekki fattað hvað er mikill fengur fyrir íslenska leiklist. Svona getur maður verið eigingjarn – fer bara á leiksýningu til að sjá einn leikara.

Ekki það að Harpa hafi að þessu sinni borið af: hér standa bókstaflega allir aðrir í skugganum af Halldóru Geirharðsdóttur sem trónir eins og hofróða í opinberri veislu yfir öðrum. Líkast til vegna þess að hún hefur tekið plássið eins og hofróður gera gjarna: frekasti krakkinn fer fremst. Hún er annar listamaður í íslenskum kvennaflokki sem hefur á rétt tíu árum frá því hún kom til starfa hjá LR stikað sér miðjustað í leikflokknum íslenska. Hér er hún enda í essinu sínu: óhrædd, hiklaus, djörf og dásamleg í þreföldu nei margföldu hlutverki sem hún víkur sér fimlega til og frá í.

Bæði Bergur og Halla lenda einhvern veginn í skugganum, Halla veikust og skemmst á veg komin í tökum sínum á þessu erfiða formi, Bergur líkt og fararstjóri í þessari för sem er alltaf að passa upp á alla – og er þó að leika einn nafngreint stakt hlutverk, Dante sjálfan. Úlfshamur Bergs er enda ekki flókinn í trúðleiknum, svolítið þunnur og ekki óútreiknanlegur eins og Barbara.

Þetta er skemmtileg og athyglisverð sýning fyrir margra hluta sakir. Eitthvað af henni er spunnið í hvert sinn, það er ein reglan í leiknum. Svo er unaðslega gaman að sjá Litla sviðið aftur í þeirri fúnksjón sem það var hugsað til í upphafi sem vettvangur leikarans í frjálsu falli þótt alltaf sé erfitt að ná bæði upp á svalirnar og niður: sem er sérstakt viðfangsefni fyrir alla sem þar vinna og kallar á vísvitandi rannsókn í fókusmiðun hjá leikara.

Allur frágangur á sýningunni er fyrsta flokks. Hún á skilið níu sinnum níu sýningarkvöld – er fyrir alla fjölskylduna og á örugglega eftir að slípast fái hún þá aðsókn og athygli sem áhorfendur eiga skilið. Ekki missa af Dauðasyndunum. **Páll Baldvin Baldvinsson**

LEIKLIST

Dauðasyndirnar

eftir leikhóp og aðstandendur – og Dante.

Ljós: Halldór Örn Óskarsson. Hljóð: Ólafur Thoroddsen. Búningar: Helga Stefánsdóttir. Leikmynd: Helga og Rafael Biancotto. Tónlistarstjórn: Kristjana Stefánsdóttir. Hreyfingar: Ariane Anthony. Leikstjóri: Rafael Biancotto.
Leikfélag Reykjavíkur á Litla sviði Borgarleikhússins.

★★★★

Fín skemmtun af flínkum trúðum.

TÓNLIST Þær stöllur í afslappelsi á útimarkaði í fatadóti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Amiina á tónleikum

Strengjasveitin Amiina setur sterkan svip á fyrstu sólarhringa Listahátíðar sem hefst á fimmtudag. Þær stöllur koma fram á opnunarhátíðinni í Listasafni Reykjavíkur sem landsmenn geta notið í beinni útsendingu í sjónvarpi allra landsmanna.

Þá um kvöldið verður fyrri konsert þeirra í Listasafnsportinu með Kippa Kanínus og fleiri félögum þeirra úr tónlistarbransanum. Verða fimmtán hljóðfæraleikarar í þessari maxi-útgáfu af Amiinu en seinni tónleikarnir verða kvöldið eftir á sama stað.

Amiina er í vitund manna partur af Sigur Rósar-ævintýrinu. Hinar háttprúðu stúlkur í strengjasveitinni standa nú orðið á eigin fótum og eru þessir tónleikar sem framundan eru til marks um það. Þær hafa verið hlaðnar verkefnum: fyrsti diskur þeirra Kurr kom út í mars og nú takast þær á við kvikmyndatónlist, lögðu lag sitt við hinn kunna bandaríska söngvara Lee Hazelwood í fyrra.

Edda Rún Ólafsdóttir, Hildur Ársælsdóttir, María Huld Markan Sigfúsdóttir og Sólrún Sumarliðadóttir eru allar menntaðar frá unga aldri í tónlist, fyrst hér heima og líka erlendis. Hildur í Kaupmannahöfn, María í Dartington College, Sólrún í Utrecht og Goldsmiths í London. Þetta eru menntaðar konur og ánægjulegt að þær skuli nú hafa smíðað sér stall. Fram undan og að balli eru tónleikaferðir og hafa menn einstakt tækifæri til að sjá Amiinu á fullum styrk í Listasafni Reykjavíkur í Grófinni, fyrst á opnunarhátíð Listahátíðar og síðar, ef vill á tónleikum fimmtudags og föstudagskvöld sem hefjast bæði kvöldin kl. 22.

pbb@frettabladid.is

GRAFÍKVERK EFTIR ELÍAS B. HALLDÓRSSON Eitt af verkunum sem sjá má á Skriðuklaustri.

Grafík og fornmunir á Skriðuklaustri

Sýning á grafíkverkum Elíasar B. Halldórssonar, sem sýnd eru í samspili við sögur Gyrðis Elíassonar, var opnuð í byrjun mánaðarins á Skriðuklaustri. Á sýningunni, sem ber heitið Sögur í mynd, eru 25 myndskreytingar Elíasar úr bókum Gyrðis ásamt tveimur málverkum sem notuð voru á bókarkápur. Þá eru valdar sögur Gyrðis sýndar og lesnar meðfram myndlistinni.

Á sama stað stendur einnig yfir sýning á grafíkverkum eftir Elvu J. Th. Hreiðarsdóttur og í hina föstu sýningu um fornleifarannsóknir á svæðinu hafa bæst munir frá Þjóðminjasafni Íslands sem fundist hafa við uppgröftinn og tengjast trúarlífi.

Að sjálfsögðu er föst sýning um Gunnar Gunnarsson á sínum stað á Skriðuklaustri og boðið upp á leiðsögn um húsið alla daga.

- vþ



Allt að 80% fjármögnun



Kauptu notaðan bíl
hjá Brimborg í dag

Allur virðisaukaskattur

Opið í dag
frá kl. 9 til 20

í dag
í kvöld

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | notadir.brimborg.is

í dag Brimborg afnemur ígildi vasksins af öllum notuðum bílum til klukkan 20

irðisauka-rinn burt

Allt að 80% fjármögnun

Brimborg afnemur ígildi virðisauka-skattsins af öllum notuðum bílum í dag til kl. 20. Komdu í Brimborg og kauptu þér nýjan notaðan bíl á frábæru verði.

Komdu í kaffi og kleinur

Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu nýjan notaðan bíl - farðu síðan á bgs.is og sannreyndu tilboð dagsins í dag.

Komdu í Brimborg

brimborg

Öruggur staður til að vera á

> VILL EIGNAST BARN

Paris Hilton segist sannfærð um að hún verði góð móðir. Á veftímaritinu Femalefirst segist hótelerfinginn gjarnan vilja eignast barn og feta í fótspor vinkonu sinnar Nicole Richie sem eignaðist sitt fyrsta barn fyrr á árinu. Paris hefur átt mörg gæludýr í gegnum tíðina og segist sannfærð um að sú reynsla geri hana að betri móður.

fólk

folk@frettabladid.is

Eurobandið sigrar á Retro-barnum

■ Í Belgrad er allt að smella saman. Næstu daga snýst allt um æfingar, blaðamannafundi, partí, æfingar með búningum og svo þrjár beinar útsendingar. Keppnin fer fram í viðburðahöllinni í Belgrad sem er með stærstu höllum í Evrópu – er 48.000 fermetrar og tekur 23.000 manns í sæti. Serbneska þjóðin er sífellt að fyllast meiri áhuga á keppninni enda eru fleiri þúsund gestir farnir að streyma að, bæði keppendur og aðdáendur keppninnar.

■ Nú þegar örfáir aðdáendaklúbbar eiga eftir að spá fyrir um úrslit Eurovision virðist lítið ætla að breytast. Svíar eru enn öruggir sigurvegarar samkvæmt spám euronörda og Ísland er enn í sjöunda sæti. Hið íslenska framlag Eurobandins vann hins vegar á fjölmennu Eurovision-kvöldi nýlega á Retro-barnum í London. This Is My Life fékk 184 atkvæði, en sænska bomban fylgdi fast á eftir eins og botox-bólginn Glámur á eftir Gretti með 171 atkvæði.

UNNU Á RETRO-BARNUM Í LONDON Eurobandið er farið til Belgrad.

EUROVISION

NÍU DAGAR TIL STEFNU

Samgönguráð

Flugmálastjórn Íslands - Siglingastofnun Íslands - Vegagerðin
Samgönguráðuneytið

Stefnumótun í samgöngum

Samgönguráð efnir til sjöunda og síðasta fundar í fundaröð sinni um stefnumótun í samgöngum. Fundarefnið að þessu sinni er:

Nútíma upplýsingatækni í samgöngum
Áætlun um leiðsögu- og upplýsingakerfi

Arnór B. Kristinsson Flugstoðum ohf. fjallar um flugleiðsögu

Guðjón Scheving Tryggvason Siglingastofnun fjallar um leiðsögu til sjós

Björn Ólafsson Vegagerðinni fjallar um landleiðsögu

Umræður og fyrirspurnir

Fundarstjóri er Dagur B. Eggertsson formaður samgönguráðs

Erindin byggjast á væntanlegri leiðsöguáætlun, nýrri stefnumótun frá samgönguráðuneytinu. Gera má ráð fyrir að leiðsögutækni muni auka öryggi, hagkvæmni og afköst í öllum samgöngugreinum í náinni framtíð.

Fundurinn verður haldinn fimmtudaginn 15. maí 2008 kl. 15:00 – 17:00 á Hótel Sögu Reykjavík í salnum Harvard II. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill. Væntanlegir þátttakendur eru vinsamlegast beðnir að skrá sig á netfangið postur@sam.stjr.is eigi síðar en klukkan 12:00 þann 15. maí 2008.

Grunnskólakennarafræði B.Ed.

Metnaðarfullt nám sem nemendur geta mótað eftir áhugasviði. Hægt er að velja um fjórtán spennandi kjörsvið.

MENNTAVÍSINDASVIÐ www.khi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Umsóknarfrestur er til **5. júní** / Skráning og upplýsingar á **www.khi.is**

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 42203 05/08

Stjörnur í ofurhetjustíl

Hollywood-stjörnurnar slást um boðskortin í hinn árlega Costume Institute Gala, sem haldinn er í Metropolitan-safninu í New York. Þema kvöldsins í ár var Ofurhetjur: tíska og hugmyndaflug, og áttu stjörnurnar að hafa það að leiðarljósi við klæðaval. Ekki voru allir ofurhetjulegir á rauða dreglinum, en skörtuðu engu að glæsilegum klæðnaði.

GLAMPAR Á CAROLINU Fyrirsætan Carolina Kurkova klæddist silfurlitum kjól frá Veru Wang á viðburðinum.

HÖNNUÐUR OG GESTGJAFAR George Clooney, Julia Roberts og Giorgio Armani sjálfur voru gestgjafar kvöldsins. Þau klæddust að sjálfsögðu öll fötum frá Armani, en Julia er í kjól frá Armani Privé.

ARMANI Á ALLA KANTA Tom Cruise og Katie Holmes klæddust bæði hönnun Armani, og mættu þar að auki með Robertu Armani upp á arminn.

GLÆSILEG GISELE Gisele Bündchen er oftar kölluð ofurfyrirsæta en ofurhetja, en hér skartar hún kjól frá Atelier Versace.

FJÓLUBLÁ DRAMATÍK Eva Longoria mætti í dramatískum kjól frá Marchesa.

Meira upplífgandi en áður

Nýjasta plata Sigur Rósar er tilbúin og kemur hún í búðir í næsta mánuði. Sveitin lagði lokahönd á gripinn í New York fyrir skömmu og útkoman er styttri lög en oft áður og órafmagnaður undirtónn.

„Hún er svolítið öðruvísi en áður. Hluti af henni er meira upplífgandi heldur en við höfum gert," segir bassaleikarinn Georg Hólm um plötuna, sem hefur að geyma ellefu lög. „Eina ákvörðunin sem við tókum áður en við fórum í stúdíóið var að okkur langaði að vinna dálítið hratt og kýla á þetta. Þótt það væru villur og feilnótur vildum við leyfa þeim að flakka," segir hann. Til að mynda var eitt lag á plötunni tekið upp „live" í hinu víðfræga hljóðveri Bítlanna, Abbey Road, með aðstoð Sinfóníuhljómsveitar Lundúna og drengjakórs.

Sigur Rós býr sig nú undir umfangsmikla tónleikaferð um heiminn sem hefst í Mexíkó 5. júní, þar sem hún kemur fram í fyrsta sinn. Í sumar verður spilað á fjölda tónlistarhátíðina og með í för sem fyrr verða stúlkurnar í Amiinu auk hljómsveitar Samúels J. Samúelssonar, Brassgat í bala. Í haust ætla félagarnir í Sigur Rós að halda tónleikaferðinni áfram aðeins fjórir saman, sem þeir hafa ekki gert lengi. „Það verður spennandi að sjá hvernig það gengur en það verður kannski svolítið tómlegt eftir sumarfestivölin. Þetta verður mikil áskorun," segir Georg. Tónleikaferðinni erlendis lýkur í lok nóvember og í framhaldinu eru fyrirhugaðir lokatónleikar á Íslandi.

SIGUR RÓS Hljómsveitin Sigur Rós gefur út glænýja plötu í næsta mánuði.

NÓATÚN

Gott á þriðjudegi

37% AFSLÁTTUR

SPRENGI-TILBOÐ!

Ítalskar nautahakkbollur í tómatsósu **998** kr. kg

Nóatún mælir með

Sjóbleikja flök **998** kr.kg

Ýsa með hvítlauk og rjómaosti **1.098** kr.kg

Goða Bratwürst grillpylsur 20% afsláttur

Gæðabakstur Sólkjarna rúgbrauð **169** kr.pk.

Chrome 3ja bolla pressukanna **1.890** kr.stk

Betty Crocker pönnukökumix, 2 teg. **299** kr.stk

Sho Rite álpappír **199** kr.pk

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl EXPO

Glæsileg heimasíða

www.noatun.is

LÉTTIR ÞÉR LÍFIÐ

Á kafi í forarpytti Liberty

Hversu langt myndirðu ganga til að ná fram hefndum? Og hvað myndirðu vera tilbúinn að gera til að upplifa hinn ameríska draum? Þetta eru spurningar sem Nico Bellic, austur-evrópskur innflytjandi, þarf að svara við komuna til Ameríku. Nico er kominn til Liberty-borgar til að hitta frænda sinn Roman sem hefur freistað hans með sögum um flott hús, djarfar dömur og stafla af peningum. Við komuna þangað kemst Nico fljótt að því að Roman hefur fyllt hug hans af draumórum og kaldur veruleikinn bíður hans. Það tekur ekki langan tíma fyrir frændurna að blandast í deilur glæpafjölskyldna borgarinnar og eftir það verður ekki aftur snúið.

Umdeildur frá upphafi

Grand Theft Auto, eða GTA eins og leikurinn er oftast kallaður, er ein frægasta tölvuleikjasería sem komið hefur út. GTA er það sem kallast sandbox-leikur, sem táknar stóran heim þar sem er hægt að fara hvert sem er og gera nærri hvað sem leikmanni dettur í hug.

Leikirnir hafa selst í milljónavís og oftar en einu sinni ratað á forsíður blaðanna, sjaldnast í góðu ljósi. Fjölmiðlar og sumir stjórnmálamenn hafa oft verið fljótir í gegnum tíðina að kenna GTA-leikjunum um allt sem er að, og ófáir glæpamenn í Bandaríkjunum hafa notað það sér til málsvarnar að þeir væru bara að apa eftir GTA þegar þeir frömdu glæpi. Því verður ekki neitað að leikirnir hafa átt hluta af gagnrýninni skilið, en á sama tíma hefur oft verið auðvelt að kenna leiknum um hluti sem hann ber litla sök á.

GTA 4 er búinn að vera í um fjögur ár í framleiðslu og eftirvæntingin hefur verið gríðarleg á heimsvísu. Eftir að hafa spilað og klárað leikinn í meira en 55 tíma er auðvelt að sjá af hverju. GTA 4 er fyrsti leikurinn fyrir næstu kynslóð leikjavéla og kemur hann út á bæði Playstation 3 og Xbox 360. Eftir að hafa spilað báðar útgáfurnar er hægt að segja að leikurinn skín á báðum vélunum.

Sögusvið leiksins er ótrúlegt, og ekki er annað hægt en að dást að Rockstar og hvað þeir hafa lagt mikla vinnu í að búa til sína útgáfu af New York-borg. Þegar leikurinn ræsir sig upp í fyrsta sinn hleður hann sig í smástund og síðan lítið sem ekkert eftir það. Heimurinn er gríðarstór og auðveldlega hægt að eyða tugum klukkutíma í að ferðast í gegnum borgina og skoða hvern krók og kima, hvort sem þú tekur lestina, leigubíl eða hreinlega stelur flotta sportbílnum sem mætti þér á síðustu gatnamótum.

Marley og Queen með lög

Eitt af því sem GTA-leikirnir hafa verið þekktir fyrir er frábær saga, raddsetningar og góð tónlist. Margir frægir tónlistarmenn eða leikarar hafa léð leiknum sína rödd í gegnum tíðina og í þessum leik er engin undantekning þar á. Í leiknum má heyra raddir eða tónlist eftir Phil Collins, Thin Lizzy, Queen, Bob Marley, Karl Lagerfeld, Iggy Pop, Juliette Lewis og Ruslönu úr Eurovision, sem er einnig kynnir á einni af fjölmörgum útvarpsstöðvum í leiknum. Það er hægt að eyða heilu dögunum bara í að hlusta á útvarpsstöðvarnar eða sjónvarpsstöðvarnar einar og þættina sem er þar að finna.

Þegar þú ert ekki að fara í gegnum söguþráð leiksins eða ótal fjölda aukaverkefna eða hluta sem er hægt að gera í borginni, þarftu að rækta vinasamböndin sem Nico myndar á leið sinni. Til að eiga samskipti við vini þína eða kærustur sem er hægt að eignast í leiknum þarftu bara að ýta upp á fjarstýringuna og þá smellur upp GSM-sími. Síminn er lífæð Nico í leiknum og í gegnum hann er hægt að fara í verkefni, báta eða götukappakstur, hitta vinina og fara í keilu, pool, á djammið eða bara skella sér á grínklúbb og sjá t.d. Ricky Gervais troða upp. Fyrir utan allt þetta er GSM-síminn líka leið inn í fjölspilunarpart leiksins. Allt er þetta gert á auðveldan og snöggan hátt sem tekur þig ekki úr upplifuninni á leiknum.

Besti GTA-leikurinn

GTA 4 er fyrsti leikurinn í seríunni sem býður upp á fjölspilun. Hægt er að spila með 2-16 leikmenn í um 10 mismunandi leikjategundum. Í sumum af þeim eru leikmenn að vinna saman í liðum að leysa verkefni, skjóta hvern annan eða keppa í götuakstri. Það sem kannski kemur mest á óvart við allt þetta er að borgin í leiknum er sögusviðið og hægt er að fara nær hvert sem þú vilt og á hvaða hátt sem er, og býður það upp á ótrúlega skemmtilegan og fjölbreyttan netspilunarmöguleika.

Eftir allan þennan tíma og óendanlega eftirvæntingu og vonir, er einhver leið að leikurinn standist væntingar? Stutta svarið er já og meira en svo, leikurinn stendur upp úr sem sá besti í seríunni og skartar persónum sem þér þykir vænt um, sögu og hasar sem er betri en margar Hollywood-sumarmyndirnar sem koma hingað á klakann. Grafík og tónlist er með því flottasta sem hefur sést og Euphoria „physics"-vélin sem stjórnar öllu umhverfi, hlutum og fólki er nokkuð sem þarf að sjá til að trúa. Þetta er leikur sem endist auðveldlega um 40-80 tíma og meira ef fólk er tilbúið að sökkva sér djúpt í forarpyttinn sem Liberty City er.

Foreldrar verða bara að muna að GTA-leikirnir hafa ávallt verið fullorðinsleikir og þar af leiðandi bannaðir innan átján ára. Þeir eru ekki beint hæfir fyrir fermingarbarnið á heimilinu. Aftur á móti ættu þeir sem eru 18 ára og eldri og hafa gaman af hasar og skemmtun ekki að hika við að skella sér á þennan leik.

Sveinn A. Gunnarsson

TÖLVULEIKIR

Grand Theft Auto 4

Kominn út á PS3 og XBox 360.

Pegi: 18+ Í leiknum er ofbeldi, ljótt orðbragð og takmörkuð nekt.

★★★★★

Upplifun ársins og skyldueign allra sanna leikjaunnenda.

INDIANA JONES SNÝR AFTUR EFTIR 9 DAGA

HEIMSFRUMSÝND 22. MAÍ

STÆRSTA ÆVINTÝRAMYND SÍÐARI ÁRA!!!

FORSALA HAFIN Á www.midi.is - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA

spron

> Hlynur og Pálína best

Hlynur Bæringsson, Snæfelli, og Pálína Gunnlaugsdóttir, Keflavík, voru valin bestu leikmenn ársins á Lokahófi KKÍ um helgina. Þau Hlynur og Pálína voru einnig valin bestu varnarmennirnir. Sigurður Gunnar Þorsteinsson, Keflavík, og Ragna Margrét Brynjarsdóttir, Haukum, voru valin bestu ungu leikmennirnir og bestu þjálfararnir voru Keflvíkingarnir Sigurður Ingimundarson og Jón Halldór Eðvaldsson. Sigmundur Már Herbertsson var valinn besti dómarinn fjórða árið í röð.

sport

sport@frettabladid.is

FJÖLNIR STIMPLAÐI SIG HRESSILEGA INN Í EFSTU DEILD MEÐ SANNFÆRANDI SIGRI GEGN ÞRÓTTI Í FYRSTA LEIK:

Eitt stórt kjaftshögg frá fljúgandi Fjölnismönnum

Fjölnismenn sýndu allar sínar bestu hliðar gegn Þrótturum í nýliðaslag á Valbjarnarvelli í gær og sigruðu 0-3. Fyrsta mark leiksins leit dagsins ljós á 25. mínútu þegar Gunnar Már Guðmundsson skoraði eftir sendingu Ólafs Páls Snorrasonar. Þetta var jafnframt fyrsta mark Fjölnis í efstu deild og í raun vel við hæfi að Gunnar Már hafi skorað en hann hefur fylgt félaginu frá neðstu deild til þeirrar efstu og skorað í öllum deildum.

Um leið og Þróttarar byrjuðu að færa sig framar á völlinn í leit að jöfnunarmarki opnuðust óhjákvæmilega svæði sem Fjölnismenn kunnu vel að nýta sér og gerðu það til hins ítrasta. Tómas Leifsson og Pétur Georg Markan léku á als oddi og sköpuðu mikla hættu með skyndiupphlaupum sínum og Pétur Georg skoraði annað mark Fjölnis á 61. mínútu eftir að hafa leikið á Eystein Lárusson á vinstri kantinum. Gunnar Már kórónaði svo frábæran leik með öðru marki sínu og þriðja marki Fjölnis á 86. mínútu þar sem varamennirnir Ómar Hákonarson og Davíð Þór Rúnarsson sáu um undirbúninginn. Lokatölur urðu sem segir 0-3 og maður leiksins Gunnar Már var að vonum ánægður í leiklok.

„Það er frábært að vinna fyrsta leikinn sem Fjölnir spilar í efstu deild og markmiðið var að sjálfsögðu að skora fyrsta markið og það tókst hjá mér," sagði Gunnar Már, og þjálfari hans var að sama skapi sáttur.

„Ég er náttúrlega í skýjunum með að koma með þessum hætti inn í Landsbankadeildina. Við spiluðum öflugan varnarleik og vorum að skapa okkur mikið af færum fram á við og leikurinn þróaðist eiginlega alveg eins og ég var að vona," sagði Ásmundur Arnarsson sáttur.

Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar, gat ekki leynt vonbrigðum sínum í leikslok.

„Þetta var bara eitt stórt kjaftshögg. Við virkuðum taugaveiklaðir og hræddir við að byrja þetta Íslandsmót og við vitum sem er að við þurfum að bæta okkar leik til muna ef við ætlum að fara að safna stigum á töfluna," sagði Gunnar.

ÚRSLITIN

Enska úrvalsdeildin

BIRMINGHAM CITY-BLACKBURN	4-1
1-0 David Murphy (31.), 1-1 Morten Gamst Pedersen (49.), 2-1 Cameron Jerome (73.), 3-1 Jerome (89.), 4-1 Fabrice Muamba (93.).	
CHELSEA - BOLTON WANDERERS	1-1
1-0 Shevchenko (62.), 1-1 Kevin Davies (93.).	
DERBY COUNTY - READING	0-4
0-1 James Harper (15.), 0-2 Dave Kitson (61.), 0-3 Kevin Doyle (69.), 0-4 Leroy Lita (88.).	
EVERTON - NEWCASTLE UNITED	3-1
1-0 Yakubu Aiyegbeni (31.), 1-1 Michael Owen (46.), 2-1 Lescott (70.), 3-1 Aiyegbeni (82.).	
MIDDLESBROUGH - MANCHESTER CITY	8-1
1-0 Stewart Downing (16.), 2-0 Afonso Alves (37.), 2-0 Alves (38.), 3-0 Downing (58.), 4-0 Alves (60.), 5-0 Adam Johnson (70.), 6-0 Fabio Rochemback (80.), 7-0 Jeremie Aliadiere (85.), 7-1 Elano (87.), 8-1 Afonso Alves (90.).	
PORTSMOUTH - FULHAM	0-1
0-1 Danny Murphy (76.).	
SUNDERLAND - ARSENAL	0-1
0-1 Theo Walcott (24.).	
TOTTENHAM HOTSPUR - LIVERPOOL	0-2
0-1 Voronin (69.), 0-2 Fernando Torres (74.).	
WEST HAM UNITED - ASTON VILLA	2-2
1-0 Nolberto Solano (8.), 1-0 Nolberto Solano (10.), 1-1 Ashley Young (14.), 1-2 Gareth Barry (58.), 2-2 Dean Ashton (88.).	
WIGAN ATHLETIC - MANCHESTER UNITED	0-2
0-1 Cristiano Ronaldo (33.), 0-2 Ryan Giggs (80.)	

LOKASTAÐA Á TOPPI OG BOTNI:

Man. United	**38**	**27**	**6**	**5**	**80-22**	**87**
Chelsea	38	25	10	3	65-26	85
Arsenal	**38**	**24**	**11**	**3**	**74-31**	**83**
Liverpool	38	21	13	4	67-28	76
Everton	**38**	**19**	**8**	**11**	**55-33**	**65**
Aston Villa	38	16	12	10	71-51	60
Blackburn	**38**	**15**	**13**	**10**	**50-48**	**58**
Portsmouth	38	16	9	13	48-40	57
Bolton	38	9	10	19	36-54	37
Fulham	**38**	**8**	**12**	**18**	**38-60**	**36**
Reading	38	10	6	22	41-66	36
Birmingham	**38**	**8**	**11**	**19**	**46-62**	**35**
Derby	38	1	8	29	20-89	11

MARKAHÆSTIR

Cristiano Ronaldo Man. United	**31**
Emmanuel Adebayor Arsenal	24
Fernando Torres Liverpool	**24**

1. deild karla í fótbolta

ÍBV-Leiknir R.	2-0
Atli Heimisson skoraði bæði mörkin.	
Njarðvík-Stjarnan	0-0
Haukar-Víkingur Ó.	1-1
Hilmar Geir Eiðsson - Brynjar Víðisson, víti	
KA-Fjarðabyggð	2-2
0-1 Guðmundur Atli Steinþórsson, 1-1 Arnar Már Guðjónsson, 2-1 Steinn Gunnarsson, 2-2 Vilberg Marinó Jónasson.	
Víkingur-Selfoss	2-3
0-1 Agnar Bragi Magnússon (12.), 1-1 Þórhallur Hinriksson (37.), 2-1 Jón Guðbrandsson (40.), 2-2 Sævar Þór Gíslason (71.) 2-3 Sævar Þór, víti (84.).	

Landsbankadeild kvenna

Valur-Þór/KA	5-1
1-0 Katrín Jónsdóttir (2.), 2-0 Katrín Jónsdóttir (6.), 3-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (15.), 4-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (45.), 5-0 Málfríður Erna Sigurðardóttir, 5-1 Bojana Besic (90.).	

Lið ársins í körfuboltanum

Iceland Express-deild karla

Brenton Birmingham Njarðvík	2. skipti
Sveinbjörn Claessen ÍR	1. skipti
Páll Axel Vilbergsson Grindavík	5. skipti
Hreggviður Magnússon ÍR	1. skipti
Hlynur Bæringsson Snæfelli	6. skipti

Iceland Express-deild kvenna

Hildur Sigurðardóttir KR	6. skipti
Pálína Gunnlaugsdóttir Keflavík	1. skipti
Kristrún Sigurjónsdóttir Haukum	1. skipti
Sigrún Ámundadóttir KR	1. skipti
Signý Hermannsdóttir Val	4. skipti

1. deild karla

Rúnar Ingi Erlingsson	Breiðabliki
Kristján Rúnar Sigurðsson	Breiðabliki
Árni Ragnarsson	FSu
Steinar Kaldal	Ármanni/Þrótti
Sævar Sigurmundsson	FSu

Landsbankadeild karla

Íslandsmeistarar Vals gengu í gær frá kaupunum á danska miðjumanninum **Rasmus Hansen** sem er 29 ára og 177 cm á hæð. Hansen kemur frá Randers þar sem hann hefur spilað síðustu fimm ár. Þar á undan lék hann með Silkeborg. Samningur hans við Val er til loka tímabilsins með möguleika á framlengingu.

Ekki hægt að toppa þetta

Ólafur Stefánsson átti stórleik á sunnudaginn þegar hann vann Meistaradeildina í handbolta í þriðja sinn á ferlinum og tryggði sér markakóngstitilinn. Dagur Sigurðsson líkir Ólafi við Svíana sem urðu bara betri með aldrinum.

HANDBOLTI Ólafur Stefánsson var maðurinn á bak við sigur spænska liðsins Ciudad Real í Meistaradeildinni. Ólafur talaði trúna í sína menn fyrir leikinn og skoraði síðan tólf mörk í úrslitaleiknum, þar sem Ciudad vann sex marka sigur á Kiel á afar erfiðum útivelli.

„Þetta var einn af mínum flottustu leikjum á ferlinum, sérstaklega af því að þetta var það óvænt, við að spila á svona erfiðum velli og öll veðmál á móti okkur. Þetta safnaðist allt saman í einn allsherjar draum," sagði Ólafur Stefánsson eftir leikinn.

Þeir voru ekki margir sem bjuggust við þessum úrslitum eftir tveggja marka tap Ólafs og félaga á heimavelli í fyrri leiknum en mörkin tólf dugðu Ólafi til að verða markahæsti leikmaður Meistaradeildarinnar.

„Ég sé ekki hvernig hægt er að toppa þetta. Í þessum leik þegar liðið virkilega þarf á honum að halda kemur hann bara og rúllar þessu upp," sagði Dagur Sigurðsson, þegar Fréttablaðið leitaði til hans um að meta afrek Ólafs Stefánssonar. „Hann átti líka stóran þátt í því að tala félaga sína inn á að þetta væri hægt," sagði Dagur.

„Það vantaði alveg ótrúlega mikið í liðið hjá Ciudad, sem gerir þetta enn ótrúlegra. Það vantaði markaskorara í liðið og hann tók þvílíkt af skarið. Þetta var magnað afrek hjá honum," segir Dagur, sem líkir Ólafi við menn eins og Magnus Wislander og Staffan Olsson sem urðu bara betri með aldrinum.

„Þetta var ekkert ósvipað og maður sá hjá Svíunum. Þar voru góðir leikmenn sem eldast vel þegar þeir eru tiltölulega lausir við meiðsli. Metlicic hefur verið að spila á móti Ólafi í þessari stöðu og hann hefur verið mikið meiddur í vetur þannig að Óli hefur að hluta til spilað sig í form. Ég veit líka að hann er mjög stemmdur fyrir Ólympíuleikana, það drífur hann áfram. Ef ég þekki hann rétt er hann líka búinn að vera að taka aukalega á því og það skilar sér," sagði Dagur.

SIGURSTURTAN Ólafur Stefánsson í kampavínssturtu frá félaga sínum í Ciudad Real eftir leik. NORDICPHOTOS/AFP

Ólafur segist þó finna mun á sér. „Munurinn á mér sést ekki mikið inni á vellinum en ef fólk væri með mér í 24 tíma á sólarhring sæi það mun á mér á milli æfinga og leikja," segir Ólafur auðmjúkur að vanda.

Ólafur og félagar unnu þar með alla fimm titlana sem voru í boði á þessu tímabili. „Við höfðum trú á þessu og okkur fannst að þetta hefði verið hálfgert slys heima. Kiel er með gott lið og þeir komu mjög vel undirbúnir í fyrsta leikinn og komu okkur á óvart með mörgum hlutum. Við eyddum bara vikunni í að fara yfir það," sagði Ólafur.

„Þó svo að við höfum verið með marga meidda menn vorum við líka með fullt af góðum mönnum sem voru eftir. Við erum oftast með tvö lið þar sem menn skipta leiknum á milli sín en þetta var ekki flóknara en það. Nú þurftu menn bara að spila heilan leik og það hafa flestir gert það áður," sagði Ólafur.

„Ég vissi að ég yrði að taka meiri áhættu og skjóta meira fyrir utan og það gekk. Þetta var bara snilld en ég viðurkenni að maður trúði þessu samt ekki fyrr en það var bara hálf mínúta eftir," sagði Ólafur að lokum. ooj@frettabladid.is

Manchester United varð Englandsmeistari í tíunda sinn á sextán árum:

Meistaralega skrifað fyrir Giggs

FÓTBOLTI Manchester United er Englandsmeistari annað árið í röð eftir 2-0 útisigur á Wigan. Sigur nægði United til þess að vinna titilinn þar sem liðið var með miklu hagstæðari markatölu en á endanum fór það ekki svo að titilinn ynnist í fyrsta sinn á markatölu því Chelsea gerði aðeins 1-1 jafntefli við Bolton.

Bolton gulltryggði sig með stiginu en Fulham kórónaði líka sinn ótrúlega endasprett með því að vinna Hermann Hreiðarsson og félaga í Portsmouth á útivelli og bjarga sér á kostnað Birmingham og Reading.

Cristiano Ronaldo kom Manchester-liðinu í 1-0 með sínu 41. marki á tímabilinu og það var síðan Rooney sem lagði upp seinna markið fyrir Ryan Giggs sem hann skoraði af mikilli yfirvegum.

„Þessi var erfiður. Hurð skall nokkrum sinnum nærri hælum og um leið og fór að rigna gat allt gerst. Síðan kemur okkar elsti maður inn á með níu meistaramedalíur og tryggir okkur sigurinn og sinn tíunda titil. Það var frábært. Það hefur verið mikill heiður að vinna með Ryan í tuttugu ár og hann á þetta svo sannarlega skilið," sagði Alex Ferguson, stjóri United.

MEISTARI Í 10. SINN Ryan Giggs tók við Englandsbikarnum í leikslok. NORDICPHOTOS/GETTY

Ryan Giggs jafnaði leikjamet Bobby Charlton og getur bætt það í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.

„Þetta var mikilvægt mark til þess að róa okkur niður. Ég hef sagt það áður að þessi met skipta mig ekki miklu máli heldur það að vinna titla. Ég vona að við getum unnið annan titil eftir tíu daga," sagði Ryan Giggs, sem fékk mikið hrós frá Bobby Charlton eftir leikinn. „Ef ég hefði getað valið einhvern til þess að bæta metið þá væri það hann. Hann er frábær persóna, frábær íþróttamaður og frábær fótboltamaður og enginn á þessi met meira skilin en hann," sagði Charlton, sem lék sína 758 leiki á árunum 1956 til 1973.

Grétar Rafn Steinsson átti mjög góðan leik fyrir Bolton, sem náði jöfnu á Stamford Bridge þökk sé marki frá Matthew Taylor í uppbótartíma. - óój

14

Frumsýnd 14. maí

Frumsýnd 7. maí

FÓR BEINT Á TOPPINN Í BANDARÍKJUNUM

PROM NIGHT

NÓTT DAUÐANS

9. HVER VINNUR!

Sendu SMS **JA PNV**
á númerið **1900**
Þú gætir unnið bíómiða!

Vinningar eru Bíómiðar fyrir tvo, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

FLOTTIR FRAMARAR Framarar fagna öðru marka Hjálmars Þórarinssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Þjálfari Fylkis eftir Framleikinn:

Til skammar

FÓTBOLTI Framarar sigldu beggja skauta byr í Árbænum og unnu öruggan 3-0 sigur á heimamönnum í fyrstu umferð Landsbankadeildar karla á laugardaginn.

„Við vorum svo sannarlega tilbúnir í þennan leik enda sást það best á því að við fengum tvö góð færi strax á fyrstu mínútunum. Við ætluðum okkur að vinna hér í dag enda kom það á daginn að við hreinlega löbbuðum yfir þá. Við hefðum átt að skora fleiri mörk og voru mjög þéttir fyrir í vörninni," sagði Reynir Leósson, fyrirliði Fram.

„Menn urðu sér til skammar. Það er ósköp einfalt," sagði Leifur Garðarsson, þjálfari Fylkis. „Leikmenn höfðu ekki áhuga á að verjast eða hafa boltann. Þetta er í engum takti við það sem ég hef séð til liðsins í vetur." **- esá**

5-3

Keflavík – Valur

Keflavíkurvöllur, áhorf.: 1920 — Kristinn Jakobsson (7)

1-0 Hans Mathiesen (1.)
2-0 Símun Samuelsen (5.)
3-0 Guðmundur Steinarss., víti (56.)
3-1 sjálfsmark (60.)
4-1 Guðmundur Steinarsson (61.)
5-1 Guðjón Árni Antoníusson (78.)
5-2 Hörður Ægir Vilhjálmsson (86.)
5-3 Bjarni Ólafur Eiríksson (89.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11–12 (8–8)
Varin skot	Ómar 5 – Kjartan 2
Horn	2–8
Aukaspyrnur fengnar	11–18
Rangstöður	2–3

KEFLAV. 4–4–2		VALUR 4–4–2	
Ómar Jóhannsson	7	Kjartan Sturluson	4
Guðjón Árni	7	Birkir Már Sævarsson	6
Kenneth Gustafsson	7	Gunnar Einarsson	4
Guðmundur Mete	7	(69. Guðm. Hafsteins 5)	
Nicolai Jörgensen	7	Atli Sveinn Þórarins	5
(80. Jón Gunnar	-)	Bjarni Ólafur Eiríks	6
Magnús Þorsteinss.	7	Daníel Hjaltason	5
(68. Hörður Sveins	7)	(46. Hafþór Ægir	6)
Hans Mathiesen	7	Baldur Bett	6
(53. Hólmar Örn	6)	Pálmi Rafn Pálmason	5
Hallgrímur Jónasson	7	Rene Carlsen	4
Símun Samuelsen	8	Guðm. Benediktsson	6
***Guðm. Steinars.**	**8**	Helgi Sigurðsson	5
Patrick Redo	6	(64. Albert Ingason	5)

**Maður leiksins*

Skrautlegur leikur hjá ÍA og Breiðablik á Akranesi í fyrstu umferðinni á laugardag:

Tíu Skagamenn náðu að jafna

FÓTBOLTI ÍA og Breiðablik skildu jöfn á Akranesi, 1-1, í fjörugum leik. Jafntefliskóngarnir hjá Breiðablik voru sterkari lengstum, fengu fjölda færa en nýttu ekki. Þeir urðu því að sætta sig við enn eitt jafnteflið en þeir gerðu níu í fyrra.

„Í sjálfu sér er jafntefli á Skaganum venjulega ásættanlegt en ég hefði viljað meira í dag miðað við hvernig þetta spilaðist. Við erum einnig manni fleiri og áttum að nýta það rétt eins og færin okkar góðu," sagði Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, sem reyndi að líta á björtu hliðarnar.

Guðjón Þórðarson, þjálfari ÍA, var ánægður með stigið en hans menn voru skelfilega slakir í fyrri hálfleik en allt annað var að sjá liðið í þeim seinni.

FYRSTA MARKIÐ Blikinn Prince Rajcomar skoraði fyrsta mark Íslandsmótsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EIRIKUR KRISTÓFERSSON

„Eins og leikurinn þróaðist þá held ég að við megum þakka fyrir stig hér í dag. Það var allt annað að sjá okkur í seinni hálfleik og það var ákveðinn karakter að koma til baka eftir að vera marki og manni undir," sagði Guðjón en hans menn nöldruðu mikið í Garðari Erni dómara og ljóst að grein í Fréttablaðinu með Garðari og Gillzenegger fór í taugarnar á Skagamönnum.

„Ég er ekkert hissa á því að menn hafi verið pirraðir út í Garðar. Hann er að fallast í faðma með stuðningsmanni Breiðabliks rétt fyrir leik. Ég held að menn geti ekki hagað sér svona ef þeir ætla að öðlast virðingu í sínu starfi," sagði Guðjón ókátur. **- hbg**

MAÐUR DAGSINS FH-ingurinn Tryggvi Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FH niðurlægði HK í fyrsta leik:

Tryggvi frábær

FÓTBOLTI FH niðurlægði heimamenn í HK á Kópavogsvelli í fyrstu umferð Landsbankadeildarinnar. Tryggvi Guðmundsson fór á kostum. Lagði upp þrjú og skoraði eitt í 0-4 sigri FH.

„Við vorum bara ekki tilbúnir og færðum FH allt of auðveldan sigur," sagði Gunnar Guðmundsson, þjálfari HK, eftir leikinn. Greinilegt var á leik FH að Heimir Guðjónsson ætlar sér ekki að breyta miklu frá því Ólafur Jóhannesson stýrði liðinu með góðum árangri.

Enginn lék þó betur en Tryggvi Guðmundsson, sem lagði upp þrjú mörk fyrir félaga sína og skoraði eitt sjálfur.

„Við einbeittum okkur að því að spila okkar leik og mér fannst við ná að láta boltann ganga vel á milli manna. HK-liðið komst aldrei í takt við leikinn og við hleyptum því aldrei að okkur. Nú er það okkar að byggja á þessu," sagði Tryggvi í leikslok." **- mh**

Meistararnir fengu skell

Keflavík vann Val í átta marka opnunarleik Landsbankadeildar karla. Íslandsmeistararnir hafa ekki tapað stærra í fyrsta leik í 39 ár.

FÓTBOLTI Titilvörn Vals í Landsbankadeild karla hófst ekki eins og vonir stóðu til. Valsmenn steinlágu gegn frískum og grimmum Keflvíkingum, 5-3, í frábærum leik í góðviðrinu í Keflavík.

Keflvíkingar fengu óskabyrjun og komust í 2-0 á fimm fyrstu mínútum leiksins með mörkum Hans Mathiesen og Símun Samuelsen.

Valsmenn voru engu að síður síst verri aðilinn í fyrri hálfleik auk þess sem liðið mætti ákveðið til leiks í síðari hálfleik. Valsmenn færðu sig framar á völlinn í upphafi síðari hálfleiks og það nýttu Keflvíkingar sér þegar Guðmundur Steinarsson skoraði þriðja markið úr vítaspyrnu á 56. mínútu sem kom upp úr skyndisókn.

Aðeins fjórum mínútum síðar minnkaði Valur muninn þegar Kenneth Gustafsson varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark. Aðeins mínútu síðar var munurinn aftur kominn í þrjú mörk þegar Guðmundur Steinarsson skoraði sitt annað mark og 12 mínútum fyrir leikslok skoraði Guðjón Antoníusson fimmta mark Keflavíkur. Þá slökuðu heimamenn á og Valsmenn náðu að minnka muninn í tvö mörk

Guðmundur Steinarsson, framherji Keflavíkur og maður leiksins, segir það gott að önnur lið hafi verið í sviðsljósinu fyrir tímabilið og Keflavík fengið að vinna sína vinnu í þægilegri fjarlægð frá fjölmiðlum.

„Þessi lið úti á landi vilja oft gleymast og það er bara fínt. Önnur lið sjá um að vera í fjölmiðlum en við ætlum að spila fótbolta á vellinum. Við ætlum að vera sterkir á okkar heimavelli og ætlum að hirða þrjú stig í hverjum leik. Við höfum æft grimmt í allan vetur og höfum stefnt að því að leika svona. Mér finnst liðsheildin í dag og í sumar vera betri en í fyrra. Við vorum kannski með sterkari og þekktari einstaklinga á pappírnum í fyrra en liðsheildin er sterkari núna."

BESTI MAÐUR VALLARINS Guðmundur Steinarsson átti mjög góðan leik gegn Val og skoraði tvö mörk.Hér er hann í baráttu við Rene Carlsen. VÍKURFRÉTTIR/ÞORGILS

Daginn fyrir fyrsta leik mótsins fengu Keflvíkingar mikinn liðsstyrk þegar Hólmar Örn Rúnarsson og Hörður Sveinsson gengu á ný til liðs við félagið.

„Þetta er eins og að vinna í lottóinu. Það er þvílíkt gaman að fá til baka tvo uppalda Keflvíkinga og sterka leikmenn sem þekkja allt hérna," sagði framherjinn knái í leikslok.

Willum Þór Þórsson, þjálfari Vals, vildi ekki meina að spennustig síns liðs hefði verið of hátt fyrir leikinn.

„Ég held að við höfum undirbúið þennan leik mjög vel. Við vorum svolítið slegnir út af laginu. Það er erfitt að vinna með svona forgjöf sem Keflvíkingar fengu fyrstu fimm mínúturnar aðallega fyrir okkar sofandahátt til baka. Það var að elta okkur allan leikinn. Ég er virkilega stoltur af mínu liði. Við börðumst allar níutíu mínúturnar alveg sama hvað á dundi og það var nú nóg af því. Það er auðvitað það sem við vinnum með áfram," sagði Willum, sem vildi að lokum hrósa Keflavíkurliðinu.

„Keflvíkingar unnu sanngjarnan sigur. Þeir komu mjög vel stemmdir til leiks og eru með feikilega gott lið, miklu betra en menn hafa almennt rætt um." **- gmi**

KR vann Grindavík 3-1:

Varamennirnir voru gulls ígildi

FÓTBOLTI Varamennirnir Guðmundur Pétursson og Ingimundur Níels Óskarsson tryggðu varkárum KR-ingum 3-1 sigur á Grindavík á laugardaginn eftir að Scott Ramsey hafði jafnaði leikinn með stórkostlegu marki.

Guðjón Baldvinsson kom KR á bragðið í sínum fyrsta úrvalsdeildarleik fyrir félagið og var besti maður liðsins en besti maður vallarsins var þó Ramsey, sem skapaði hvað eftir annað stórhættu með leikni sinni.

„Það fór um okkur þegar þeir jöfnuðu en eins og sönnum meisturum sæmir komum við til baka og unnum leikinn á síðustu mínútum," sagði Guðjón eftir leik og bætti við: „Ég hef ekki skorað í fyrsta leik síðan að ég byrjaði í fótbolta þannig að þetta gerist ekki betra."

„Við vorum að sýna það í 80 mínútur að við erum með spilandi lið og við erum ekki lið sem er að fara að falla. KR er ekki betra en við eins og þeir spiluðu í þessum leik," sagði Milan Stefán Jankovic, þjálfari Grindavíkur. **- óój**

1-1

ÍA – Breiðablik

Akranesvöllur, áhorf.: 1544 — Garðar Örn Hinriks. (6)

0-1 Prince Rajcomar (15.)
1-1 Stefán Þór Þórðarson (75.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6–19 (2–5)
Varin skot	Esber 3 – Casper 1
Horn	3–10
Aukaspyrnur fengnar	14–25
Rangstöður	2–3

ÍA 5–4–1		BREIÐAB. 4–4–2	
Esber Madsen	6	Casper Jacobsen	6
Árni Thor Guðmunds	6	Árni Kristinn	6
Dario Cingel	6	Srdjan Gasic	7
Heimir Einarsson	6	Nenad Petrovic	7
Jón Vilhelm Ákason	4	Arnór Aðalsteins	6
Igor Bilokapic	4	Jóhann Berg	6
(60. Guðjón Heiðar	4)	(73. Steinþór Þorst.	-)
Helgi Pétur Magnúss.	5	***Arnar Grétarsson**	**7**
(70. Andri Júlíuss.	4)	Olgeir Sigurgeirsson	5
Bjarni Guðjónsson	5	Nenad Zivanovic	6
Vjekosl. Svadumovic	5	Magnús Páll Gunn.	4
(84. Þórður Guðjóns	-)	(85. Kristinn Steind.	-)
Stefán Þór Þórðarson	5	Prince Rajcomar	7
Björn Bergmann	5	(77. Marel Baldvins	-)

**Maður leiksins*

3-1

KR – Grindavík

KR-völlur, áhorf.: 2089 — Einar Örn Daníelss. (8)

1-0 Guðjón Baldvinsson (63.)
1-1 Scott McKenna Ramsey (78.)
2-1 Guðmundur Pétursson (83.)
3-1 Ingimundur Óskarssson (89.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	16–10 (7–3)
Varin skot	Kristján 2 – Magnús 4
Horn	4–5
Aukaspyrnur fengnar	8–16
Rangstöður	1–2

KR 4–4–2		GRINDAV. 4–5–1	
Kristján Finnbogas.	6	Magnús Þormar	4
Eggert Rafn Einars	6	Sveinn Þór Steingr.	5
Grétar Sigurðarson	4	(88. Michael Jónsson	-)
Gunnlaugur Jónsson	4	Zoran Stamenic	6
Guðmundur Reynir	6	Marinko Skaricic	6
Gunnar Örn Jónsson	5	Ray Anthony Jónss.	5
(81. Ingimundur	-)	***Scott Ramsey**	**8**
Jónas Guðni Sævars	5	Jóhann Helgason	5
Viktor Bjarki Arnarss.	5	Orri Hjaltalín	6
Óskar Örn Hauksson	6	Eysteinn Hauksson	5
Guðjón Baldvinsson	7	Tomasz Stolpa	5
(90., Skúli Jón	¨-)	(87. Alexander Þór.	-)
Björgólfur Takefusa	3	Andri Steinn Birgiss.	4
(81. Guðm. Péturss.	-)		

**Maður leiksins*

0-4

HK – FH

Kópavogsvöllur, áhorf.: 1340 — Þóroddur Hjaltalín (7)

0-1 Atli Viðar Björnsson (15.)
0-2 Jónas Grani Garðarsson (22.)
0-3 Atli Guðnason (61.)
0-4 Tryggvi Guðmundsson (77.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	3–9 (1–5)
Varin skot	Gunnleifur 1 – Daði 1
Horn	6–9
Aukaspyrnur fengnar	10–9
Rangstöður	5–4

HK 4–3–3		FH 4–3–3	
Gunnleifur Gunnleifs	5	Daði Lárusson	6
Stefán Eggertsson	3	Guðmundur Sævars	7
Finnbogi Llorens	4	Tommy Nielsen	7
Hólmar Örn Eyjólfss	4	Freyr Bjarnason	7
Atli Valsson	4	Hjörtur Logi Valgarðs	7
Goran Brajkovic	4	Dennis Siim	8
Finnur Ólafsson	4	(78 Heimir Guðmunds)	
Almir Cosic	3	Davíð Þór Viðarsson	7
(70. Aaron Palomares)		Jónas Grani Garðars	8
Hörður Magnússon	4	(82. Matthías Vilhjálm)	
(72. Þorlákur Hilmars)		Atli Guðnason	8
Mitja Brulc	4	Atli Viðar Björnsson	8
Hermann Geir Þórs	4	(78. Arnar Gunnlaugs.)	
		***Tryggvi Guðm.**	**9**

**Maður leiksins*

0-3

Þróttur – Fjölnir

Valbjarnarvöllur, áhorf.: 769 — Magnús Þórisson (7)

0-1 Gunnar Már Guðmundsson (25.)
0-2 Pétur Georg Markan (61.)
0-3 Gunnar Már Guðmundsson (86.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	12–22 (5–13)
Varin skot	Bjarki Freyr 9 – Þórður 4
Horn	10–9
Aukaspyrnur fengnar	9–9
Rangstöður	2–2

ÞRÓTTUR 4–5–1		FJÖLNIR 4–3–3	
Bjarki Freyr Guðm.	7	Þórður Ingason	6
Hallur Hallsson	5	Gunnar Valur	6
(67., Haukur Páll	6)	Óli Stefán	7
Þórður Hreiðarsson	5	Kristján Hauksson	7
Michael Jackson	5	Magnús Ingi Einars	6
Eysteinn Pétur Lárus	5	Ásgeir Aron Ásgeirs	6
Carlos Bernal	6	Ágúst Gylfason	6
Dannis Danry	5	(67. Illugi Þór Gunn.	5)
Kirstján Ómar Björns	5	***Gunnar Már**	**8**
(67. Adolf Sveinss.	5)	Pétur Georg Markan	7
Rafn Andri Haralds	6	(70. Ómar Hákonars.	6)
Magnús Már Lúðvíks	5	Ólafur Páll Snorras.	7
(67. Ismael Silva	5)	(81. Davíð Þór Rún.	-)
Hjörtur Hjartarson	6	Tómas Leifsson	8

**Maður leiksins*

0-3

Fylkir – Fram

Fylkisvöllur, áhorf.: 1068 — Jóhannes Valgeirss. (7)

0-1 Jón Þorgrímur Stefánsson (14.)
0-2 Hjálmar Þórarinsson (47.)
0-3 Hjálmar Þórarinsson (60.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	8–13 (1–7)
Varin skot	Fjalar 3 – Hannes 1
Horn	5–7
Aukaspyrnur fengnar	9–12
Rangstöður	1–3

FYLKIR 4–4–2		FRAM 4–3–3	
Fjalar Þorgeirsson	7	Hannes Halldórsson	7
Guðni Rúnar Helgas	3	Daði Guðmundsson	7
Kristján Valdimars	4	Auðun Helgason	7
David Hannah	4	Reynir Leósson	7
Viðir Leifsson	4	(86. Jón Orri Ólafss.	-)
(66. Andrés Már	5)	Sam Tillen	8
Halldór Hilmisson	3	***Paul McShane**	**8**
(63. Valur Fannar	2)	Halldór Herman Jóns	7
Ólafur Stígsson	3	Heiðar Geir Júlíusson	7
(63. Haukur Ingi	4)	Ívar Björnsson	6
Ian Jeffs	7	(78. Óðinn Árnason	-)
Peter Gravesen	5	Hjálmar Þórarinsson	8
Allan Dyring	3	Jón Þorgrímur Stefáns	7
Jóhann Þórhallsson	4	(25. Ingvar Ólason	8)

**Maður leiksins*

DENON ÞAÐ BESTA Í HLJÓÐI OG MYND

Með Denon DVD-Home Entertainment System



DENON S-302

- Vandað og kraftmikið heimabíókerfi
- Surround hljóð úr 2 hátölurum og bassaboxi
- DVD/CD afspilun – AM/FM útvarp
- DVD/VCR uppskölun - kapall eða gervihnattamóttaka – 1080P HD
- Spilar tónlist af tölvum, iPod, CD diskum eða internet útvarpi
- Hægt að tengja við iPod
- Hátalarastandar fást sem aukahlutir

Network HDMI AL24 Processing Made for iPod DCD MP3

Einar Farestveit & Co.hf.

Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

dagskrá

> Daniel Radcliffe

Daniel Radcliffe varð heimsfrægur fyrir hlutverk sitt sem Harry Potter en fyrsta myndin var sýnd árið 2001. Hann hefur sagt að hann langi gjarnan til að eiga uglu eins og Harry. Fjórða myndin um galdrastrákinn verður sýnd á Stöð 2 Bíó í dag.

VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR UM ÚTSENDINGARFRAMFARIR

Háskerpa, lífshætta!

Bylting er yfirvofandi. Reyndar ekki stórtæk bylting þar sem hinn vinnandi maður kastar af sér hlekkjum auðvaldsins og berst til síðasta manns fyrir jafnræði og bærilegum lífskjörum, þó svo að slík bylting væri að sjálfsögðu afar ákjósanleg. Það er víst ekki; byltingin sem er fyrirséð er á sjónvarpskjörum heimsins í heild. Fram undan er öld háskerpusjónvarps sem gerir áhorfendum kleift að sjá ótrúlegustu smáatriði atburða sem gerast í öðrum heimsálfum eins og þeir séu að gerast inni í stofu. Bara í ennþá meiri háskerpu. Nærmynd af andliti leikara í sápuóperu inniheldur skyndilega fjöldann allan af bólum og hrukkum og öðrum lýtum sem birtast á skjánum í öllum sínum smáatriðum, áhorfendum til mismikillar ánægju. Það þarf vart að taka það fram að þetta er ný reynsla fyrir almúgann, sem hefur fram að þessu þurft að lifa með því að fólkið í sjónvarpinu sé fallegra og betur heppnaða en fólkið við sjónvarpið. Háskerpan gerir það að verkum að óuppdreginn lýðurinn þarf jafnt og fræga fólkið að sætta sig við skyndilega og óvænta jöfnun fegurðarstuðulsins. Ljóst er að slíkt ástand má einfaldlega ekki vera viðvarandi, en hvað er til ráða? Sjónvarpsfólkið virðist nýstigið upp úr leðjuslag ef reynt er að hylja andlit þess með farða; vilja þá flestir væntanlega fremur vera bólugrafnir. En óttist eigi, viðkvæmu sálir; tæknin hefur enda komið viðkvæmu fegurðarjafnvægi heimsins til bjargar nú þegar. Sagan segir að hægt sé að beita stafrænni tækni til þess að „loftbursta" allar ójöfnur úr útsendingunni jafnóðum, þannig að nú þurfa stjörnurnar ekki einu sinni að hafa fyrir því að þvo af sér kókómjólkurskeggið áður en þær mæta í myndverið. Enn á ný skákar sjónvarpsheimurinn þeim raunverulega! Hinn almenni borgari verður að láta sér nægja að druslast um heiminn, hrukkóttur og með matarleifar um allt andlit, og láta sig dreyma um líf í háskerpu.

EKKI MISSA AF

▶ **18.00 Are We There Yet?** STÖÐ 2 BÍÓ

▶ **18.40 Bristol City-Crystal Palace** STÖÐ 2 SPORT 2

▶ **20.10 Kid Nation** SKJÁREINN

▶ **21.05 Shark** STÖÐ 2

▶ **22.25 Njósnadeildin** SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
17.20 Táknmálsfréttir
17.30 Púkka (7:26)
18.00 Geirharður bojng bojng (19:26)
18.25 Undir ítalskri sól (3:6) Sænsk þáttaröð þar sem rithöfundurinn Bo Hagström fer um Ítalíu og kynnir sér matarmenninguna þar.
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
20.10 Veronica Mars (17:20) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem er slyngur spæjari.
20.55 Hönnunarkeppnin 2008
21.25 Viðtalið Bogi Ágústsson ræðir við Lisbeth Knudsen, forstjóra Det Berlingske hus, sem gefur út elsta dagblað Danmerkur Berlingske Tidende og er jafnframt aðalritstjóri blaðsins.
22.00 Tíufréttir
▶**22.25 Njósnadeildin** (5:10) (Spooks VI) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5 sem glímir meðal annars við skipulagða glæpastarfsemi og hryðjuverkamenn.
23.20 Íslandsmótið í fótbolta kvenna (1:20) Sýnt frá leikjum í efstu deild kvenna í fótbolta.
23.35 Sannleikurinn um Mariku (4:5)
00.20 Listahátíð í Reykjavík
00.50 Kastljós
00.55 Dagskrárlok

BÍÓ

06.00 Michel Vailant
08.00 Harry Potter and the Goblet of Fire
10.30 The Full Monty
12.00 Are We There Yet?
14.00 Harry Potter and the Goblet of Fire
16.30 The Full Monty
▶**18.00 Are We There Yet?** Sprenghlægileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna.
20.00 Michel Vailant
22.00 Invincible
00.00 North Country
02.05 Touching the Void
04.00 Invincible

STÖÐ 2

07.00 Tommi og Jenni
07.25 Hvolpurinn Scooby-Doo
07.45 Camp Lazlo
08.10 Oprah
08.50 Í fínu formi
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 La Fea Más Bella
10.10 Homefront
11.15 Standoff (15:18)
12.00 Hádegisfréttir
12.45 Neighbours (Nágrannar)
13.10 Corkscrewed (7:8)
13.35 The Perez Family
15.25 Sjáðu
15.55 Kringlukast
16.20 Shin Chan
16.40 Ginger segir frá
17.03 Sylvester and Tweety Mysterie
17.28 Bold and the Beautiful
17.53 Neighbours (Nágrannar)
18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður
18.30 Fréttir
18.55 Ísland í dag og íþróttir
19.30 The Simpsons (3:22)
19.55 Friends (14:24) (Vinir 7)
20.20 Hell´s Kitchen (8:11)
▶**21.05 Shark** (10:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur.
21.50 Kompás
22.25 60 minutes (60 mínútur)
23.10 Children of God: Lost and Found Í þessari heimildarmynd segir frá sértrúarsöfnuði sem gengur jafnan undir nafninu Fjölskyldan – en þrálátur orðrómur hefur verið á reiki um að þar grasseri alvarlegt kynferðisofbeldi í skjóli trúarinnar.
00.20 Medium (7:16)
01.05 ReGenesis (10:13)
01.55 Big Love (2:12)
02.45 The Perez Family (e)
04.35 Shark (10:16)
05.20 Fréttir og Ísland í dag
06.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SPORT *besta sætið*

16.35 World Supercross GP (Sam Boyd Stadium, Las Vegas, Nevada)
17.30 Inside Sport
17.55 Spænsku mörkin Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.
18.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu
19.10 F1: Við endamarkið Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.
19.50 Formula 3 (Croft) Sýnt frá Formúlu 3 kappakstrinum en þar eigum við Íslendingar tvo fulltrúa.
20.20 UEFA Cup (Getafe - Bayern München) Útsending frá leik Getafe og Bayern München í Evrópukeppni félagsliða.
22.30 PGA Tour 2008 - Hápunktar (Players Championship) Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA mótaröðinni í golfi.
23.25 Ultimate Blackjack Tour

SPORT 2 *enski boltinn*

15.55 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Bolton í lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar.
17.40 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.
18.10 Coca Cola mörkin Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.
▶**18.40 Bristol City - Crystal Palace** Bein útsending frá leik í umspili ensku 1. deildarinnar.
20.35 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
21.00 10 Bestu / Upphitun Hitað upp fyrir þættina „10 bestu" en Arnar Björnsson fær til sín góða gesti í myndver.
21.50 Ensku mörkin
22.45 Bristol City - Crystal Palace Útsending frá leik í umspili í ensku 1. deildinni.

SKJÁREINN

08.00 Rachael Ray (e)
08.45 Vörutorg
09.45 Óstöðvandi tónlist
16.20 Vörutorg
17.20 Everybody Hates Chris (e)
17.45 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
18.30 Jay Leno (e)
19.20 Psych (e)
▶**20.10 Kid Nation** (4:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem 40 krakkar á aldrinum 8 til 15 ára flytja inn í yfirgefinn bæ og stofna nýtt samfélag. Þar búa krakkarnir í 40 daga án afskipta fullorðinna. Trúarlegur ágreiningur veldur pirringi meðal landnemanna ungu þegar bæjarráðið mælir með að haldin verði ein helgistund fyrir öll trúarbrögð.
21.00 Innlit / útlit (13:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir. Ritstjóri þáttarins er Þórunn Högnadóttir.
21.50 Cane (11:13) Kraftmikil þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Fellibylur skellur á land og Alex og Frank lenda í kröppum dansi við ræningja á heimili Duque-fjölskyldunnar. Isabel festist í lyftu með listmálaranum og Artie er fastur í óveðrinu með Santo.
22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
23.30 C.S.I. (e)
00.20 Jericho (e)
01.10 C.S.I.
01.50 Vörutorg
02.50 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

Við stöndum upp úr í nýjustu könnun Capacent

Fréttablaðið er með 41% meiri lestur en 24 stundir og 93% meiri lestur en Morgunblaðið

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýjustu könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á höfuðborgarsvæðinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

Allt sem þú þarft... ...alla daga

Fitton/SÍA

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20

Hell's Kitchen

Sem fyrr fær Gordon Ramsay til sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu og þeir keppa einstaklega harða keppni um starf á glæsilegum veitingastað en líka hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramsay sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningshátt þeirra og grátbrosleg mistök í eldamennskunni. Það eru aðeins fimm keppendur eftir og nú keppa allir á móti öllum í að hrifa hundrað framhaldsskólanema með ljúfengum mat.

▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

Hönnunarkeppnin 2008

Sjónvarpið kl. 20.55

Hönnunarkeppnin er haldin árlega og var haldin í Háskólabíói hinn 1. febrúar í vetur. Þetta er í 17. sinn sem hún er haldin. Það er félag Véla- og iðnaðarverkfræðinema við Háskóla Íslands sem heldur keppnina. Umsjón með þættinum hefur Sigurður H. Richter.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.05 Morgunvaktin
06.40 Veðurfregnir
06.50 Bæn
08.00 Morgunfréttir
09.05 Okkar á milli
09.45 Morgunleikfimi
10.03 Veðurfregnir
10.13 Heima er best
11.03 Samfélagið í nærmynd
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
13.00 Vítt og breitt
14.03 Stef
15.03 Útvarpssagan: Lesarinn
15.30 Dr. RÚV
16.00 Síðdegisfréttir
16.10 Veðurfregnir
16.13 Hlaupanótan
17.03 Víðsjá
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Spegillinn
18.50 Dánarfregnir og auglýsingar
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.00 Leynifélagið
20.30 Hundur í útvarpssal
21.00 Í heyranda hljóði
22.07 Veðurfregnir
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Fimm fjórðu
00.07 Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

2 EXTRA

16.00 Hollyoaks Hágæða bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester. Serían er ein sú vinsælasta á Englandi þar sem hún hefur verið sýnd óslitið síðan 1995.
16.30 Hollyoaks
17.00 Seinfeld
17.30 Entourage
18.00 Comedy Inc.
18.30 American Dad
19.00 Hollyoaks
19.30 Hollyoaks
20.00 Seinfeld Stöð 2 Extra sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar.
20.30 Entourage
21.00 Comedy Inc. Sprenghlægilegur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
opin dagskrá
21.30 American Dad
22.00 American Idol
22.45 American Idol
23.30 Missing
00.15 Rock School
01.05 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

iNN

20.00 Hrafnaþing Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
21.00 Birkir Jón Umsjónarmaður er Birkir Jón Jónsson þingmaður. Hann veltir fyrir sér stjórnmálum líðandi stundar ásamt gesti sínum.
21.30 Ákveðin viðhorf Nemendur í blaða- og fréttamennsku við Háskóla Íslands taka fyrir ýmis mál sem brenna á samfélaginu. Ólafur Halldór Ólafsson fær þær Hildigunni Ólafsdóttur doktor í félagsfræði og Margréti Valdimarsdóttur félagsfræðing til sín til að fjalla um afbrot og ofbeldi.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr **10.10** TV Avisen **10.25** Aftenshowet **10.55** OBS **11.00** En amerikansk drøm **11.50** Søren Ryge præsenterer **12.20** Danskernes Krønike - Vores kærlighed **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Dawson's Creek **14.00** SPAM 2008 **14.30** Bernard **14.35** Svampebob Firkant **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Sporløs **18.30** Ønskehaven **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Katastrofealarm: London **21.35** Optaktsudsendelse til det Europæiske Melodi Grand Prix **22.20** Seinfeld **22.40** Smagsdommerne

NRK 1

7.55 Frokost-tv **10.00** NRK nyheter **10.10** Fantastiske fortellinger **10.40** Noen helt spesielle mødre **11.40** Faktor **12.10** Jessica Fletcher **13.00** Giro d'Italia direkte: 4. etappe **15.30** Oddasat - Nyheter på samisk **15.45** Historien om ... **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Postmann Pat **16.20** Eddy og bjørnen **16.30** Pablo, den lille rødreven **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Koht i familien **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Ubåtjakt langs norskekysten **20.20** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Jenta på kafeen **22.45** 4•4•2: Bakrommet: Fotballmagasin **23.15** Kulturnytt **23.25** Autofil jukeboks

SVT 1

10.00 Rapport **10.05** Debatt **11.05** Niklas mat **11.55** Vaxdockan **13.30** Andra Avenyn **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Big Words **15.30** Mega **16.00** Bolibompa **16.10** Evas pysselshow **16.20** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **16.30** En resa till Grönland **16.45** Seaside hotell **17.00** Bobster **17.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Andra Avenyn **18.30** Naturnollorna **19.00** Plus sommar **19.30** Wag the dog **21.05** Rapport **21.15** Kulturnyheterna **21.30** Brottet

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0763
Reykjavíkurborg
UMFERÐARSTOFA
EIMSKIP

MORGUNMATURINN

„Pau skipti sem ég næ að borða morgunmat er það yfirleitt hrökkbrauð með osti og ávaxtasafi. Annars er ég ekki nógu dugleg að borða morgunmat.“

Freyja Haraldsdóttir fyrirlesari og þroskaþjálfanemi

Guðmundur Steingríms kveður um svín

Þúsundþjalasmiðurinn Guðmundur Steingrímsson er í óða önn að leggja lokahönd á bók ásamt félaga sínum og teiknara Halldóri Baldurssyni. Ekki er um að ræða hárbeitta pólitíska orðræðu með skopmyndum eins og þeir vinirnir eru kannski hvað þekktastir fyrir heldur barnabók. „Hún er öll rímuð,“ segir Guðmundur og fer með stuttan texta úr bókinni „Maður þarf bara að eiga vinkonur og vini og veröldin mun ljóma öll í glaða sólskini.“ Bókin fjallar um svínið Pétur sem lifir lífinu lifandi, á hús sem heitir Setur, spilar á gítar og er bara rólyndissvín. En hann lendir síðan í fjandsamlegri yfirtöku þegar hin dýrin í bænum með Sigga snák fremstan í flokki vilja komast yfir húsið. „Svínið þvertekur hins vegar fyrir að láta húsið af hendi þrátt fyrir gylliboð og í kjölfarið hefst mikið sjónarspil,“ bætir rímnaskáldið við.

Guðmundur segir að hann hafi byrjað að semja skömmu fyrir áramót og þulan hafi hreinlega komið í einni hendingu. Hann vill þó ekki meina að hann né bókin séu undir miklum áhrifum frá Þórarni Eldjárn, sem hefur samið ófá kvæði fyrir börn. Hann sé miklu fremur innblásinn af verki Dr. Seuss, Köttinn með höttinn sem hefur verið á náttborði dóttur hans að undanförnu. „Maður gerir sér einhvern veginn betur grein fyrir því hversu miklu máli bækur skipta hjá börnunum þegar maður les eitthvað svona skemmtilegt fyrir þau.“

Guðmundur og Halldór ætla að gefa bókina út saman undir merkjum Spottforlagsins. Og skáldið ætlar að leggja land undir fót til að kynna hana. „Ætli maður þræði eki allar sumarhátíðir. Vonandi hafa hinir fullorðnu ekki síður gaman af henni.“ - fgg

GUÐMUNDUR OG SVÍNIÐ Guðmundur kveður rímur um svínið Pétur sem býr á Setri og öll hin dýrin í skóginum vilja eignast.

fríða
SKARTGRIPAHÖNNUÐUR
Strandgötu 43 | Hafnarfirði
Sími 565 5454

LÁRÉTT 2. eyja í asíu 6. org 8. málmur 9. pumpun 11. til dæmis 12. grastoppur 14. einkennis 16. í röð 17. klæði 18. dýrahljóð 20. gríska bókstafur 21. tilræði.
LÓÐRÉTT 1. eignir 3. bardagi 4. vitsmunamissir 5. á móti 7. ættbálkur spendýra 10. þokki 13. gifti 15. aðskilja 16. hrökk við 19. á fæti.

LÁRÉTT: 2. java, 6. óp, 8. tin, 9. sog, 11. td, 12. skegg, 14. adals, 16. bd, 17. fót, 18. ryt, 20. pí, 21. árás.
LÓÐRÉTT: 1. góss, 3. at, 4. vitglöp, 5. and, 7. pokadýr, 10. geð, 13. gat, 15. stía, 16. brá, 19. tá.

ÓLAFUR GUNNARSSON: BÍT-HÁTÍÐIN FÆRIR ÚT KVÍARNAR

Stjörnufans á íslenskri bít-hátíð næsta sumar

Kvikmyndaframleiðandinn Sigurjón Sighvatsson hefur í hyggju að taka upp heimildarmynd um íslenska beat-hátíð sem er fyrirhuguð á Eiðum í júní á næsta ári. Hugsanlegir gestir verða leikararnir Johnny Depp, Ethan Hawke og Mickey Rourke.

Rithöfundurinn Ólafur Gunnarsson hélt litla bít-hátíð á heimili sínu á dögunum sem heppnaðist með eindæmum vel og vonast hann til að hátíðin á Eiðum verði ennþá stærri og skemmtilegri. „Þegar skáldsagan On the Road (eftir Jack Kerouac) sem nefnist Á vegum úti varð fimmtug fékk ég boð frá Ameríku um að skrifa bút um það hvernig reynsla það hafi verið að þýða verkið. Ég gerði það og svo kom bókin út og þá komst ég í kynni við ritstjóra hennar, Ron Whitehead,“ segir Ólafur. Í framhaldinu spurði Ron Ólaf hvort hann vildi ekki halda bít-hátíð á heimili sínu. „Þegar ég nefndi þetta við Sigurjón þá greip hann strax hugmyndina og sagði: „Hvers vegna endurtökum við þetta ekki á Eiðum á næsta ári og þá með enn breiðari mannskap“,“ segir Ólafur.

Vonir standa til að Ethan Hawke komi á hátíðina og lesi jafnvel upp úr einni af skáldsögum sínum. Hann er þekktur fyrir leik sinn í myndum á borð við Before Sunrise, Training Day og Reality Bites. Einnig vonast Ron Whitehead til að kunningi sinn Johnny Depp láti sjá sig. „Hann ætlar að byrja að nefna það strax við Johnny hvort hann hefði áhuga að koma hingað,“ segir Ólafur og bætir því að einnig standi til að fá söngkonuna Patti Smith til landsins.

Sjálfur reyndi Ólafur að fá Mickey Rourke til að koma á bít-hátíðina á dögunum en hann var að leika í bíómynd á sama tíma. Vonast hann til að leikarinn kíki í heimsókn á Eiðar á næsta ári í staðinn en Rourke fór á kostum í myndinni Barfly sem er byggð á ævi bít-skáldsins Charles Bukowski.

„Þetta stefnir í skemmtilega hátíð. Það er talað um að hún standi jafnvel yfir í tvo sólarhringa og verði því ekki svona eins dags uppákoma eins og um daginn,“ segir Ólafur, sem vonar það allra besta.

freyr@frettabladid.is

ÓLAFUR GUNNARSSON Ólafur les upp úr bók á bít-hátíðinni á heimili sínu fyrir skömmu.

ETHAN HAWKE Hugsanlega mun Hawke lesa upp úr einni af bókum sínum á Eiðum.

JOHNNY DEPP Ron Whitehead vonast til að vinur sinn Johnny Depp kíki til Íslands næsta sumar.

MICKEY ROURKE Leikarinn snjalli komst ekki á beat-hátíð Ólafs en kemur hugsanlega á Eiðar næsta sumar.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kosning tímaritsins Föstudagur, sem fylgir Fréttablaðinu, um hverjar væru best klæddu og verst klæddu konurnar vakti mikla athygli. Enda voru listarnir mjög frábrugðnir þeim sem öllu jafnan prýða slíkar kosningar. Fréttavefurinn Vísir.is fór á stúfana og hafði meðal annars uppi á tískukóngínum **Heiðari snyrti** sem sagðist aldrei ætla að taka þátt í svona kosningu og fannst mörg ummælin bæði dónaleg og niðurlægjandi.

Mesta athygli vakti þó frétt Vísis um **Svövu Johansen** sem lét hafa eftir sér að hún væri mun ánægðari að vera á lista yfir verst klæddu konurnar. Þar væru að hennar mati flottari og glæsilegri konur en á listanum yfir best klæddu konurnar. Fréttin var lengi meðal mest lesnu frétta hjá vefnum en glöggir lesendur vefsins tóku þó eftir því að eftir nokkurra daga veru hafði hún breyst eilítið. Og Svava búin að draga í land því nú voru glæsilegar konur á báðum listunum.

Og eins og kom fram í Fréttablaðinu fyrir helgi þá er ferill **Anitu Briem** á mikilli uppleið í Hollywood. Reuters-fréttastofan í Los Angeles greindi frá því fyrir skömmu að Anita myndi snúa aftur í þriðju seríuna um Tudor-fjölskylduna. Íslenska leikkonan leikur Jane Seymour í annarri þáttaröðinni en verður að öllum líkindum mun fyrirferðarmeiri í þeirri þriðju enda þá eiginkona Hinriks VIII sjálfs.

- fgg

Svartir englar valda hræðslu

Mörgum vegfarendum á Laugaveginum brá heldur betur í brún fyrir skömmu þegar lögreglan handtók með offorsi unga konu, skellti henni í handjárn og stakk inn í lögreglubíl.

Síðar kom í ljós að um var að ræða atriði í sjónvarpsþáttaröðinni Svartir englar, sem er byggð á samnefndri bók Ævars Arnar Jósepssonar, en tökur á henni standa nú yfir í Reykjavík. Atriðið var tekið upp nokkrum sinnum, fyrst þannig að myndatökumenn hlupu með leikurunum. Önnur útgáfa þar sem myndavélarnar voru langt í burtu og sáust ekki, varð til þess að sumir vegfarendur urðu hræddir.

Óskar Jónasson er leikstjóri Svartra engla, sem verða sýndir í Ríkissjónvarpinu í haust. Með aðalhlutverk fara Sigurður Skúlason, Sólveig Arnarsdóttir, Steinn Ármann Magnússon og Davíð Guðbrandsson. Þau Sigurjón Kjartansson og Margrét Örnólfsdóttir skrifa handritið að þáttunum en bækurnar segja frá hópi rannsóknarlögreglumanna sem reyna að leysa glæpi í höfuðborg Reykjavíkur. Sigurður verður Stefán, Sólveig leikur Katrínu og þeir Steinn Ármann og Davíð verða í hlutverkum Guðna og Árna, persóna sem aðdáendur Ævars ættu að þekkja vel úr bókum hans.

SETT Í HANDJÁRN Mörgum brá í brún þegar atriðið fyrir Svarta engla var tekið upp á Laugaveginum.
FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

KOMDU OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!

MEÐ ÞIG Í HUGA

SLÁÐU Í GEGN MEÐ FLOTTUM LJÓSMYNDUM

OLYMPUS
Mju-770SW

- 7.1 Milljón pixlar
- Þolir fall úr 1.5 metra hæð
- Frostþolin (–10°C)
- Þolir 100 kg. þrýsting
- 3x aðdráttur í linsu

Verð: 38.900 kr

TILBOÐSVERÐ: 32.900 kr

Engin venjuleg myndavél.

VATNSHELD
HÖGGHELD

OLYMPUS
Mju-840

Ótrúlega mikið fyrir lítið.

- 8.0 Miljón pixlar
- 5x aðráttarlinsa (36-180mm)
- Innbyggð hristivörn
- Stór 6,9 cm (2,7") LCD skjár
- 20 innbyggðar stillingar
- Face Detection fyrir góðar andlitsmyndir
- ISO 64-1600 ljósnæmni
- Tekur video með hljóði
- Hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

Verð: 29.900 kr

TILBOÐSVERÐ: 25.900 kr

Magnaðar myndavélar á tilboðsverði!

OLYMPUS
FE-290

Glæsileg myndavél á einstöku verði.

- 7.1 milljón pixlar
- 4x aðráttarlinsa (28-112mm)
- Stór 7,6 cm (3") LCD skjár
- Sérlega einföld og þægileg í notkun
- 15 handhægar tökustillingar
- Nett málmhús
- Videoupptaka með hljóði
- Tekur xD minniskort
- Tekur nærmyndir (macro) allt niður að 5 cm fjarlægð
- Taska, þrífótur, hálsól, hleðslutæki og Lithium-Ion rafhlaða fylgja

Verð: 24.900 kr

TILBOÐSVERÐ: 19.900 kr

3ja ÁRA ÁBYRGÐ á öllum OLYMPUS myndavélum hjá ORMSSON

VELDU ÞÉR OLYMPUS

ORMSSON

ORMSSON **SÍÐUMÚLA 9** SÍMI 530 2800
ORMSSON **SMÁRALIND** SÍMI 530 2900
ORMSSON **KEFLAVÍK** SÍMI 421 1535
ORMSSON **MODEL-AKRANESI** SÍMI 431 3333
ORMSSON **ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI** SÍMI 456 4751
ORMSSON **AKUREYRI** SÍMI 461 5000
ORMSSON **BÓKABÚÐ-HÚSAVÍK** SÍMI 464 1515
ORMSSON **VÍK-EGILSSTÖÐUM** SÍMI 471 2038
ORMSSON **VÍK-NESKAUPSTAÐ** SÍMI 477 1900
ORMSSON **VÍK-REYÐARFIRÐI** SÍMI 474 1477
ORMSSON **ÁRVIRKINN-SELFOSSI** SÍMI 480 1160

KVIKA

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

Ilægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri

BAKÞANKAR
Karenar D. Kjartansdóttur

Þjóðarsálir

Sé eitthvað til í raun og veru sem heitir þjóðarsál, svona fyrir utan útvarpsþáttinn góðkunna, held ég að óhætt sé að segja að sú sál hafi verið nokkuð þjökuð að undanförnu. Fréttir ársins hafa aðallega snúist um gengislækkanir, hrun á fasteignamarkaðinum, árásir illra athafnamanna á íslenskt efnahagslíf, stöðu bankanna og úrræðaleysi Seðlabankans. Slíkar fréttir eru ekki bara slæmar heldur líka svo þungar og leiðinlegar að sál hvaða þjóðar sem er hlýtur að verða ögn niðurdregin við slík tíðindi.

KANNSKI tekur þetta okkur Íslendinga líka sérstaklega þungt þar sem margir hverjir voru farnir að halda að góðærið margrómaða myndi aldrei taka enda. Alltaf yrði gaman að nöldra yfir íslensku okri, segjast ekki eiga neinn pening aukreitis nema fyrir nauðþurftum og því neyðast til að fara til útlanda í verslunarferðir þar sem peningarnir virtust margfaldast vegna þess hve dásamlega hátt gengi var á krónunni gagnvart gjaldmiðlum barbaraþjóða.

UM helgina heimsótti ég vinafólk mitt á Bretlandseyjum og komst að því að bresku blöðin og þarlend þjóðarsál eru uppfull af hverdagslegum dapurleika svipuðum þeim og nú herjar á þá íslensku. Þau blöð sem ekki flytja aðeins stöðug tíðindi af holdafari og lýtaaðgerðum raunveruleikaþáttastjarna sögðu í hversdagsfréttum sínum frá því að skattar heimilanna hefðu hækkað firnamikið í tíð Verkamannaflokksins og að fasteignamarkaðurinn væri frosinn, auk þeirra daglegu heimstíðinda að innrásin í Írak hefði verið hið mesta bull og það sannaði sig nú enn betur en í gær.

GÓÐU fréttirnar á Bretlandseyjum voru þær að þar ríkir nú mikil sumarsæla. Sjálf gat ég synt í sjónum, leyft mér að sólbrenna, fundið baugana dofna og horft á gróður skrælna. Neikvæðar raddir segja að slík hamingja sé komin frá mengun mannanna og tilheyrandi loftslagsbreytingum en í tíð leiðinlegra frétta af peningamálum hefur maður ekki nennu til að velta umhverfisáhrifum fyrir sér. Hipparnir í Bandaríkjunum spruttu upp úr einni mestu efnahagslegu uppsveiflu sem þar hefur orðið og sáu því tilgang í því að mæla fyrir friði og sveia efnishyggju. Svipuð staða var uppi á Íslandi þegar Kárahnjúkastífla var í smíðum en í þeirri tíð sem nú ríkir er það skásta í stöðunni að tala um veðrið og þá er betra að hafa veðrið gott.



GÓÐAN DAG!

Í dag er þriðjudagurinn 13. maí, 134. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	4.18	13.24	22.32
Akureyri	3.45	13.09	22.35

Heimild: Almanak Háskólans

www.volkswagen.is

Hafðu útlitið með þér í sumar.

Verð á mánuði aðeins
28.790 kr.
Miðað við gengistryggðan bílasamning til 84 mánaða og 30% innborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 9,78%.

Verð áður
~~2.800.000 kr.~~
Verð nú
2.540.000 kr.

Fáðu þér Golf United á lægra verði
United er sérstök viðhafnarútgáfa af Golf. Þessi best búna útgafa af þessum klassíska bíl lítur alveg sérstaklega vel út. 16" álfelgur, topplúga, samlitur, hiti í sætum, ESP stöðugleikastýring, sportáklæði á sætum, leður á stýri, leður á handbremsu og leður á gírstöng. Komdu og fáðu þér Golf United fyrir sumarið.

Das Auto.

Fíton/SÍA

Volkswagen – kolefnisjafnaður útblástur

Allt að 17% verðlækkun á nýjum bílum
Laugavegi 172-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt
HEKLA